Íslands Árbækur

í sögu-formi.

Af

Jóni Espólin,

fyrrum Sýslumanni í Skagafjardar Sýslu.

X. Deild.

Kaupmannahöfn, 1843.

Prentud á kostnad ens *íslenzka Bókmentafèlags*
hjá Bokþrykkjara *S. L. Möller.*

I Kap. Ýmisligt er vidbar þá þessi frásögn hefst.

Á þeim vetri er meistari Jón Árnason Skálholts biskup andadist 1743.
týndust fjögr skip á Nesjum sydra, ok á 17 menn, hinn fyrsta dag Martíí; þann dag hinn sama rak 18 hundrud af brimrotudum fiski á Eyrarbakka. þá kom út um sumarit konúngsbrèf um yfirheyrslu skólagenginna manna, ok Latínu skólana, en annad um þat, at embættismenn skyldu gefa til kynna þat, sem þeir vissu um stiptanir, gjafir ok þar at hnígandi skjöl fyrir kyrkjur, hospitöl, klaustur ok skóla; hid þridja var útgefit, en kom ei þá út, um innköllun bóta ok svo embættabrèf þeirra manna, er enn mun sagt verda. þat hafdi ordit tídt um þórd prest hinn vestfirzka á Grenjadarstad, at hann hafdi fundizt daudr, trodinn upp undir rúm sitt sem þrengst mátti verda, svo med ólíkindum, þó hann væri lítill vexti, ok var þat eignat fjölkýngi, ok hafdir þeir menn fyrir, er í ómun þóttu vid hann, en ei fór þat upp; hafdi þá fengit stadinn fyrir einum vetri Björn prófastr Magnússon frá Bergstödum, Bjarnarsonar, Pálssonar, Gudbrandssonar biskups. Bar þat nú ok til, at druknadi í lendíngu undir Eyafjöllum Jón þórdarson landþíngsskrifari, er settr hafdi verit fyrir Rángárvallasýslu ok skipverjar hans med hönum, þeir höfdu komit úr Vestmannaeyum; fèkk þá sýsluna med konúngsbrèfi þorsteinn Magnússon, bródir Bjarnar prófasts, ok vard sídan med hinum fremstu sýslumönnum; hafdi hann fyrstr Íslendínga attestazíu í lögfrædi. Stephán, son þorleifs prófasts Skaptasonar, vígdist kapellán

til Presthóla; þá hèlt Jón prestr, son Teits prests Pálssonar á Eyri, Otrardal fyrir þremr vetrum, ok tók hann nú prófastsdæmi á Bardaströnd; enginn gjördist biskup, ok olli þat því, at Harboe hafdi biskupssýslu ok umsjá yfir allt land: en hann kaus Stephán prest Einarsson í Laufási til Hóla; Stephán prestr afsakadi sig, kvadst ei heilsu til hafa; en Finnr prófastr Jónsson var officíalis í Skálholts umdæmi. Ormr Dadason sýslumadr var á alþíngi, ok gjördi verk Bechers lögmanns um sumarit; kom Sveinn Sölvason Vícelögmadr til þíngs, ok vildi Ormr eigi víkja sæti. Jóhann Gottrúp sókti adfararmál á Bjarna Halldórsson sýslumann, ok sjálfdæmismál med þeim er kallad var; dæmdi Grímr Grímsson á Giljá í hèradi, ok stórsektir á Bjarna í þeim málum ok ödrum; kom kýrmál Bjarna fyrir á þíngi; átti ok Skúli mál vid hann, en er Bjarni kom, vafdi hann allt; Ormi þótti hann færa í tregdur, en Bjarni vildi ei hann dæmdi mál sín; þó med því, at amtmadr leyfdi hönum lögmanns sæti, dæmdi hann mál öll. Jóhann kærdi fast á Bjarna, ok vard hann fyrir sektum nokkrum ok svo Jóhann, en Jóhanni vird framgirni sum til vorkunar; stadfestist ok dómr Skúla um kýr-adtektina, en ónyttist dómr Gríms í móti Bjarna; settist þá Sveinn í lögmanns sæti medan Bjarni sóktist vid Orm um annad mál. Var Bjarna enn vikit frá embætti ok fór hann utan, en Grími var fyrir Húnavatns sýslu. Sunnivu-mál kom ok fyrir á þíngi: hún hafdi alit barn ok kennt Jóni bródur sínum í hèradi í Múlaþíngi, en nú neitti hann því, ok kvadst Sunniva hafa lýst hann af hrædslu vid Hans Wíum sýslumann, ok lýsti sýslumann nú; en fyrr hafdi hún getit barn vid Jóni ok verit í haldi hjá Wíum, ok voru þau systkin nú dæmd til dauda, en skotit þó til konúngs nádar, því þau voru úng, ok skyldu enn vera í haldi med Wíum. Fátídt var eptir þíngit, nema Bjarni fèkk sekt dæmda á hönd Jóhanni Gottrúp í hèradi um illyrdi,
1744. ádr hann fór utan. Gjördi sídan vetr gódan, nokkud íhlaupasaman er áleid; var ok afli sæmiligr sydra ok vestra, ok sást halastjarna.

II Kap. Upphaf Jóns Eyríkssonar.

Jón Eyríksson hèt úngr madr frá Skálafelli í Hornafirdi; hann hafdi verit at Hólmi med foreldrum sínum sídan; var Steinun módir hans

haldin vel ad sèr, ok dó hún þar, en Eyríkr hafdi farit ad Einholti til Sveins prests Halldórssonar, ok lifdi eigi lengi sídan. Jón hafdi verid nokkra stund med Vigfúsi presti Jónssyni, módurbródur sínum; hann fór til Stödvar til Högna prests, sonar Gudmundar prests Högnasonar at Hofi, ok adstodadi hann, ok mentadist Jón med hönum, er hann hafdi fengit Stödvar prestakall, en var á sumrum med foreldrum sínum. Er því hèr sagt mikit af æfi hans, at hann vard mjök merkiligr madr seinna; hann fèkk eigi inngaungu til ölmusu í Skálholti á dögum Jóns biskups Árnasonar, því biskup vildi láta gefa med skólasveinum fyrsta ár ok prófa þá, svo ei veittist ölmusa óverdugum, ok var þat af einrædi hans; en frændr Jóns hugdu hann verda mundu framamann; var biskupi sent brèf, en bedit eigi svarsins, ok Jón sendr í skólann seint á hausti, er hann var 14 vetra, ok ætlat ei mundi rækr gjörr svo seint á ári, en afsagnarbrèf biskups mætti hönum á leid, kvad ölmusur brottgefnar. Hafdi Jón þann vetr verit heima, en Jón prestr Þórdarson fèkk þá Einholt, ok vard lengstum í foreldrahúsum Jóns, ok studdi læríngu hans. Var þá hèr komit nær at Jón biskup var andadr, ok Jón tekinn í skólann; en þar var þá illr atbúnadr. Gjördi konúngr skólaskipun er Harboe kom út, ok bætti mikit um kost ok atbúd skólasveina; vard Jón á vegi fyrir Harboe, ok fannst hönum til hans, ok komst eptir háttum hans.

III Kap. Amtmanna skipti, ok frá málum.

Þann vetr í Janúarío andadist Joachim Henrich Lafrents, amtmadr ok Jústizrád; hann hafdi lengi verit gamall ok lasinn, ok aldrei hafdi þeim Jóni biskupi Árnasyni komit saman, helzt um köllun presta eda veitíngar brauda, er biskupi þótti oflítt til sinna umráda koma. Þá öndudust ok prestar nokkrir sídan: Benedikt Jónsson í Bjarnanesi, Benedikt Jakobsson í Fljótshlíd, son Jakobs Benediktssonar danska, er fyrr var á Stapa; hann fèll af baki er hann var á ferd og drógst í stigreipi, ok lèt líf sitt med harmkvælum; hann var fadir Jónasar prófasts á Höskuldsstödum; Árni prófastr Þorleifsson í Arnarbæli; hann fèll ok af baki, ok fannst daudr í keldu-farvegi; Helgi prestr Jónsson á Stad í Grindavík; Ísleifr prestr Pálsson í Nes-hrepp; hann var kalladr

madr andríkr; Skúli Mödruvalla prestr at Reistará, Illhugason, Jónssonar, Illhugasonar Hóla rádsmanns; hann var fadir Tómasar prests, er sídast var á Grenjadarstad. Konúngsbrèf kom út med skipum, um helgun hvíldardags ok katechisazión; annat, er aftók Jólanætr hald til tídagjörda, ok svo misseraskipta-helgar; þat þótti mönnum óþarfligt nýnæmi, ok fluttu margir prestar lengi eptir þat embætti á Jólanótt. Eitt var um konfirmazión barna; eitt brèf gjördi skírdag ok föstudaginn lánga at helgum dögum, ok samþyktist þarí ödru, er út var komit 14 árum ádr; leyfdi þó á þeim ok fleirum helgum dögum at róa til fiskjar í hallærum. Sveini Sölvasyni var þá bodit at standa fyrir lögmannsembætti Bechers, ok fèkk þorsteinn Pètrsson Víceprófastr Stadarbakka. Lasseníí Biblíu-kjarni kom út á prent þau misseri; hafdi hann lagt út Jón þorkelsson Rektor. Lodvík Harboe fór þá til Skálholts biskupsdæmis ok visiteradi Austfirdíngafjórdúng; var hönum bodit at nefna 2 biskupsefni til Hóla. þau misseri var Hannes prestr at Stadarbakka, son þorláks Gudbrandssonar, dæmdr frá prestskap fyrir ýmsa varmennsku, ok sókti málit Magnús Vídalín, son Páls lögmanns; skyldi Hannes gjalda 60 dali í málskostnad; komst hann þadan af í vesöld, ok tók Ormr prófastr Bjarnason hann til veru, en Hannes þakkadi ekki vel góda vist; bændr voru synir Hannesar. Sigurdr Sigurdarson hafdi verit kosinn landþíngsskrifari ok farit utan ok fengit þat embætti sem fyrr segir, ok þjónadi því fyrst á þessu sumri. Bjarni sýslumadr Halldórsson kom út um vorit; en er hann kom heim, kom madr til þíngeyra ok sagdi lát Orms Dadasonar; þat hafdi þá atborizt, hafdi Bjarna þótt hann sèr erfidr; hann mælti: þar fór gódr lagamadr, karl minn! þat var ordtak hans, en sá madr gisti um nótt; ok at morgni, er hann kvaddi Bjarna, gaf hann hönum krónu, ok þótti eigi venja hans vid hvern mann. Bjarni fór til grafar Lafrents amtmanns, ok stefndi hönum daudum; hann stefndi til þíngs málum sínum, ok fyrst atfararmálinu, er Ormr Dadason hafdi dæmt fyri tveimr árum; var stefnt Grími um fèsektir, er hann hafdi gjörvar Bjarna á Sveinsstadaþíngi. Jóhann Gottrúp bad um talsmann, en Bjarni heimti þá Grím sektada fyrir atferli, ok svo Jóhann um fjölmælis sakargiptir, ok hvorir sóktu adra; ónýtti Sveinn lögmadr dóm Gríms, ok rengdi málssókn Jóhanns í atfararmálinu, er hann hefdi ei framfylgt dómi, um nýa vird-

íngu á útlagi. Bjarni hafdi ok stefnt Grími í sjálfdæmismáli, er kallat var, um sakfelli á sik, 120 dali krónuverds fyrir gjördina, ok 50 í málskostnad; hafdi Bjarni skilit hèradsútlegd á Jóhann, ok var þat ónýtt gjört, ok fèsekt fyrir, en at ödru var gjördin álitin sem samníngr Jóhanns vid Bjarna, ok skyldi haldast, en ónýttr dómr Gríms, ok hönum dæmd fèsekt. Þá kærdi Bjarni dóm Gríms í sáttarofsmáli vid Jóhann, ok ónýttist hann einnin, med sömum afleidíngum, en svívirdíngar-ordum Jóhanns vid Bjarna var vísat til prófs í hèradi. Enn hafdi Bjarni mál þat fram í móti Jóhanni, er reikníngsmál var kallat, ok Grímr hafdi dæmt á Bjarna, ok ónýttist enn dómr Gríms, en málit skyldi opit. Jóhann hafdi mál fyrir vid Gudmund sýslumann Sigurdarson á Íngjaldshóli; hann hafdi vísat Jóhanni frá rètti, er hann vildi tala máli fyrir kaupmann nokkurn í Stykkishólmi hit fyrra haust, kallat hann lausgángara borgunarlausan; Bjarni gekk í þat móti Jóhanni, ok vannst þar ei at: þá sókti Bjarni Grím um dóm í skuldaheimtumáli til hans, er margir voru vafdir í, ok vard enn dómr Gríms ógyldr. Bjarni vann enn þat, at Jóhann dæmdist at hafa tapat máli vid hann, er hann kom ei vid upphrópun, ok sekr 5 aurum. Sídan stefndi Bjarni Jóhanni til Sveinsstada fyrir Grím um skammarorda-málit: kvad hann hafa borit sèr lýgi, fals ok fjölmæli; dæmdi Grímr málit hinn 5ta dag Septembris, ok gjördi lítit úr: skyldi Jóhann gjalda Bjarna 8 dali, 3 konúngi ok 30 álnir í málskostnad; þeim dómi stefndi Bjarni til næsta alþíngis. Þat haust, hinn 23dja dag Októbris, gaf konúngr þeim manni brèf fyrir amtmannsdæmi hèr er Kristján Píngèl hèt; hann hafdi verit Lieutenant ádr.

IV Kap. Árferdi ok brèf.

Vetr gjördi mikin med midjum þorra, ok svo strídan, at menn 1745.
þóttust ei vita dæmi til um jafnmikil frost; var fullt fyrir öllu Nordrlandi med hafísa, ok náliga lágu þeir kríngum land allt; var farinn Eyafjördr allr med klyfjada hesta, allt at Látrum út ok á Ólafsfjörd; komu birnir nokkrir, ok voru unnir. Afli var í medallagi, en vellir voru varla litkadir á Jónsmessu, ok vard grasbrestr mikill, ok traudt fór klaki úr jördu um sumarit. Þá týndust tvö skip undir Jökli, ok tvö

um sumarit í þíngeyarþíngi. þess var getit med tídindum, at um vorit um fardaga voru borin at Kerhóli í Eyafirdi meybörn tvö, samföst á brjóstunum, ok sem einn væri búkrinn allt ofan at nafla; hlutu þau skírn, ok köllut Gudrún bædi, ok lifdu fram til mids sumars. þá dóu prestar nokkrir: Jón Oddsson í Skrauthólum, ok þó fleiri. Píngel amtmadr kom út um vorit, ok Frú hans Margrèt; hún var 18 vetra; en konúngsbrèf voru útgefin: eitt um djákna á klaustrum, annat um únga, menn er í legords sakir falla ádr þeir eru konfirmeradir; eitt um lærimeistara, sem barna þær meyar, er þeim eru til kennslu fengnar; eitt um sakamála kostnad; eitt um auka-lögþíng, er lögmenn skulu halda í sakamálum.

V Kap. þíng ok mál.

Bjarni Halldórsson fèkk nú aptr sýslu sína, er hönum var frávikit um hríd, ok hafdi hann haft ærin sigr í málum sínum; þó var enn óklјád vitnisburdar-skjals-málit, er reis af kýrmálinu, ok skammarorda-mál Jóhanns Gottrúps vid hann; stefndi hann þeim málum til alþíngis um sumarit. Jóhann lèzt kránkr á öndverdu þíngi, ok beiddi amtmann talsmanns, en Bjarni gekk at med kappi; komu þeir fyrir dóm í vitnisburdar-málinu Grímr ok Jóhann; hafdi Grímr dæmt mál á Bjarna, en þorsteinn sýslumadr Magnússon var settr fyrir Jóhann, er hann mátti ei vid vera; dæmdi Sveinn Vícelögmadr at ei hefdi Jóhann fylgt fram lögþíngis-stefnu, ok skyldi hafa tapad sókn, ok ónýtr vard dómr Gríms. þareptir hóf Bjarni at kæra skammarorda-málit ok dóm Gríms í því; en Jóhann kvadst rángstefndr, ok ordin tölud af ángri sínu; þó var Jóhann þar dæmdr lygari ok fjölmælismadr, ok gjalda konúngi 4 merkr, en 8 Bjarna. Ýmislig voru þar mál önnur: var í einu fèsektadr Erlendr Ólafsson, sýslumadr í Ísafjardar sýslu, fyrir þjófsdóm, ok Einar Magnússon á Ströndum vard fyrir allmikilli fèsekt. Á því þíngi baud amtmadr sýslumönnum at láta hreppstjóra fèsekta þá menn, er lèti hunda fara til kyrkju, ok birt voru þar konúngsbrèfin þau, er ádr getr. Kammerbrèf kom eitt, er skipadi Pètr, son þorsteins Sigurdarsonar, sýslumanns í Múlaþíngi, til medhjálparmanns födur síns; en sídan vard Pètr med hinum fremstu sýslumönnum. Annarr son þorsteins var Sigurdr gullsmida-öldúngr í Kaupmannahöfn.

VI Kap. Utanfarir ok önnur tídindi.

Lodvík Harboe fór utan um sumarit vid ágætan ordstýr; fór med hönum Jón þorkelsson frá Njardvík; hann skrásetti ýmisligt um lærda menn Íslendínga, ok um fóstrjörd sína Gullbríngusýslu, ok enn ordbók, ok nokkut andligt. Jón Eyríksson, er fyrr getr, var allra manna skarpastr, svo at þat er mál manna, at hann hafi úngr numit allan Soranum at glósum til; hann var þá í Skálholts skóla; tók Harboe hann med sèr skólasvein úr Skálholti óbedinn ok í hús sitt, ok baudst at annast frama hans; lèt hann taka vitnisburd um nám sitt hjá Gísla Magnússyni skólameistara, er seinna vard biskup; fór hann utan med hönum á Hólms skipi frá Reykjavík, ok komu til Kaupmannahafnar öndverdt haust; fylgdi Jón biskupi sudr til Brúarakrs í Slesvík, er hann fór at hitta foreldra sína, ok naut góds af því. Harboe gjördist sídan biskup í þrándheimi; hann kom ok Sigurdi Vigfússyni skólameistara á framfæri, ok var hann látinn njóta afls síns sídan, er hann hafdi sýnt í Kaupmannahöfn, til þess er hann fèkk Dalasýslu eptir Orm. Harboe skrádi ok trúarbragdaskipta-sögu í landi hèr merkiliga, ok var seinast biskup í Sjálandi; en amtmadr skipadi þorleif prófast Skaptason til at standa fyrir Hóla biskupsdæmi. Ólafr prófastr Gíslason ætladi utan, at sækja biskupsvígslu til Skálholts; hafdi Harboe mælt med hönum, sakir kunnleiks ok þess, at hann var madr ljúflátr, en Halldór prófastr Brynjólfsson frá Stadarstad fór at vígjast til Hóla; brotnadi Eyrarbakka skip, svo Ólafr prófastr komst ekki, en Finnr, prófastr at Reykjaholti, Jónsson prófasts, Halldórssonar, stód fyrir biskupssýslu sydra. Vigfús prestr í Skálholti, Erlendsson frá Hvoli, góds manns, Jónssonar eldra, Vigfússonar, Gíslasonar, gjördist þá prófastr í Árnessþíngi; hann var sídan á Setbergi vestr, en þorlákr þórarinsson, þorlákssonar, þórarinssonar prests, Ólafsssonar, fèkk Mödruvallaklaustrs braud. Stuldir voru: hèt Árni madr einn, Grímsson undan Jökli; hann hafdi stolit stórum í Grundarfirdi, ok var dæmdr til kagstrýkíngar ok Brimarahólms, en ei nádist hann. Var ok í þennan tíma stolit úr Grundarfjardar kaupstadahúsum atfaranótt jóla. Sumir segja at á þeim misserum dæi Sigurdr sýslumadr Sigurdarson í Árnessþíngi, en adrir segja ári seinna, ok veit eg því ei hvort var síd á þessu edr

öndverdu hinu; er þess getit ádr at Brynjúlfr, son hans, var lögsagnari hans, ok er mælt Sigurdi hafi þótt hann ásvellr. Sigurdr var kránkr á hinum sídustu árum sínum, ok var um sjötugt er hann dó, ok um sömu mundir dó Helga, dóttir hans, á Hvanneyri af líkþrártegund; hana hafdi átta Hannes, son Vigfúsar Hannessonar, ok var þeirra son Erlendr prestr, er sídan var vestra, at Kvennabrekku ok í Gufudal. þá segja ok enn sumir, at Eyólfr prestr hinn lærdi á Völlum dæi, en Doktor Finnr telr þat einnin sked hafa á hinu sídara ári; hann hefir snúit Sekkendorfs sögu um Lutherska trú á Íslenzka túngu, ok Nýa Testamentinu af Grisku, einnin Theatro Historiæ Christiani Matthæi, ok hefir þat þó eigi komit medal almennings; einnin hafdi hann ritit nafnabók, ok ýmisligt annat smátt, ok fornfrædi mörg var med hendi hans.

VII Kap. Höfdíngjaskipti ok annat.

1746. Vetr hinn næsti var gódr fyrir nordan land, en hardr sydra, svo at margt fèll af hrossum ok kvikfjám; lítill var afli, en gæftir illar; týndist þá skip á Breidafirdi med 9 mönnum, annat á Hjallasandi med 7, þridja í Öræfum austr med 12, ok á því Eyríkr prestr Oddsson at Sandfelli. Einar Jónsson vard prófastr í nyrdra hlut Múlasýslu. Allmargir prestar dóu þá: Ketill Bjarnason á Eydum; Björn prófastr Jónsson Thorlacíus í Gördum á Álptanesi, er opt hefir verit getit; Lýdr prestr í Skardsþíngum, Magnússon frá Ábæ, Kortssonar, þormódssonar, Lýdssonar danska; hann var fadir Gudmundar, födur Lýds sýslumanns ok systkina hans, ok var þá gamall; þórhalli Magnússon á Borg; Jón Jónsson í Saurbæarþíngum. Einnin deydi Hans Becher lögmadr, í Brokey; var hann þar vid húsmennsku, en Sveinn Sölvason gjördist þá fullkomliga lögmadr nordanlands; hann bjó sídan at Múnkaþverá, ok átti Málmfrídi, dóttur Jóns í Grenivík sýslumanns; þeirra börn voru Jónar tveir, Íngigerdr, Íngibjörg, Gudrún, Karítas. Benedikt bóndi Jónsson í Hrappsey andadist þá, ok skorti tvo á nírædan. Konúngsbrèf komu mörg: eitt var um skriptastól ok altarisgaungu; annat um húsvitjanir; eitt um hospítöl ok reglu á þeim; en því voru svo mörg konúngsbrèf um andlig efni á dögum Kristjáns sjötta, at hann var trúmadr mikill; tóku þeir þat þá eptir er vildarmenn hans vildu vera, sumir af heilu,

en sumir af yfirvarpi. Eitt brèf var um húsagann á Íslandi, all-ágætt ok þarft, en eptir því hafa náliga engir lifat, enda hafa stórir meinbugir á verit. þar med hefir fjöldi laga ok konúngabrèfa, er tídkazt hafa í Danmörku þá ok sídan, ordit til nokkurs vandhæfis fyrir tilbreytínga sakir, þvíat því er hægast at fylgja fram vid lýdinn, sem vani kemst á. Eitt var um hjónaband, ok svo um lauslæti, ok um ofdrykkju andligra manna; um nýtt biblíu-upplag, ok kaup þess til kyrkna; eitt var reglugjörd fyrir skólana; eitt um stiptprófasta; eitt um okrsölu tóbaks ok brennivíns; eitt um aukaþíng í sakamannamálum; eitt um vogrek; eitt lèt eptir Hólabiskupi at prenta allar bækr er landinu væri gagn í; eitt var veitíng Jóhanns Gottrúps á æru hans, ok leyft var hönum at fá uppreisn á málum sínum, en hann þakkadi audmjúkliga, ok afbad þó ásamt; gjördist hann sídan allvesæll, ok eydt var þá þíngeyra-audi, en seinast fór hann vid vonarvöl. Eitt brèf var veitíng Brynjúlfs Sigurdarsonar fyrir Árness sýslu; hann bjó í Hjálmholti ok átti Íngibjörgu Einarsdóttur, Ísleifssonar, þórdarsonar, Erlendssonar á Sudr-Reykjum, ok gjördist audmadr; voru þeirra börn: Gudni, Einarar tveir, Íngibjörg, Helga, Gudrún, þórunn. Sigurdr, bródir hans, fèkk Helgu, dóttur Brynjúlfs Thorlacíus á Hlídarenda, þórdarsonar, ok átti þar margt afkvæmi. Brynjúlfr var settr rádamadr fyrir biskupsstólana, ok annar Skúli Magnússon á Ökrum, sýslumadr í Skagafirdi; var gjört álag eptir Stein biskup á Hólastól ok hans inventaríum 517 hundrud ok 70 álnir, bædi í jördum ok ödru; en ekki þótti biskupi, er sídan kom til, vel gjaldast út af Skúla er afhendt var. Mikin hafdi Skúli uppgáng í þann tíma. Halldór Brynjúlfsson hafdi verit utan um vetrinn, ok vígdr til Hóla-biskups á Maríumessu, undir eins ok Lodvík Harboe til þrándheims; kom hann út um sumarit, en fólk hans hafdi verit hèr ok bedit tilkomu hans nyrdra; þóttist hann fá minna í stólsálagit, enn hann ætladi, en þóra húsfrú hans ól barn á jólum eptir, ok var fátt tillagt, nema at eigi væri fullaldra; kendu þá sumir rádsmanni, ok vard um ordasveimr mikill, ok svo um vidreign þeirra Skúla allrasaman. þeir sýslumenn, Bjarni Halldórsson ok Gudni Sigurdarson, er út höfdu tekit stólinn, voru hönum fylgisamir bádir, því Gudni var vinr biskups, en Bjarni lítill vin Skúla, er afhendti, ok hafdi þó Skúli gjört þá íhaldna fyrir sína hönd;

en svo líkadi biskupi illa, at þeir hefdi hlíft Skúla, at þeir urdu at skila hönum aptr því er hann galdt þeim. Jón Eyríksson fór med Harboe til Þrándheims, ok var settr þar í skóla hjá þeim Rektor er Dass hèt, ok var hinn lærdasti. Gísli Magnússon prests, Markússonar, er verit hafdi skólameistari í Skálholti, fèkk aptr Stadarstad ok prófastsdæmi vestra, ok þótti þar allmerkiligr höfdíngi; byggdi þar ágætliga stad ok kyrkju; en Einar Jónsson heyrari tók aptr vid hans sýslu í Skálholti. Sigurdr Vigfússon fór til Dalasýslu er hann hafdi fengit hana, ok bjó í Stóraskógi; hann átti Karítas Gudmundardóttur, bródurdóttur húsfrúr Valgerdar, en börn þeirra mönnudust lítt. Þau misseri gaf svenskr madr út Snorra Eddu á Íslenzku ok Latínu. Á þíngi sókti Eyvindr Jónsson klaustrhaldari Bjarna Nikolásson, sýslumann í Skaptafellssýslu, um dóm einn, ok var Skúli Magnússon í málinu vegna Eyvindar; vard Bjarni sektadr um ólögliga frávísun vitna, en ödrum sakargiptum tapadi Eyvindr, ok vard fyrir útlátum. Skúli sókti þar Pètr Ovesen, kaupmann í Hofsós; höfdu bændr kært hann um mjöltunnu moldarblandna, ok vard þat upphaf deilu Skúla vid hörkramarafèlagit; vard ekki atgjört at því sinni. Skúli hafdi tekid skólasveina tvo fyrir stuld: Skapta Árnason prests, Skaptasonar, Jósephssonar, ok Illhuga Sigurdarson; vard Þorleifr prófastr Skaptason þess vís af nærgætni sinni, en hann var fóstri Skúla ok stjúpfadir; reid hann ákafliga nordan, ok gekk svo fast at Skúla, at hann sleppti þeim ádr dómr yrdi framkvæmdr, en sumir segja Magnús á Vídimýri, bródir Þorleifs prófasts, hafi beint at. Grasvöxtr var gódr um sumarit ok nýtíng; þá fór utan til háskóla Eggert, son Ólafs Gunnlaugssonar í Svefneyum. Á því sumri, hinn 6ta dag Ágústí mánadar, andadist Kristján konúngr, ok tók ríki Fridrikr sonr hans, hinn 5ti med því nafni; hann gjördi enda á Lagaverks-Kommissióninni um sinn utanlands, med því þar vannst ekki at. Fór þat, sem hèr í landi skyldi semjast, allmjög eptir hinu sem þar fór fram, því at launalitlir menn, ok margir saman, komu þar um engu áleidis, ok vard þá ei meira af þeim vidburdum.

VIII Kap. Mannalát.

1747. Annar vetr var hardr ok frostamikill fyrir sunnan ok vestan land, ok svo nyrdra; dóu 4 eda 5 úr vesöld á Akranesi, en þó batnadi med

sumarmálum. þá var prentud ein ritníngar útgáfa á Munadarleysíngjahúsi í Kaupmannahöfn. þann tíma deydi þórunn Bjarnardóttir frá Bustarfelli, ekkja Benedikts lögmanns; Runólfr prestr Runólfsson á Selbergi, er þar hafdi verit eitt ár, ok átt eina dóttur Sigurdar á Hvítárvöllum, vard um hann mjök skyndiliga; Torfi prófastr Halldórsson á Reynivöllum, födurbródir Finns prófasts í Reykholti, tók Einar prestr sonr hans þar vid stad eptir hann; Eyólfr prestr Bjarnarson á Snæfoksstödum, ok Gudmundr prestr at Kolfreyustad, Pálsson prófasts, Ámundasonar; þá kom til prófastsdóms í Nordr-Múlasýslu Hjörleifr prestr þórdarson á Valþjófsstad, en Sigurdr prestr Jónsson, Steingrímssonar, í Rángárþíngi. Jón Magnússon prests, Einarssonar ok Oddnýar, bródir Skúla, gjördist kyrkjuprestr á Hólum; hann var hóglyndr ok trúlyndr, ok mikilmenni af sjálfum sèr nokkut svo, á þann hátt, sem verit höfdu módurfrændr hans. Skúli hafdi fyrst komit hönum í Skálholt í læríngu, ok sídan hafdi hann farit utan, ok mjök á hans kost ok attesterad, sem kallat er, ok kyrkjuprestr vard hann af hans medalgaungu, ok fèkk þórunnar Hansdóttur Skevíngs frá Mödruvöllum. Skúli kom ok Einari, bródur sínum, til Midfjardarjarda lènis, ok hèldt þessi misseri brúdkaup Sigrídar systur sinnar á Ökrum, er hún gekk at eiga Jón prest Vídalín. Skúli lèt smída vefstóla ok rokka á Ökrum, ok fylgdi því fram fast. Gudmundr prestr Pálsson, er fyrr var getid, hafdi verit audigr at fè. þat bar til, at þorleifr prófastr Skaptason hafdi ridit nokkut, ok af sèr fylgdarmanninn; hann reid gódum hesti, ok var stundum vanr at setja hann á lítt fært; sagdi hann svo, er hann hafdi ridit veikan ís, ok er at því var talit, at vötn eda ár mundu ekki verda sèr at bana, en heldr veita nokkr lítil; hann fannst í bleytukýl einum, ok var þar örendr, en hestrinn stód á bakkanum; hann hafdi verit einna mest virdr af prestum nordanlands, en til þess hafdi hann talsgáfu, ok saung ok adrar gáfur, álit ok stórmennsku, ok opt hafdi hann þjónat at prestavígslum, auk þess er hann var stiptisprófastr. Jón prestr, sonr hans, fèkk Múla eptir hann, ok var stillíngarmadr mikill, en Stephán var prestr í Presthólum, ok prófastr í þíngeyarþíngi; hann var einna líkastr födur sínum at lærdómi, en þótti svakasamr; Ari var seinast prestr at Tjörn í Svarfadardal; Magnús hèt einn ok var bóndi. Magnús bródir þorleifs prófasts

bjó þá at Vídimýri ok lengi sídan; hann var búmadr mikill en lítill vitmadr; hans son var Sæmundr, er þar bjó sídan, ok var svakamadr hinn mesti, ok eyddi fè sínu.

IX Kap. Mál, biskupskoma ok annat.

Þá var aflaleysi mikit kríngum land, ok voru engir hlutir hærri enn hundrad; gekk sótt mannskæd fyrir sunnan, ok er mælt at dáit hafi 200 í Rángárþíngi, ok þar á medal 40 búendr; skip týndist med 6 mönnum í Ólafsfirdi. Þjófar þrír höfdu lagzt út, var einn Árni Grímsson úr Snæfells sýslu er fyrr getr, annar hèt Ívar; þeir voru teknir í hellir einum af bændum í Bárdardal, ok var Árni sídan í Skagafirdi í vardhaldi med Skúla sýslumanni; hann var knáligr madr ok vel at sèr um margt, þjódhagi ok skraddari; hann komst úr vardhaldinu, ok lèk mjök ord á at sýslumadr mundi ei hafa lagt alúd á at gæta hans; ætludu menn hann mundi hafa stadnæmzt fyrir austan í Múlaþíngi, ok nefnt sik Einar, ok sýndi hann aldrei af sèr vandrædi. Jón Erlendsson hafdi einn heitid, at sunnan; hann var í haldi med Kristjani Drese landfógeta; en fyrir því at hann var drykkjumadr mikill ok hirdulítill, ok lèt hann gánga lausan, þá strauk Jón frá hönum, ok var landfógetanum dæmt fyrir þá sök at bæta 60 lódum silfrs, en Jón stal, ok nádist sídan í Dalasýslu, ok var hengdr. Ívar var dæmdr ok sendr sídan á Brimarahólm med Eyafjardarskipi. Sveinn lögmadr dæmdi systkinum líflát fyrir barngetnad á þíngi; höfdu lögmenn látit sýslumenn gefa út rèttarstefnur af sinni hendi, hina helztu: Magnús lögmadr Þorstein, sýslumann í Rángárþíngi, en Sveinn Bjarna Halldórsson. Þann tíd var mál med Skúla sýslumanni ok Pètri kaupmanni Ovesen; þótti kaupmanni hann hafa gjört sèr hardleikit ok bar fyrir kauphöndlunar-fèlagit, ákærdi þat þá Skúla; fyrir því kom út konúngsbrèf á þessu sumri um, hve fara skyldi med höndlunarmál sídan; annat kom um kyrkna inventaríum ónaudsynligt, þridja um kyrkjubækr; en þó var eitt fyrst, er hljódadi um hollustu-eida til hins nýa konúngs. Ólafr Gíslason kom út, vígdr til biskups í Skálholti, ok hafdi þat framdregit hann fyrst til Oddastadar, at hann var framadr utanlands, en adrir óprófadir, enda var hann kalladr gódlátr ok ged

lempinn, en hafdi fylgi Harboes, ok því vard hann biskup, en hvorki var hann kalladr mikilmenni í atkvædum nè áliti; kom þó vel fyrir; hann átti Margretu Jakobsdóttur, prests frá Kálfafelli, Bjarnasonar; hún þótti skörúngr, ok voru þau foreldrar þorkels prófasts á Hólum ok Gísla prests á Breidabólstad vestr. Gudlaugr þorgeirsson gjördist þá prestr at Gördum á Álptanesi, ok prófastr í Kjalarnessþíngi. Eptirlátid var Ólafi sýslumanni Árnasyni á Bardaströnd at leita konúngsnádar fyrir systkinin, sem dæmd voru úr sýslu hans ok fyrr eru nefnd. Sókti Ólafr á þíngi þorstein Pálsson í Búdardal um skuldamál til Íslands höndlunarfèlags. þar áttu þeir enn mál saman Erlendr sýslumadr Ólafsson úr Ísafirdi ok Ólafr Jónsson á Eyri. þá var grasár í betra lagi, ok haust gódvidrasamt, en rigníngar spilltu þó heyum fyrir sunnan. Var nú hinn 13da dag Septembris, at konúngsbodi til stiptamtmanns Ochsen, land svarit Fridriki konúngi at Öxará, bædi af andligum ok veraldligum, sem sidr var til. Gjördi sídan med Jólaföstu hardvidri ok varadi til nýárs, ok týndist skip med 8 mönnum á Skaga. 1748.
þadanaf þidnadi, ok voru gódvidri stödug til einmánadar, svo menn þóttust ei muna slík svò laung; var hinn bezti vetr til sumarmála, en kólnadi sídan fram allt til fardaga; var lógat fè ok nautpeníngi sydra. Fiskafli var sydra ok vestra, en lítill fyrir nordan á því ári; týndist þá skip á Nesjum sudr, ok á því Árni prestr á Hvalsnesi med fleirum mönnum, hinn 5ta sunnudag í föstu, ödru grandadi fiskr á Flateyardal, ok fórst einn madr; tveir týndust vid Málmey. þá urdu ok úti 5 menn á Reykjaheidi nordr, á ferd, í hríd, ok var þar med Gudrún, dóttir Bjarnar á Bustarfelli; ok enn bar þat til, at druknadi Stephán prestr Ólafsson á Höskuldsstödum, á heimleid, í Laxá, ok voru þá börn hans enn allúng mörg.

X Kap. Tilburdir ýmsir, ok frá prestum.

Þorsteinn prestr Jónsson at Saurbæ í Eyafirdi hafdi tekit meinsemd nokkra fátída, fèkk bólu á öxlina, er mjök var sár ok verkjarfull, en Jón sýslumadr í Grenivík rèdi hönum at láta ei skera hana at heldr, þó kom svo, at hann leyfdi óvitrum manni at skera; kom hún sídan fram í munninum miklu verri enn ádr, ok leiddi hann med laungum

harmkvælum til bana; þá dó ok Ólafr prestr Eyríksson at Túngu í Steingrímsfirdi, ok Jón Hákonarson á Vatnshorni í Haukadal; hann var á tíunda tugi, edr 93gja ára. Í þann tíma bjó at Húki í Midfirdi Pètr bóndi Gudmundarson, þorsteinssonar, Gudmundarsonar, þórsteinssonar, Sighvatssonar, svo at hinn fyrri Gudmundr var bródir Jóns prests í Vestmannaeyum, er Tyrkir drápu; hans son var þorsteinn prestr at Stadarbakka, er þá var skipadr prófastr í Húnavatnsþíngi; því samþykktist eigi Halldór prestr Hallsson á Breidabólstad, en hann var stórlyndr ok gjarn á forna venju, kvadst engan flengíngamanns son hafa vilja at prófasti yfir sik; var þat efni þar til, at stúlka ein hafdi látizt hafa vitranir ok mæla vid engil, því henni var vikit, ok var einhverju sinni at engillinn baud henni, at láta flengja sik 300 vandarslög, en Pètr bóndi hafdi ordit til í einfeldni sinni ok gódri meiníngu, at veita henni þá þjónustu; þorsteinn prófastr fylgdi mjök at konúngsbodum um innleidslu Pontoppidans-spurnínga ok annara skipana Kristjáns konúngs 6ta, en Halldór prestr var hönum heldr enn ei mótfallinn sakir vanafesti, ok var þó merkismadr allmikill; gjördist þorsteinn prófastr gagnsmadr. Stephán prestr Einarsson tók prófastsdóm í þíngeyarþíngi, en Hallgrímr Eldjárnsson prests, Jónssonar, vígdist kapellán til Hrafnagils. Sæmundr prestr, son Magnúsar í Brædratúngu, Sigurdarsonar, hèldt Miklabæ ok prófastsdóm í Skagafirdi, ok med því hann hafdi verit sóknarprestr Skúla Magnússonar sýslumanns á Ökrum, hafdi þeim þótt sitt hvorjum, ok Skúli verit lítt gádr einhverju sinni, ok blakat hann í skriptastóli; vard mál af reist, en þó fyrir því at prófastr var fèþurfi, en Skúli þá ríkr ok audigr, ok rausnmadr mikill um allt er hann þarfnadist, vard þar lítid af. Sæmundr prófastr var fadir Magnúsar prests á þíngvelli, ok Odds, en Magnús prestr var fadir Gudmundar prests at Kálfatjörn, ok ætla ek at Sæmundr prófastr dæi nær þessum tíma. Skúli hafdi mjök eflt Jón bródur sinn til frama, sem fyrr segir, ok útvegat hönum kyrkjuprests embætti at Hólum, ok hafdi hann þó attesterad ádr; at því hafdi hann ok fylgt, at Jón prestr fèkk þórunnar, dóttur Hans Skevíngs á Mödruvöllum, Lárussonar, ok gjördist nú Jón prestr prófastr í Skagafirdi eptir Sæmund; hann hafdi ádr komit hinum hollenzku mönnum úr haldi frá Skúla ok í duggur, ok fèkk fyrir þat af þeim lof mikit, ok

optar tók hann í móti því er Skúli vildi fram hafa, því ef til handa kom var skjótt aflsmunr mikill. Þau misseri vígdist Jón Vidalín, son Jóns, Pálssonar lögmanns, til Ríps. Þá var Þórarni, syni Jóns í Grenivík, veitt Vadla sýsla, en hafdi verit lögsagnari födur síns í 10 ár, ok lèt hann nú af sýslu vid hann, ok hit sama sumar gipti hann Málmfrídi, dóttur sína, Sveini lögmanni; hafdi Jón sýslumadr þótt lagamadr gódr, vitr í gudfrædi, stilltr vel ok merkr í mörgu, en ei þóttu þeir fedgar allskaplíkir; var Þórarinn skarpr madr ok hvatlyndr. Kom þá út Ritníngin híngat, sú er prentud var á kostnad Munadarleysíngjahússins, einnig stadfestíng allra veraldligra embættamanna í embættum þeirra, ok enn konúngsbrèf um þat, at sýslumenn skyldu sektast um 60 lód silfrs fyrir ónýtt fángahald, ef þat reyndist, ok annat um ónaudsýnlig hús á prestagördum ok svo kúgildi. Þau misseri var þat, er Lodvík Harboe gjördist biskup í Sjálandi, ok fór Jón Eyríksson til Kaupmannahafnar med hönum, ok gekk háskólaveg ok kunni þá lítt Íslenzku; en er landsmenn hans brugdu hönum því, fèkk hann sèr adgaungu til fornfrædasafns Árna Magnússonar, ok lagdi hug á íslenzka túngu, ok fèkk sídan nám mikit í hverskonar vísindum.

XI Kap. Mál Skúla ok annat.

Á þíngi sókti Páll prestr Högnason Bjarna Nikolásson sýslumann, ok fèll mál á Bjarna; en Bjarni sýslumadr Halldórsson sókti mál Pètrs Ovesonar kaupmanns á hendr Skúla, fyrst um dóm Skúla í tunnumálinu hinnar moldarblendnu, er kaupmadr skyldi selt hafa; hafdi kaupmadr fengit uppreisn til at sækja þat, en Skúli heimti borgun, ok var því sök þeirri vísat frá, en kaupmadr skyldi gjalda Skúla fyrir þíngferd. Annari stefnu hafdi Bjarni stefnt Skúla um dóm hans yfir járni því, er Pètr Ovesen hefdi selt, ok Skúli sett nidr ok metid ógyldt. Hinni þridju um atför hans at höndlunarfèlags-fènu í Hofsós; var stadfestr járndómr Skúla, en atfararmálinu vísat frá at sinni, því löglig skilríki þóttu ei fram borin. Hinni fjórdu stefnu hafdi Bjarni stefnt Jóni Benediktssyni, sýslumanni í Rauduskridu, um dómaragjördir hans milli Skúla ok Pètrs Ovasonar í geldfjármáli, er kallat var; þar frelsadist kaupmadr frá málskostnadi, er Jón Benediktsson hafdi dæmdan; voru þessar sakir upphaf deilu

þeirrar hinnar miklu, er Skúli átti vid höndlunarfèlagit, en hann hafdi svo mikit fjármagn ok ríki, at lítt þurfti kaupmanna vid, sem margir embættamenn seinna. Önnur mál á þíngi voru ómerkiligri. Enn nú tók Pètr þorsteinsson lögsögn med födur sínum í Múlaþíngi, ok var vel at sèr, ok látinn sækja Sunnivumál á hendr Hans Wíum; vard sókn mikil, því Pètr var pennafær vel, en Hans hverjum manni tölugri.

XII Kap. Frá afkvæmi Stepháns prests; tjón.

Stephán prestr á Höskuldsstödum á Skagaströnd, er druknadi, son Ólafs prófasts Gudmundarsonar at Hrafnagili ok Önnu Stephánsdóttur, prófasts í Vallanesi, hafdi verit raddmadr gódr ok reidmadr, kennimadr at hætti, ok sæmiliga þokkadr, reglubundinn um suma hluti vid stundir; hann var hár medalmadr á vöxt, nokkut grannligr; hann hafdi fyrr átta Ragnheidi, dóttur Magnúsar at Espihóli, Bjarnarsonar, Pálssonar, ok Sigrídar Jónsdóttur biskups, Vigfússonar, ok var hún all-sköruglig, ok eigi lánglíf; þeirra börn voru sem til menníngar komust, ok nær frumvaxta sum í þennan tíma: Sigrídr ok Ólafr, Anna, Elín ok Sigrídr önnr; þau fæddust upp í ýmsum stödum, ok mönnudust öll vel, sem enn mun sagt verda; en sídan hafdi hann fengit Sigrídar Sigurdardóttur frá Geitaskardi, Einarssonar biskups, ok þótti þat eigi jafnt gjaford hinu fyrra; þeirra synir voru Sigurdr ok Oddr; lifdi Sigrídr lengi eptir Stephán prest. En vetr hinn næsti eptir andlát Stepháns prests ok þau tídindi önnr, er næst voru talin, settist at nordanlands med Michaelsmessu, hlánadi med Jólaföstu ok eigi lengi,
1749. ok gjördi sídan hinn mesta hardinda vetr, svo at hestar fèllu af húngri ok megurd vída um land, ok saudfènadi var lógat 20 eda 30 á bæ; var þat þó mest fyrir sunnan ok austan; þó getr eigi Doktor Hannes biskup þess vetrar sèrílagi, en þorsteinn prófastr Ketilsson víkr á, at þau ár hafi allhardt verit austr ok nordr; lètti nokkut ok hlánadi í fyrstu viku gói. Vída urdu menn þá úti í hrídum, ok skip fórust: eitt í Stadarsveit, annat vid Hellna, þridja undir Eyafjöllum, fjórda vid Drángey med 6 mönnum, fimta á Eyafirdi med jafnmörgum, ok tekr nú nokkut at skipta um tídina, frá því sem hafdi verit um hríd.

XIII Kap. Upphöf nokkurra manna.

Þennan vetr, er nú er frá sagt, var borinn Kristján, son Fridreks konúngs 5ta, er ríki hafdi sídan í Danmörku. Þá var vorvedrátta allgód á landi hèr, ok fiskafli vestra ok sydra, vard þó bædi grasbrestr ok nýttist illa sídan. Andadist þá Halldór prestr Pálsson á Breidabólstad í Fljótshlíd, en Eyvindr klaustrhaldari á Kyrkjubæ var dáinn ádr, ok druknadi í Eyafjardará; Gudmundr Bessason frá Múnkaþverá, skólagenginn madr, náfrændi húsfrúr Málmfrídar. Gunnari Pálssyni skólameistara var heitid af amtmanni Saurbæ í Eyafirdi, en þat vard þó ekki, þvíat Jóni presti Sigfússyni var veittr sá stadr utanlands. Gunnar var vellærdr madr, skáld ok fornfródr; þau voru mörg systkin, börn Páls prests Bjarnasonar, er sídast var at Upsum, ok Sigrídar Ásmundsdóttur, ok voru þeir brædr hugkvæmir ok skarpleiksmiklir, sem þeir áttu móderni til, en heldr litlir vexti, ok þó knáir, eptir faderni. Bjarni hèt bródir Gunnars, Benedikt ok Ásmundr, er frá verdr sagt; Kristín hèt ein systir þeirra, önnur Philippía, hún var gipt Hjálmari Erlendssyni, kynjudum úr Fljótum ok vel at sèr; þeirra börn voru: Erlendr ok Halldór, Páll, Kristín ok Hólmfrídr; Valgerdr hèt hin þridja, hún giptist seinna þorvardi presti í Saurbæ, Audunarsyni, Benediktssonar prests at Hesti; Björg, Solveig, þórunn, Kristín, Ásgerdr, hennar fèkk Magnús prestr at Höskuldsstödum, Pètrsson; Steinunn, hana átti sídar Bjarni prestr, son Pètrs á Kálfaströnd, Bjarnasonar prests, Ormssonar. Þá bjó í Svefneyum á Breidafirdi Ólafr bóndi Gunnlaugsson; hann átti Ragnhildi Sigurdardóttur, systur Gudmundar á Íngjaldshóli, en módir Ragnhildar var Gudrún Nikolásdóttir, prests í Flatey, Gudmundarsonar, Ólafssonar prests, Moldar-Brandssonar; módir Gudrúnar var Íngibjörg þórólfsdóttir undan Múla, Einarssonar, þorleifssonar, Jónssonar prests í Gufudal, þorleifssonar í þykkvaskógi, er nú er kalladr Stóriskógr. Ólafr var gódr bóndi ok gegn, gyldligr ok vel á sik kominn ok viti borinn; börn þeirra Ragnhildar voru: Eggert, Jónar tveir, Magnús, Rannveig; hennar fèkk sídar Björn prestr Halldórsson í Saudlauksdal; frömudust þeir brædr utanlands. Eggert var vel gáfadr madr, nokkud í hærra medallagi á vöxt, grannleitr ok grannligr at ödru enn herda vexti ok armlida, rèttvaxinn ok

fljótstígr dagliga, dökkhærdr nokkut, en hvítr á skegg, ennismikill ok hafdi ljósgulan díla yfir vinstra gagnauga, fagreygdr ok nokkut fasteygdr, lidr á nefi, hvöss kjálkabörd en stutt hakan, ok þó vel vid sik, hyggiligr í tilliti, brattgengr ok skídfær mjök vel, ok lèttvígr. Bjarni Pálsson, er fyrr var getid, gjördist snemma kunnugr Eggert, eigi var hann jafnskarpr sem Gunnar bródir hans, ok hafdi verit 11 vetr í skóla at Hólum, ok þóttu þeir Benedikt brædr nokkut smá-ódælir, en því voru þeir svo lengi, at lítt fór skólasveinum fram medan Sigurdr Vigfússon kenndi, blekktu þeir hann med ýmsum brögdum, svo hann vissi ei hvat þeim leid, en Gunnar skrifadi Bjarna út, bródur sinn. Sídan var Bjarni litla hríd at Höfda, samtídis Hjálmari Erlendssyni, mági sínum, er læknir var ok fjölhæfr, ok komst þar at lækníngabók Þorláks Markússonar í Gröf, ok lagdi sik eptir slíku, fór utan med Stepháni Bjarnarsyni, ok fèkk frömun góda; Bjarni var minni enn medalmadr á vöxt, grannleitr ok eigi frídr. Eggert skrásetti á þessum misserum um edlisháttu Íslands ok ástand í fyrri tíd, en Bjarni um söl. Sendr var þá út híngat madr sá, er hèt Niels Horrebow; hann skyldi afplána yfirsjón sína nokkura med veru sinni hèr; hafdi verit Assessor í hæsta rètti; hann sat laungum at Bessastödum, ok var vitr madr ok ritadi um land hèr ok þess háttu, lofadi hann mjök landsfólkit, svo at sumum hefir þótt vid of, en hratt því er Anderson, borgmeistari í Hamborg, hafdi ádr samsett ósannliga, eptir sögnum heimskra manna ok ókunnugra. Kom þá ok út yfirsetukvenna-frædi Buchvalds á íslenzka túngu, ok var sem margir hlutir vildu verda samfara til at hefja landit, en sýnt at þekkíng jókst ok menn tóku framar at kenna þat enn ádr, ok innlendir at leggja sik eptir fleiru enn fyrri.

XIV Kap. Frá ýmsu er vid bar.

Í þann tíma voru dæmdir frá prestskap: Þorlákr prestr Gudmundarson í Selárdal ok Loptr prestr Rafnkelsson at Krossi í Landeyum, en deydi Jón prestr Gudmundarson at Stad í Kinn; þá týndist skip í Landeyum med 16 mönnum, þeir höfdu komit úr Vestmannaeyum; annat á Gilsfirdi, þar var á Ari, son Teits Arasonar sýslumanns. Þrjár

konur urdu úti í Fellum í Ás-sókn, er þær fóru heim frá kyrkju, en fjórdu aldrada kól til skada; madr vard úti á Ströndum nordr, annar í Borgarfirdi, einn í Breiddal, tveir drukknudu eystra, ok einn hrapadi. Árni hèt madr, bjó á Brú á Jökulsdal, hálfgiptr; hann beitti fè sínu á Hrafnkelsdal, en menn ætludu þar á liggja meinvættir; var hann haldinn madr sterkr; en eittsinn fór hann í saudaleit á dalinn, ok kvadst mundi koma at kveldi aptr; kom hann ei, ok var farit at leita hans; þótti mönnum líkindi sjást til at hann hefdi elltr verit, ok fannst hann þó vid ána um daginn eptir, liggjandi á grúfu, ok votr upp yfir knè, en fötin rifin upp úr brókum hans, svo hann lá á berum kvidi, ok örendr; rifin voru klædi hans á barminum, ok svartbláir flekkir um öklalidu, en armleggir bádir úr axlarlidunum; sýndist nokkru ofar vid ána, í krapa, skammt þadan sem hann hittist, sem glímt mundi hafa verit, ok leyst upp grjót, en spor voru rakin þadan nokkut á leid til fjalls, ok þótti blód í, ok sem skridit hefdi verit á fjórum fótum, var mark eptir hina fremri fætr sem álptakló, en sem hrosshófar eptir hina eptri ok kló frammúr, ok er þetta sagt eptir þíngsvitni er tekid var; ætludu menn tröll, ok haft slíkan búnad, ok skridit eptir vidskiptin ok týnzt, þvíat sídan var bygdr dalrinn, er fyrr lá í eydi, ok vard engum meint. Þá kom út konúngsbod um lögþíngis stefnur, annat um refsíngu frekra mordíngja, hit þridja var stadfestíng máldaga Gísla biskups Jónssonar; eitt var enn um Jubilhátíd til þakklætis vid Gud, því þá hafdi Aldinborgarkyn rádit ríkjum á Nordrlöndum med gódri hamíngju um 300 vetra, sídan Kristján 1sti tók konúngdóm. Ekki þótti Kristján Drese landfógeti þá fær um at standa fyrir reikníngum fyrir drykkjuskapar sakir, skorti á fèhýrzlur þær, er hönum var til trúad, þrjár þúsundir ok 400 dala, en 15 hundrud voru í hirzlunum; var hann nú settr af embætti af amtmanni Pingel, en Gudni Sigurdarson, er verit hafdi sýslumadr í Kjósarsýslu þá um 6 vetr, var skipadr fyrir embættid; Þorsteinn, son Hákonar í Kyrkjuvogi, var settr fyrir Kjósar sýslu aptr; hann var födurbródir Hákonar Vilhjálmssonar; hèt Jón fadir Hákonar, son Árna Pálssonar prests, Jónssonar prests í Hrepphólum, Egilssonar, en módir hans var Margrèt, dóttir Dada prests Halldórssonar. Stephán Þorleifsson fèkk þá Presthóla.

XV Kap. Þíng ok annat; Skúli vard landfógeti.

Á alþíngi voru mál uppi, ok áttust þeir vid Bjarni Nikolásson ok Sigurdr Stephánsson, sýslumenn í Skaptafellsþíngi; þar voru ok dæmd til dauda Bjarni Jónsson ok Gudrídr Vigfúsdóttir úr Snæfellssýslu, fyrir barngetnad sín í medal; hún var kona bródur hans, en þau voru ásamt í stuldarmálinu, er stolid hafdi verit úr Grundarfjardarbúdum; þar var ok í med þeim Ormr Vigfússon, ok dæmdist hann á Brimarahólm. Bjarni Halldórsson sýslumadr var á þíngi, hann var ríkmenni mikit, ok hafdi átt um hríd í sókn vid Skúla Magnússon um kaupmannamál, ok fór heldr í skattyrdi; hann sókti nú Skúla um moldarblandstunnumálit, ok lagdi fram borgun þá er hann hafdi heimt, útgefna af Pilemark, er þá var kaupmadr í Hofsós; eigi vildi Skúli þó taka í móti henni, ok vard hún dæmd ógyld, ok höndlunarfèlagit skyldi gjalda kost ok tæríng. Annarri stefnu hafdi Bjarni stefnt hönum um atfararmálit, þar heimti Skúli borgun af hönum, ok at hann sýndi fullt umbod at sækja þat mál, ok enn fleira færdi hann í trega; ok ei átti Bjarni þá vid Jóhann, ok var því vísat frá. Skúli mæltist til, at sèr væri fengin landfógeta-sýsla, eda veik at því, at fást mundi íslenzkr madr, en enginn hafdi verit sá landfógeti ádr; þat er ok alsagt, at hann muni sókt hafa. Enn var Jón Jónsson úr Gullbríngusýslu dæmdr til Brimarahólms á þíngi; en um haustid til samrar refsíngar, af Þórarni sýslumanni í Eyafirdi, sá madr er Steinn hèt, Ólafsson, fyrir óknytti, leti ok ónytjúngsskap; hann gjördi sjónhverfíngar ok annann óþarfa, greip ok hlut af altarisbrík, en seinna kvæntist hann utanlands. Drese sat kyrr í landi, en ádr lauk árinu veitti konúngr Skúla Magnússyni sýslumanni landfógeta-sýslu; má marka hvern byr Skúli hafdi í þann tíma, er hann átti deilur vid samlenda menn konúnginum, ok þó agasamt stundum heima, ok fèkk jafnframt þat embætti, er enginn hafdi fyrr haft íslenzkra manna, ok hèldt því álengdar, ok hafdi í því svo mikin framgáng, sem enginn annarr hefir haft hèr, af eigi ædra standi, ok enginn annarr innlendr meiri, sem enn mun heyrast. Björn, sonr Markúsar Bergssonar, sýslumanns í Ísafirdi, fèkk aptr Hegraness sýslu. Um haustid var haldin fagnadar-hátídin um öll ríki Dana-konúngs hinn 28da dag Októbris mánadar, í þrjá daga, í minníngu þess, er ádr er getid um far-

sælu Aldinborgar-ættar, af Gudi gefna, munu ok fáar konúnga-ættir lánggædari samfellt; orkti þá Eggert Ólafsson drápu fornkvedna, í nafni Íslendínga, ok kalladi hit uppvaknada Ísland; ætlá ek eigi kvedit hafa verit kvædi med þeim hætti fyrri í marga mannsaldra, ok eigi sá ek slíkt því fyrnra af næstu aldar kvædum; lèt hann prenta þat, ok hjá latínska útleggíngu, ok æskti þar í heilla Fridriki konúngi ok öllu húsi hans, en sídar kvad Eggert mörg kvædi merkilig, ok med betra hætti enn verit hafdi um hríd; en sídan hafa margir gengit í ljódaferil hans, ok fárr komit sèr svo vid, þó verit hafi kalladir skáld gód; hefir suma brostid gáfu til, en suma kunnáttu.

XVI Kap. Um eitt æfintýr.

Vetrinn eptir var gódr til gói, en hardnadi þadan af til sumarmála. 1750.
Þá vard athlægiligr atburdr í Austfjördum, er ek vil fyrir þá sök í frásögn færa, at margir skilvísir menn hafa þar nokkut sagt af ok ritad látid eptir sik, þó enginn geti greint hverskyns prettr vid hafi verit hafdr, ok verd ek at herma sem ek hefi sèd skrásett af fleirum enn einum, med því nefndr var atburdrinn, hversu heimskligr sem þykir. Prestr sá bjó at Hjaltastad í Utmannasveit, er Jón hèt Oddsson; þar heyrdist rödd ein ámátlig um lángaföstu alla, ok mælti manns mál; hún var optast nálæg kerlíngu þeirri, er Ópía hèt, ok dóttur prestsins, ok mælti vid þær um ýmsa hluti, ok stundum glettíngar med keski; ekki sagdi hún fyrir óvordna hluti nema gestakomu, hvorki sást eda fannst þar heldr nokkut sem hún heyrdist, en þó var stundum kastad grjóti á menn, fèkk þó enginn mein af, en þytrinn heyrdist sem vindr á pappír, ok kom ekki vid til skemmda. Úngmenni sögdu sèr fyndist nokkut þar fyrir sem röddin var, sem köld ullarhrúga. Grímúlfr hèt prestr, ok kalladi sik jafnan Grím, ok svo er hann kalladr; hann var Bessason, hagordr vel, en keskinn ok klámkvædinn. Þeir Hans Wíum sýslumadr ok Grímr prestr fóru þángat fyrir forvitnis sakir er þeir spurdu tídindi af röddu þessari, ok þángat til er hún var, ok vildu fá tal af þeirri vætt, ok er þeir komu í hladit sáu þeir ekkert, en heyrdu röddina sem adrir, ok þótti hún all-nærri sèr; var þeim blótad ok talat til mörgum illum ordum. Grímr prestr baud þeim er

taladi at lesa fadirvor í módurmáli, ok þat gjördi hann tvisvar, en lèt jafnan nokkut eptir; þá mælti prestr: lestu rètt bölvadr! hann las þá rètt, ok mælti: ekki þarftu at bölva mèr, ek verd vid þat sem ek var í upphafi. Hvat varstu í upphafi? sagdi prestr; röddin mælti: ek var kalladr höggormr fyrst; hvad heitir þú nú? mælti prestr; hann svarar: djöfull ok andskoti. Hans Wíum sýslumadr mælti: viltu ekki glíma? ekki, segir hann, nema þú farir af fötunum; þá glími ek ei vid þik, sagdi Wíum. þá hafdi röddin klámrædur ok brígsli vid Wíum ok adra, ok fleygdi hurdinni af badstofunni, ok þótti þeim sem hann færi med henni, ok hvirfladi henni í lopt upp af midjum vegi; þeir spurdu hann at hvort Gud væri gódr? hann játti því; þeir spurdu hvort hann væri sannordr? hann kvad ei þurfa at efa eitt hans ord. En þeir menn er frá þessu hafa sagt ok mörgu fleiru, er ek tel eigi, voru svo merkir, at ei má rengja frásögnina, þó menn skilji ei orsökina, en þat voru þorsteinn sýslumadr Sigurdarson ok Pètr sýslumadr sonr hans; má ok ætla, at Hans Wíum hafi eigi allt logit, er hann hefir þarum ritid, en ek hefi sèd brèf hans til Halldórs biskups um þat. Nær páskum hvarf röddin, ok tel ek ekki þat er ek hefi heyrt af slíku fleiru í munnmælum, nema þat eitt, sem á vorum dögum er almælt ordit á Austrlandi, at drengr nokkurr hvimleidr hafi horfit litlu ádr enn röddin heyrdist af nálægum bæ, en sídan, er hana þraut, hafi hann aptr komit, ok ordit þá sjúkr, ok beidzt prestsfundar, ok sagt sik anda þennan verit hafa, ok þá krappast komin er þeir sýslumadr ok Grímr prestr lètu eittsinn sópa greipar eptir hönum í gaungunum, en komist þó þá á bita; sídan er sagt hann hafi dáit, en þess er ekki getid at hann hafi spurdr verit med hverjum hætti hann fèkk gjört sik ósýniligan, ok varla er þat skiljanligra enn at andi mætti mæla. þó er einna líkust gáta þeirra, er ætla verit hafa búktalanda einhvern, einkum fyrir því, at þó þat væri möguligt at andi fengi mælt þannig, þá er látbragd ok ord sum, er þessum er eignat, helzt til heimskligt til þess; en þó at þetta sè líkast til, þá vitu menn þó engin dæmi til þess á Íslandi. þeir Grímr prestr ok Hans Wíum áttust margt vid í eljaraglettíngum í ordum; kvad Wíum um födur hans:

Á Hrafnkelsstödum bóndi bjó, Bessi fyrr á dögum,
eldi bædi ok eitri spjó, eptir norsku lögum.

En Grímr sneri uppá Jens, födur sýslumanns, ok kvad:

Á Skridu klaustri valdsmann var Wíum fyrr á dögum,
med korda sínum kauda skar, contra norsku lögum.

þann vetr þóttust Austfirdíngar sjá orminn í Lagarfljóti koma upp í þremr hlykkjum, ok hvern hlykk sem skip sexært at lengd, en Eggert ok Bjarni hafa þess getid í ferdabók sinni, at slíkar ormasjónir í vötnum, er menn hafa vída þókzt sjá á landi hèr, ok svo sannordir ok margir saman, at ei má neita nokkut verit hafi, muni vera dampi nokkur, ok vitum vèr ekki hvad sannast er í því.

XVII Kap. Vidburdir þau misseri, ok umskipti.

Þennan tíma voru taldar 50 þúsundir manna ok 7 hundrud í landi hèr, ok fullfjölgad sídan stórubólu, en nú gjördi hin mestu hardindi manna á milli um vetrinn, ok lógndu margir peníngi til bjargar sèr. Gjördi vatnshríd mikla hinn 12ta dag Martíí mánadar, ok fylgdu snjóflód ok skridur, svo at margar jardir fengu tjón af, en sumstadar tók hús med fjám inni; fyllti þá med ís fyrir öllu Nordrlandi ok Vestrlandi. þá druknadi Eyríkr prestr þórdarson at Nesi í Reykjadal af byttu í Laxá, ætludu menn hann á sundi týnzt hafa, því hann kunni þat, ok allir voru þeir brædr hans syndir; hann var son þórdar prests í Hvammi í Hvamms-sveit, þórdarsonar, Finnssonar, Sigurdarsonar prests á Ökrum, Finnssonar; fèkk Vigfús prestr Sigurdarson, kapellán Bjarnar prests Magnússonar at Grenjadarstad, kallit, en druknadi um sumarit á hinni sömu byttu, ok í ánni sömu. Fleiri menn druknudu þá í vötnum; fór saudamadr frá Múnkaþverá ofan um ís í Eyafjardará med 50 sauda, ok annarr seinna týndist med sama hætti; tveir druknudu í Fnjóská, einn í Öxará í Ljósavatnsskardi, ok tveir í Skagafirdi. Illhugi Jónsson gjördist þá prófastr í Árnessþíngi. Komu nú út konúngsbref: eitt um aptans fyrirkall í sakamanna-málum, annat um uppheldis-peninga ekkna, eitt um þá er semja rángar ákærur, ok eitt um hjúskapar skilnad fyrir fjærvistir. þorvaldr prestr Stephánsson ýngri at Hofi andadist, son Stepháns prófasts Ólafssonar í Vallanesi, ok var þá gamall mjök; einnig Ólafr prestr Jónsson í Stóradal austr, Björn prestr Gottskálksson at Stad í Grindavík, Jón prestr Ólafsson at Kálfatjörn,

ok Gísli prestr Hannesson. Þá kom út Skúli Magnússon med landfógetadæmi, ok hafdi fengit Videy til ábylis, ok settist þar um vorit; en Björn Markússon kom út til Skagafjardarsýslu, ok hafdi fengit danskrar ekkju þeirrar, er Anna Glahn hèt; hún óttadist jafnan um, at hann lèti hana ekki einhlýta, ok var vanstilt í skapi, ok helzt um þá sök, en nokkut þótti tilhafit, ok fèll eigi vel á med þeim; Björn var gæflyndr madr ok lèttlyndr, medalmadr vexti, raudleitr í andliti; hann settist at Ökrum, þar Skúli bjó ádr. Kristján Drese fór þá utan, en Jón Hjaltalín lèt af Kjósar sýslu, ok tók vid Gudni Sigurdarson. Jón Hjaltalín átti Mettu Maríu Hansdóttur, býfógeta frá Jótlandi, ok margt afkvæmi; voru synir hans: Oddr, fadir Hans kaupmanns Hjaltalíns ok Jóns prests, ok þeirra systkina, Hans ok Páll, ok Niels lögrèttumadr. Urdu nú Stiptamtmannaskipti: Henrik Ochsen deydi, er Íslendíngar höfdu lítt af at segja, en tók vid Otto Manderúp, greifi af Rantzau, ágætr höfdíngi, ok þóttu þau skipti til góds. Þau misseri gjördist Jón Eyríksson Baccalaureus í heimspeki, en vildi ei meistara nafnbót; hann ætladi sèr at gjörast gudfrædismadr, en Bolle Willum Luxdorph, er þá var Jústizrád, sídan hinn mesti stórhöfdíngi, bad Lodvík Harboe biskup at fá sèr íslenzkan stúdent, er mætti læra sik á norræna túngu, ok vísadi hann hönum á Jón; hafdi hann sídan bord med hönum dagliga, medan hann var í Kaupmannahöfn. Meinamál voru á þíngi úr Snæfells sýslu: höfdu systur tvær lýstan födur at börnum sínum þann mann, er Einar Sveinsson hèt; hann þótti ei nóg prófadr, en var strokinn, ok dæmdist rètt-tækr, en þær urdu fríar vid meinasökina. Annarr madr hèt Sigurdr Einarsson; hann hafdi getid barn vid systurdóttur sinni Þórdísi; þau voru dæmd frá lífi, en sök þó skotid til konúngs. Gudmundr Pantaleonsson hèt madr úr Ísafjardarsýslu, ok Íngvildr Jónsdóttir, er til dauda voru dæmd fyrir slíka sök, ok skotid þó til konúngsnádar. Tveir þjófar af Bardaströnd voru dæmdir á Brimarahólm eda þrælkunarhús í Kaupmannahöfn. Þá var grasár í medallagi sydra ok vestra, en illt nordr um; var vætusamt ok snjóadi þar í hundadögum, ok nýttust illa hey, en batnadi vedrátt sídan. Kristján Píngel amtmadr fór utan þat sumar, ok hugdi at fá laun meiri, en Magnús Gíslason lögmadr var skipadr til at þjóna at amtmanns verkum; gjördist þá Björn Markússon Vícelögmadr. Þess er ádr getid, at Jón prófastr

Magnússon fèkk þórunnar, dóttur Hans Skevíngs á Mödruvöllum, Laurussonar ok Gudrúnar Vigfúsdóttur, ok var þat á þessu hausti, en þeir voru brædr þórunnar: Laurits, er deydi frumvaxta, David, Hannes ok Vigfús. Var þá gódr öndverdr vetr. þeir höfdu komit út á Vestmannaeya-skipi Eggert Ólafsson ok Bjarni Pálsson, ok höfdu fengit styrk til farar af gjafar-stiptun Árna Magnússonar, med fylgi Mölmanns, er þá var bókavördr konúngs, ok sídan sagnaritari hans, ok annad fleira; tóku þeir at kanna edlisháttu Íslands, grös ok steina, dýr ok jardartegundir; þeir skyldu ok safna fornum bókum, ok sjá sik fyrir um hverskonar frædi.

XVIII Kap. Ætt Benedikts lögmanns ok hans barna.

Í þann tíma var margt afkvæmi Bjarnar at Bustarfelli fyrir nordan land; Marteinn, son hans, bjó at Bustarfelli, hann átti Margrètu Egilsdóttur, prests at Kálfafelli ok Rannveigar Stephánsdóttur, prófasts í Vallanesi; þeirra börn voru: Egill ok Jón, ok Rannveig, er sídar átti Hannes Skevíng, Hansson frá Mödruvöllum. Gróa Bjarnardóttir átti Högna Eyríksson, lögrèttumanns hins stóra frá Búlandi, Bjarnasonar, Eyríkssonar; þeirra dóttir var Vilborg, er Benedikt prestr átti, son Árna í Krókum. Ragnheidi Bjarnardóttur átti Björn í Bödvarsdal, Ólafsson prests, Ásmundarsonar; þeirra börn voru: Ingibjörg, er þórdr átti Árnason, ok Björn. Jón, son Bjarnar, bjó at Eyrarlandi, hann átti Helgu, dóttur Magnúsar á Espihóli, Bjarnarsonar, Pálssonar; hún var sköruglig, ok margt barna; Björn ok Vigfús ok Magnús voru synir þeirra er til menníngar komust. Gudrúnu, dóttur Bjarnar, adra enn þá er úti vard á Reykjaheidi, átti Einar prestr á Skinnastödum Jónsson, Einarssonar prests, Nikolássonar, er lítt er at gódu getid nè hans kynsmanna, ok tímgadist þat ekki. þat var göfugast af ætt Bjarnar, er frá Benedikt lögmanni ok þórunni, dóttur Bjarnar, var komit, en þessi voru börn þeirra: Jón, Gudrún, Sigrídr, þorsteinn, Björn, Elin, Elízabeth, þó gekk þat flest nidr. Jón var fremstr barna Benedikts lögmanns, hann var þá sýslumadr í þíngeyarþíngi, ok bjó í Rauduskridu, ok átti Sigrídi Jónsdóttur prests, Sæmundarsonar, en börn engin; hann var mikill vexti ok þúngfær af holdum, svo at hestar

D

báru hann eigi lengi, stórleitr, hardeygdr, nefstór ok varaþykkr, þótti framar myndugr enn mannúdligr, ok nokkut hardr í hèradsstjórn, dugdi eigi at mæla í móti hönum, ok at öllu var hann hinn alvarligasti madr, ör ok stór í skapi, ok vinfastr vel, en ekki var hann mjök vinsæll alþýdu, skorti ok heldr búsæld. Sigrídr, systir hans, gat barn vid Jóni, syni þorgríms á Skjöldólfsstödum, Jónssonar, Gunnlaugssonar prests í Mödrudal, Sölvasonar prests, Gottskálkssonar frá Reykjum, Magnússonar frá Reykjum í Túngusveit, Bjarnarsonar; hún vildi at hann fengi sín, en Jón Benediktsson leyfdi þat ekki; hèt barnit Hallgrímr ok kalladr seinna Bachmann. þorsteinn Benediktsson bjó at Laxamýri, hann átti Hólmfrídi, dóttur Jóns prests Ketilssonar, ok börn mörg, voru þar med Jón, er prestr vard, ok Gudrún, er laungu sídar átti Sigurdr Snorrason. Björn Benediktsson var fadir Gudrúnar, er Jón átti, son Gríms á Giljá lögsagnara í Húnavatns-þíngi, Grímssonar. Elíni Benediktsdóttur átti Björn prestr Magnússon at Grenjadarstad, er opt er getid; þeirra börn voru: Vigfús, Magnús ok Einar, prestar. Elízabethu Benediktsdóttur átti Jón, son Árna í Bólstadahlíd, er bródir var Benedikts lögmanns, þorsteinssonar sýslumanns, Benediktssonar í Bólstadarhlíd, Bjarnarsonar frá Hofi, Magnússonar, Bjarnarsonar, Jónssonar biskups, Arasonar; en ekki var Björn prestr í Bólstadarhlíd sonur Elízabethar. Öll voru börn Benedikts lögmanns mikil vexti sem módurfrændr þeirra.

XIX Kap. Frá ýmsum ill-tídindum.

1751. Þann vetr, er ádr er getid, næstan því er þeir Eggert ok Bjarni fóru at kanna Ísland, eptir hann midjan, hardnadi vedrátt nordanlands; var þá daudt ádr meir enn 40 manna í hardrètti, á Lánganess-ströndum, í Fljótsdals hèradi utarliga, ok um Vopnafjörd, ok 40 bæir í audn, en nú gjördi kolfelli kríngum Lánganes, ok margir flosnudu upp; hófust hardindi mikil í landi; eyddist heil kyrkjusókn í Vopnafirdi, ok fènadr fèll fyrir nordan land. þat bar vid nóttu fyrir þorra, at brann bær at Hvítárvöllum í Borgarfirdi, at Sigurdar Jónssonar, er þar var fyrrum sýslumadr, ok er mælt at yrdi af tóbakspípu eldi; voru þau gömul bædi Sigurdr sýslumadr ok Óluf kona hans, en Páll, sonur þeirra, skólagenginn ok mannvænligr, bar þau út, fór hann sídan inn

aptr eptir fleiru, ok lètst þar ok 6 menn adrir. Þat eignadi hjátrú sumra manna óbænum Gudrídar Henriksdóttur, systur þeirra brædra Ólafs ok Sigurdar, er dáit höfdu hjá Sigurdi sýslumanni, en sumir, er enn voru óvitrari, ef á mætti gæda, eignudu þat draugi nokkrum í konu mynd, er sendr hefdi verit Sigurdi, ok var ei slík trú öll þrotin, en álfatrú var mjök þrotin, því fáir þóttust í þennan tíma gánga til þeirra í hóla eda steina. Sigurdr sýslumadr fór eptir brennuna vestr at Setbergi til frænda sinna; hafdi brunnit inni allmikit fè, en 7 menn komust af alls. Sigurdr sýslumadr átti son annan, Jón, er sídan var prestr at Hvammi í Nordrárdal; en dóttur hans eina átti Gudlaugr prestr, son Sveins prests vid Hellna, Gudlaugssonar ok Helgu Jónsdóttur, prests frá Stadarstad; tók Sveinn prestr Hvamm í Nordrárdal þessi misseri, ok lifdi þar árit, ok var næstr fyrir Jón prest Sigurdarson. Aflalítid var þá fyrir sunnan ok nordan, en allgott undir Jökli. Á þeim vetri myrdtu þrír menn í Eyafirdi: Bjarni Árnason, bródursonr Einars í Gröf, er nautid vard at bana, ok Jón ok Helgi Sigurdarsynir, dreng einn, bródur þeirra Jóns ok Helga; þeir medgengu ok voru dæmdir, ok höggnir sídan eptir dómi, ok dysjadir vid Klofasteina nedan hagan, ytst í Mödrufellshrauni; bjó þá Þórarinn sýslumadr Jónsson at Grund, þar strauk frá hönum þjófr, Sigurdr Gudmundarson, ok stal aptr á Svalbardsströnd, ok nádist þar; hann var dæmdr at Grítubakka, ok hengdr nidr vid sjóinn á Ströndinni.

XX Kap. Hèr hefr vidburdi Fridreks konúngs 5ta.

Fridrekr konúngr hinn fimti tók sèr þat fyrir at rètta vid Ísland, ok lagdi þar á mikla stund; en óhægdir ok hardindi þau, er þá fóru í hönd, ollu því, at midr vard ágengt enn hann vildi, ok enn óvilji landsmanna vid allar nýar tilskipanir, ok þar med óhöpp, er fældu menn frá, en allramest samheldisleysi, ok eigingirni sumra þeirra manna er konúngr trúdi fyrir miklum peníngum. Þeim Eggert Ólafssyni ok Bjarna Pálssyni hafdi konúngr at eins umbodit at fara út híngat, ok safna því öllu er ádr er ord á gjört, ok var fyrir því Eggert ei í þeim umdæmum at hann mætti miklu orka, en heilhugi var hann vid landit. Komu þeir Bjarni eigi út þetta sumar. Konúngsbrèf komu út um

lögdag, ok þíngvíti á lögþíngi; um kyrkjujardir nær seldar eru; um tóbaks verkstad; rekstr sakamanna mála, ok at hýddir menn ok markadir dæmist í þrælkun. Þórarinn sýslumadr á Grund fèkk eitt brèf fyrir sýslunni, ok annat Pètr Þorsteinsson fyrir Múlaþíngi, því Þorsteinn fadir hans lèt þar af sýslu. Var ok Þórarni umbodit at gjöra skodun á Hólastól, sídan er Skúli Magnússon hafdi vid skilit, en Bjarni Halldórsson ok Gudni Sigurdarson sýslumenn höfdu þá tekit út. Píngel amtmadr kom út ok frú hans, ok hafdi hann eigi fengit þat er hann hafdi eptir leitad. Kammerit ritadi þat enn út híngad, at Hans Wíum sýslumanni skyldi verda vikit frá embætti, til þess er rekit yrdi barngetnadar-mál Sunnivu; skyldu þeir vera kommissaríí yfir hönum: Björn Markússon Vícelögmadr ok Þórarinn sýslumadr. Þýzkr madr kom út af konúngs hendi, er gjöra skyldi ýmisligan klædavarnad, þar hafdi konúngr lagt til 400 dali; hann kom med verksmidju sína, ok settist at á Leirá med Magnúsi lögmanni Gíslasyni; bodit var hverjum at leggja til klædasmidjunnar sem vildi. Annar norrænn akryrkjumadr kom út, er konúngr hafdi gefit 100 dali til at koma hèr á akryrkju; hann settist at í Skagafirdi med Birni Vícelögmanni, ok reyndi lítt til, vard hönum ok ei ágengt. Slík var hin fyrsta byrjun, en Fridrekr konúngr hèldt því sídan fast fram, svo at ætlandi er at enginn konúngr muni jafnmikin hug lagt hafa á velfarnan lands þessa, ok hafa þó margir mikin álagt.

XXI Kap. Annat er til bar.

Undir Messudagana lagdi út skip eitt úr Helgafellssveit, er á voru vinnumenn þrír frá Helgafelli, ok svo formadrinn; hann hèt Rafn, ok var vanr at segja, at aldrei lèti Gud þann vind koma, at stórskipum væri ei fært, en nú fór hann á hinu stærsta skipi í svo hægum vindi, at öllum bátum var fært; fór einn madrinn naudugr, því hann vildi aldrei samþykkjast ofhledslu hans, sá hèt Hákon, frændi ok fóstrsonr Snorra prófasts; þeim barst mjök á, ok mest fyrir ofhledslu, svo ausa vard, ok er Hákon var uppgefinn at ausa, ok svo formadrinn, því hann dugdi eigi betr, settist Hákon undir stjórn, en sídan sökk ok hvolfdi, týndist formadrinn, en hásetar nádu tveir í skipit, ok sleit

frá aptr, ok drukknudu. Hákon komst á kjölinn eptir stýrislykkjunum, ok rak á hönum um hríd; kom þá skip siglandi úr sömu sveit, hladit af fiski, ok gat ei atdugat hönum, en hann rak vestr í Flóa, sídan nordr ok sudr, ok þá nordr aptr, eptir því sem vindr ok straumar báru hann; var þat á fimtudegi sem hrakníngr sá hófst, en á sunnudag undir hádegi fannst hann af kyrkjufólki úr Ellidaey, med litilli rænu, yfirkominn mjök af vosbúd ok kulda; buxur ok sokkar var núit í sundr, en hold ok skinn marit inní bein, því bylgjurnar höfdu slegit hönum til ok frá um kjölinn; hann vard sídan alheill, en á skipi þessu týndust 17 hundrud fiskar med höfdum. Jón Brynjólfsson Thorlacíus, son Brynjúlfs þórdarsonar, hèldt þá Kyrkjubæar klaustr eptir Eyvind Jónsson, ok sókti á þíngi Bjarna Nikolásson sýslumann um álags dóm, ok vannst ei at; gjördist í þann tíma þorsteinn, son Bjarna, lögsagnari hans. Á því þíngi kom fyrir dulsmál úr Hnappadals sýslu; hafdi Jón Bjarnarson ok Sigrídr Thómasdóttir ordit sek um þat, en Jón þó sekr at auki í þremr hórdómum; voru þau dæmd frá lífi, en hennar málefni þó skotid til konúngs, ok þó þeirra beggja. Ólafr Jónsson lögsagnari, á Eyri vestr ok Erlendr sýslumadr Ólafsson áttu þar mál saman, ok þar var lesin upp Instrúkzión Skúla. Egill hèt madr, Gudmundarson, ok kalladr Snotrufóstri; hann var hálfær, ok hafdi mælt illyrdi mikil vid Pètr þorsteinsson sýslumann, hafdi Hans Wíum dæmt málit, ok dæmt hann sýknan, en fyrir þat dæmdist á hann málskostnadr nokkur til þessa þíngs, en Egli fèsekt, ok þó hlíft sakir fásinnu hans. Sumum mönnum þótti þat ílls bodi um sumarit, at mikit var af fidrildum nordanlands bleikgulum, kölludu sumir náflugur eda ræníngjaflugur, ok er sagt at þau sèu alltíd utanlands. Gott var þá grasár fyrir nordan, en verra sudr ok vestr um land, ok þó vedrátt gód, þar var ok nýtíng allill. Fór þá utan Niels Horrebow Assessor, med gódum lofstýr landsmanna, ok Skúli Magnússon landfógeti, ok hafdi hann margt fyrir stafni, en Horrebow gaf konúngr 100 dali ferdarpeninga. Heimtr var þá skattr einn at konúngsbodi í heimanfylgju prinsessu nokkurrar, 10di hluti af inntektum þeirra manna er höfdu meir enn 100 dala laun; þó galtst hann ekki þá. þau misseri andadist húsfrú Valgerdr, er átt hafdi Steinn biskup; ok tók vid prófastsdæmi í Eyafirdi af þorsteini prófasti Ketilssyni, þorlákr prestr þórarinsson, þorlákssonar, er nefndr

hefir verit; hann var skáld ok læknir, ok prestr til Mödruvalla í Hörgárdal, ok bjó at Ósi. Hallgrímr prestr Eldjárnsson fèkk Bægisá. Þetta sumar kom krónugjald fyrst híngat í landit, en um haustid týndist í vedri skip á Flateyardal; ok á því ári hefr Gudlaugr prestr Sveinsson annál sinn.

XXII Kap. Frá hardindum.

1752. Þann vetr eptir var vedrátt gód til þorraloka, en þadan af hardnadi allt fram um páskir; var líkt fyrir sunnan ok nordan, en vestra ok í Nordr-Múlasýslu var hardara, ok drápust hross mörg, enda var þá kominn helzt til mikill grúi hrossa hjá mönnum, svo at annan peníng bar ofrmagni; var allvída hallærit ok mörg misferli. Í þeim hardindum var þat, eda nokkuru seinna enn hèr var komit, at Þorsteinn prófastr Pètrsson á Stadarbakka tók 6 börn af sveit, skyld sèr, ok ól upp öll. Þennan vetr var svo mikit frost, at frostsprúngurnar fundust í grasdölum sudr eptir um sumarit, 40 fadma lángar eda meira. Fiskiafli var allr lítill, en 13 skiptapar eda 14 urdu á Nesjum sudr, ok fjárskadar svo miklir í Borgarfirdi, at tvær þúsundir fjár týndust í einni saman Mýrasýslu; landskjálftar voru ok þann vetr sudr í Ölvesi, ok hrundu 11 bæir.

XXIII Kap. Annat er tilbar um sumarit.

Um sumarit komu út konúngsbod, ok var ámálgat um prinsessu-skattinn; gaf þá Fridrekr konúngr fríheita-brèf þeim fèlagsmönnum, er standa skyldu fyrir ullar-verkstad, fiskiafla umhverfis landit, ok ödru, ok til at leggja þar grundvöll til gaf hann 15 þúsundir dala; hann gaf ok landinu tvær fiskiduggur, med öllu er til hlýddi, ok komu þær í fardögum, ok verkfæri öll til verksmidjunnar, ok Danneberg verksmidarmeistari med fólki sínu til Reykjavíkr; var konúngi þakkat med ljódum í nafni Íslendínga fyrir duggurnar, en þat gjördi Gunnar Pálsson, ok var verdt at fleiri hefdi gjört. Bændr danskir ok norrænir voru ok híngad sendir med hjón sín, ok skipt um landit í ýmsa stadi; vard þó ekki jafnmikill hagr af duggunum sem ætlat var, en af jardyrkju

nýttist ekki um sinn. Skúli landfógeti hafdi keypt fiskinet á Sunnmæri ok flutt inn til Hafnarfjardar; hann hafdi hönd í öllu því er fyrir var haft, ok svo hafdi verit alla stund, frá því hann kom til embætta, um þat er til hans mátti ná; var hann stórhuga ok umfángs-mikill, ok kom sèr furduliga fram vid konúnginn; dró hann fram málefni landsins ok svo sjálfs síns, ok hafdi náliga allt þat er hann beiddist; hann kom ok út ok settist at heima. Horrebow gaf þá út ritlíng sinn um Ísland, er fyrri gátum vèr, á danskri, þýzkri ok franskri túngu, ok hratt af því ámæli; var því svo at sjá sem allt vildi at veitast at rètta vid landit, annat enn ár þat er var; en annat rit, er Horrebow hefir skrád um búnadarháttu ok vidrèttíngu landsins, hefir ei prentad verit. Píngel amtmadr fèkk þá lausn frá embætti sínu, ok var Magnús lögmadr Gíslason settr fyrir þat aptr. Ólafr Árnason lèt af Bardastrandar sýslu; þángat var skipadr Davíd Skevíng, Hansson frá Mödruvöllum; en í stad Hans Wíums, er frá var vikit fyrir Sunnivu-mál, var settr á medan í sydra Múlaþíng Jón Sigurdarson; hann hafdi fyrri verit settr fyrir Skaptafells sýslu, ok var máladeilu-madr mikill, átti hann ok í slíku vid Hans Wíum; hann var bródir Vigfúsar í Hjörtsey, en sonr Sigurdar Einarssonar, þorsteinssonar í þykkvabæ, ok átti Kristínu, dóttur Eyvindar duggusmids, klaustrhaldara í Kýrkjubæ, ok þorunnar Sæmundardóttur, Hrólfssonar. Var nú at konúngs bodi Klaustrhóla hospítal flutt at Kaldadarnesi. Komu þeir út um sumarit Eggert Ólafsson ok Bjarni Pálsson at skoda land ok allt ástand þess, undir umsjá Vísindafèlagsins; fóru þeir um land um sumarit, ok voru sídan at því verki um nokkur misseri. Einar Magnússon, sýslumadr í Stranda sýslu, kom á þíng med Jón Jónsson, er drepit hafdi barn sitt á Holtavörduheidi fyrir tveim vetrum; var hann dæmdr ok af tekin ná þíngi, klipinn fyrst, ok höggvin af höndin. Sigurdr Vigfússon úr Dölum flutti ok þángat þorleif þjóf, þórdarson; hann var dæmdr til kastala-þrældóms í Kaupmannahöfn. þar sókti Jón Brynjúlfsson Thorlacíus álagsmál sitt, ok var dómarinn, þorsteinn lögsagnari Bjarnason, sektadr til fjár; Bödvar Jónsson, sýslumadr í Vestmannaeyum, vard ok fyrir bótum fyrir ólögligan dóm einn, ok enn fleiri sýslumenn. Björn Gudmundarson hèt þjófr úr Rángárþíngi, er dæmdr hafdi verit til kastala-þrælkunar af þorsteini sýslumanni Magnússyni, ok var þat

stadfest; en annálamenn segja, at tveir þjófar úr Rángárþíngi hafi hengdir verit, ok hyggjum vèr lítil rök fyrir.

XXIV Kap. Mannalát ok annat.

Sumarit var kránkfeldt ok svo haustid, ok öndudust gamlir menn ok úngmenni; þá deydi húsfrú Gudrún Einarsdóttir, er Jón biskup Árnason hafdi átta; hana skorti 3 vetr á nírædan; ok Jón, er hèldt Reynistadarklaustr, Vigfússon frá Hofi, Gíslasonar, Vigfússonar, Gíslasonar lögmanns; vard ærit fljótt um hann; son hans var Jón, er kalladr var Skevíng, efniligr ok gáfadr vel, en komst í her af svalli; annar hèt Vigfús, ok bjó seinast at Hofi á Kjalarnesi. Einnin dó Einar prófastr at Kyrkjubæ, hafdi verit málasókna-gjarn, son Hálfdanar Jónssonar á Reykjum, Ásmundarsonar á Litluvöllum, Brynjúlfssonar á Skardi, Eyríkssonar, Torfasonar í Klofa; hans börn voru þau meistari Hálfdan, Sigurdr ok Álfheidr; ok enn Högni prestr Bjarnason á Ásum; þorsteinn prestr í Holti, Oddsson, Eyólfssonar, fadir Jóns klaustrhaldara, er opt er getid vid mál í Skaptafells sýslu; Gestr prestr at Brautarholti, Árnason, födurfadir Gests prests þorlákssonar; Sveinn prestr Gudlaugsson í Hvammi í Nordrárdal; þorvardr prestr Magnússon at Saudlauksdal; þar kom Björn prestr Halldórsson aptr, frægr madr; Hjalti prófastr þorsteinsson í Vatnsfirdi, er þar hafdi verit um 60 ár, ok þó ádr í Skálholti; þórarinn prófastr Jónsson at Hjardarholti. Halldór biskup fór utan; hann hafdi fengit meinsemd í munn eda túngu, ok vildi leita sèr lækníngar, ok um þær mundir hyggja sumir Stephán prófast Einarsson vígt hafa þá 3 presta, er hönum er eignat, en má þó hafa sked milli þeirra Steins biskups; afsakadi Stephán prófastr sik frá stiptprófastsdæmi fyrir heilsubrests sakir, en þó var hann þá forseti í Synodalrètti, ok tók vid því Jón prófastr Magnússon á Hólum, bródir Skúla; en Halldór biskup deydi á utanför sinni, ok var jardadr at Frúrkyrkju í Kaupmannahöfn. Halldór biskup hafdi verit kennimadr mikill, ok kalladr trúmadr, rádsettr ok vel at sèr um marga hluti, frídr sýnum, en undarliga þótti hann raupsamr; hann hafdi átta þóru, dóttur Bjarnar prófasts í Gördum, ok er fyrri getid, voru börn þeirra: Brynjúlfr smidr ok Snæbjörn prestr, Björn kaupmadr ok Páll, Jórunn, er átti Jón

Brynjúlfsson Thorlacíus, Vilborg, er átti Beinteinn Íngimundarson, Margrèt, er átti Gísli prófastr Snorrason, er sídan var í Odda, ok enn fleiri; Elín hèt ein, hún gat barn vid Eyríki Laxdal. Grasvöxtr var þá í medallagi ok minni ok nýtíng ill; höfdu þá fiskidúggurnar Íslenzku fengit 200 tunnur fiska í afla sinn um haustid, ok fór önnur utan, ok á henni Skúli Magnússon landfógeti, ok tók þar til sem hann hvarf frá ádr; var í þann tíma mjök margrædt um, hvar stadar mundi nema þat er fyrir stafni var haft.

XXV Kap. Hèr teljast helztu menn í landi.

Nú viljum vèr, ádr lengra fer, nefna þá menn saman, er þá voru samtídis uppi, ok ei adra enn þá, sem helzt voru merkiligir af embættamönnum. Ólafr Gíslason var biskup í Skálholti, er ádr er getid, Magnús lögmadr á Leirá hafdi amtmanns sýslun á hendi; hann var mjök vitr madr, ok rádfljótr um allt ok drjúglyndr, lítill vexti; hann hafdi mannvirdíngu mikla ok kom sèr vel vid, ok var allvinsæll; hann átti þórunni Gudmundardóttur frá Álptanesi, Sigurdarsonar lögmanns, Jónssonar, systur Eggerts á Álptanesi; þeirra dóttir var Sigrídr, ok þótti þá ekki annar kvennkostr betri. Sveinn Sölvason á Múnkaþverá var lögmadr fyrir nordan, stilltr madr, vel viti borinn ok lærdr, skáld merkiligt; ekki var hann frídr sýnum nè stórmannligr at sjá, en sómdi sèr, lá drjúgt rómrinn, ok þykknadi af holdum; hann var gamansamr í vidrædu ok ordhittinn, ok kalladr nokkut kýminn ok sèdr. Björn Markússon var Vícelögmadr, ok er getid ádr. Skúli Magnússon var landfógeti, ok er ok getid ok ei gjör, þvíat mikit má af hönum segja; hann var hinn fjörgasti madr, stórbrotinn ok hugadr vel til hvers sem at kom, þótti nokkut svadafenginn á hinum fyrri árum, ok frekr vid öl, ok nokkut harddrægr; voru þarum sagnir margar, ok sumar sannar; þótti hönum gaman at því hverr sem einbeittr var í gódu eda illu; hann var vel munadarleysíngjum, ok kalladr raungódr, ok var trúlyndr, heldr hár medalmadr, rèttvaxinn ok hörundsbjartr, toginleitr ok bólugrafinn mjök, varaþykkr, dökkeygdr ok hvasseygdr, hraustr til heilsu; ekki var hann mjök lærdr madr, en skyngódr vel ok djarfr, ok þurfti lítt fylgis annara. Pètr þorsteinsson var sýslumadr í Nordr-

Múlasýslu, vitr madr ok vel at sèr, skörugligr at sjá, drjúgum ritfær, audgefinn, en ekki ör af fè; en í ödrum hluta var Hans Wíum; hann var hardgjör ok óvílsamr. Sigurdr Stephánsson í Eystri-Skaptafells sýslu; Bjarni Nikolásson í hinni vestri, medallagi vinsæll; þorsteinn Magnússon á Rángárvöllum, hann var merkiligr madr, lögvitr ok virdr vel; Brynjúlfr Sigurdarson í Árnessþíngi, hann bjó í Hjálmholti ok var audmadr mikill ok fjáraflamadr; átti hann margt barna, hètu Einarar tveir, Gudni, Helga ok Íngibjörg. Sigurdr landskrifari var bródir hans, er átti Helgu, dóttur Brynjúlfs þórdarsonar Thorlacíuss á Hlídarenda ok Jórunnar Skúladóttur, ok margt barna; lifdi þá Brynjúlfr þórdarson, ok var gamall ok þau Jórun bædi. þorsteinn Hákonarson var hèradsdómari í Gullbríngu sýslu; Gudni Sigurdarson sýslumadr í Kjós, hann var sonarson Runólfs Sveinssonar, lögrèttumanns merkiligs, á Stafnesi; Árnór Jónsson frá Ljárskógum, Árnórssonar, í Borgarfirdi, hann bjó at Belgsholti, ok var ólærdr ok lítill vexti, en bædi hvatr ok vitskarpr; þorgrímr Sigurdarson á Mýrum. Steindór Helgason í Hnappadal, ok þótti einna minnstháttar sýslumanna þá; Gudmundr Sigurdarson at Íngjaldshóli, bródir þorgríms. þeir brædr þóttu hardir nokkut; Gudmundr var lærdr vel, audugr ok umsjónarsamr, ríklundadr var hann, ok eigi mjök vinsæll alþýdu, en virdr af hinum fremri mönnum. Sigurdr Vigfússon hinn sterki í Stóraskógi hafdi Dalasýslu, ok ætla menn hann hafi dáit þessi misseri er nú eru talin, heldr enn hin næstu eptir. Bjarni Pètrsson bjó at Skardi, er fyrr var sýslumadr á Bardaströnd; hann var hinn audugasti madr ok ríkilátr, ok heldr vid aldr. Erlendr Ólafsson hafdi Ísafjardarsýslu, ok gekk hönum mjök hlykkjótt; Einar Magnússon Strandasýslu, ok lítt vinsæll. Bjarni Halldórsson á þíngeyrum hèlt Húnavatns sýslu ok klaustrid; hann var audugr ok ríkilátr, ok stórtækr í athöfnum, vel at sèr í lagaviti, ok hèradsríkr mjök, umsýslumadr mikill, drjúglyndr, hár medalmadr á vöxt, stinnvaxinn, en er hann fitnadi vard hann ákafliga digr; smáeygr var hann, snar ok fagreygr, nefit stórt ok lidr á, bjúgt ok mjótt framan, dökkr á hár ok heldr svipmikill, lágrómadr nokkut ok digrrómadr, hófsmadr vid drykk, en kræsinn mjök í matnadi, ok kalladr nokkut fègjarn. Jón Benediktsson hafdi þíngeyarþíng, mikill madr ok hardgjör, trúlyndr ok ríklundadr. þorarinn Jónsson á Grund er

nefndr fyrri, hann var frídr madr sýnum. Jón Magnússon var stiptprófastr í Nordrlandi, bródir Skúla, ok er sagt um hann nokkut ádr. Stephán prestr Pálsson var í Vallanesi, Jón prófastr þorláksson á Hólmum, Bergr prófastr Gudmundarson í Bjarnanesi, þorleifr Bjarnason, þorleifssonar, Árnasonar, at Kálfafelli á Sídu; Jón Jónsson til þykkvabæar í Álptaveri; Hálfdan Gíslason í Eyvindarhólum; Sigurdr prófastr Jónsson at Holti undir Eyafjöllum, klerkr gódr; Högni Sigurdarson at Breidabólstad í Fljótshlíd, merkiligr at mörgu, hann var fadir þeirra Högnasona, er allir voru prestar; Gísli Snorrason frá Helgafelli, Jónsson, Magnússonar, í Odda; Philíppus í Kálfholti, Gunnarsson, Einarssonar, þorsteinssonar í þykkvabæ; Gudmundr Högnason at Kyrkjubæ í Vestmannaeyum, vel at sèr; Magnús þórhallason í Villíngaholti, Íngimundr Gunnarsson í Gaulverjabæ, Halldór Brynjúlfsson í Hraungerdi, Haflidi Bergsveinsson í Hólum, eru frá hönum margir menn; Illhugi prófastr Jónsson í Hruna; þórdr Jónsson í Reykjadal, sá er í málunum átti, ok lítt hæfr til prestskapar. Magnús á þíngvelli Sæmundarson prófasts á Miklabæ í Skagafirdi, Magnússonar í Brædratúngu, Sigurdarsonar; Jón Andresson í Arnarbæli; Jón þórdarson í Skálholti; þorgeir Markússon á Útskálum, hann var skáld; Sigurdr Jónsson á Kálfatjörn; Gudlaugr prófastr þorgeirsson í Gördum á Álptanesi, merkiligr madr; Gísli Sigurdarson til Seltjarnarness; Egill Eldjárnsson at Mosfelli, hann var nordlenzkr, bródir Hallgríms prófasts, ok var seinna á Útskálum. Einar at Reynivöllum Torfason, Halldórssonar frá Reykholti, Jónssonar, Bödvarssonar; þorvardr í Saurbæ vid Hvalfjörd, Audunnarson, Benediktssonar prests á Hesti, Pètrssonar, sidlátr madr ok vel fjáreigandi; Ólafr Brynjúlfsson í Gördum á Akranesi, bródir Halldórs biskups; Gísli prófastr á Melum, Bjarnason, Sigurdarsonar, Árnasonar lögmanns, Oddssonar, hardgjör madr af sèr ok eljunarsamr; Finnr prófastr í Reykholti, Jónsson, Halldórssonar, hann var lærdr vel ok mjök framadr, ok þótti mikilsháttar sem fadir hans, drjúgr í flestu, ekki kalladr ör af fè, mikill madr vexti; Sigvaldi Halldórsson at Húsafelli, bródir Bjarna sýsumanns; Jón Jónsson at Gilsbakka; Jón Sigurdarson frá Hvítárvöllum at Hvammi í Nordrárdal, allstórmannligr madr; Sigurdr Jónsson í Stafholti; Illhugi Halldórsson í Borg, bródir Bjarna sýslumanns, hardgjör ok allsterkr, óeyrinn ok lítt klerkligr í

háttum; Vigfús Jónsson, Halldórssonar, var prófastr í Hitardal, ok virdr vel, sem þeir frændr, hann var fadir Eyríks prófasts í Reykholti. Pètr í Miklaholti, Einarsson, Halldórssonar frá Ólafsvík, Gudmundarsonar, kalladr fjárhyggjumadr mikill, hann var fadir Pètrs í Gördum. Gísli prófastr Magnússon at Stadarstad, ok þótti skörugligr höfdíngi; Gudmundr Ísleifsson í Neshrepp; Vigfús Erlendsson at Setbergi; Snorri prófastr at Helgafelli, Jónsson, Magnússonar; Ásmundr Jónsson at Breidabólstad; Hannes á Kvennabrekku, Bjarnarson frá Melum, þórdarsonar, Ormssonar í Eyum; þorsteinn í Hvammi í Hvammssveit, þórdarson, þórdarsonar, Finnssonar; Gísli Jónsson í Saurbæ vestr, ok átti systur Jóhanns Gottrups, þeirra son var Ólafr, er í málunum átti sídan; Sigurdr Sigurdarson í Flatey, bródir Gudmundar á Íngjaldshóli; Sigurdr þórdarson á Briamslæk, hann átti Sigrídi, systur Ólafs í Svefneyum Gunnlaugssonar, ok voru þeirra synir Gunnlaugr prestr ok Gudbrandr prestr. Björn Halldórsson í Saudlauksdal í Patreksfirdi, lærdr madr ok merkiligr at mörgu; Hallgrímr á Rafnseyri, Jónsson prests, þórarinssouar prófasts frá Hrafnagili, Jónssonar. Hákon á Álptamýri, son mála-Snæbjarnar, Pálssonar, Torfasonar; Magnús prófastr, bródir hans, á Söndum; Sigurdr Sigurdarson at Holti í Önundarfirdi; þorbergr Einarsson á Eyri vid Skutulsfjörd; Magnús prófastr í Vatnsfirdi, Teitsson, Pálssonar, Torfasonar, hann var fadir Markúsar stiptisprófasts í Gördum sudr. Snorri at Stad í Adalvík, son Bjarnar frá Hvanneyri, þorsteinssonar í Höfn, þorgeirssonar, hann var gáfadr vel ok syndr, hardgjör af sèr ok allsterkr, fjörgr ok hugadr; smidr var hann enn. Jón prófastr Pálsson at Stad í Steingrímsfirdi; þorsteinn prófastr Pètursson at Stadarbakka í Midfirdi, er getid hefir verit at gódu; Ormr prófastr Bjarnason at Melstad, hann var þá gamall, klerkr mikill, gildligr ok öldrmannligr; Halldór prestr Hallsson at Breidabólstad, er opt er getid, ok nú gamall. Jón Vidalín at þíngeyrum, Jónsson, Pálssonar lögmanns, ok hafdi nýfengit þar veitíngu; þorsteinn prófastr Ketilsson at Hrafnagili, merkiligr madr; þorlákr prófastr þórarinsson til Mödruvalla, er bjó at Ósi. Benedikt Pálsson at Miklagardi, bródir Gunnars ok Bjarna, ok verdr enn getid; Stephán prófastr Einarsson at Laufási, lærdr madr ok merkiligr; Jón at Múla, þorleifsson prófasts, Skaptasonar, spaklátr madr; Björn Magnússon at

Grenjadarstad, er fyrr var prófastr, mikilsháttar; Stephán prófastr at Presthólum, þorleifsson, Skaptasonar, lærdr ok allskörugligr, en lítt stilltr vid öl. Einar Jónsson var þá skólameistari í Skálholti, en Gunnar Pálsson at Hólum; eru ok enn margir prestar ok adrir merkismenn ótaldir. En á þeim misserum, er sídast var getid, hafdi þat enn ordit til tídinda, at skip týndist frá Grímsey med 10 mönnum, er eyarmenn höfdu sendt í land til at lètta af sèr.

XXVI Kap. Frá ýmsum umskiptum ok tilraunum.

Vetrinn annan eptir útkomu þeirra Eggerts ok Bjarna, er var hinn 1753. þridji í hardindunum at því er almennt er talit, var vetrarfar allgott, en aflaskortr mikill. þá andadist hinn 9da dag Jóla Ólafr biskup Gíslason af taksótt, ok gjördist Finnr prófastr Jónsson Officíalis þridja sinn; en þar á eptir dó Sigurdr prestr í Flatey, Einar prestr Oddsson eldri á Lundi, ok Helgi Bjarnason at Mosfelli í Grímsnesi, einnin Illhugi prófastr Jónsson í Árnessþíngi, er hèldt Hruna; þar tók vid prófastsdæmi Jón prestr þórdarson. Í Eyafirdi lèt þorlákr prestr þórarinsson af prófastsdæmi, en Hallgrímr prestr at Bægisá, Eldjárnsson prests, Jónssonar, þórarinssonar frá Hrafnagili, tók vid, bródir Egils prests sydra. Gudni Sigurdarson lèt ok af Kjósarsýslu, en Gudmundr Runólfsson fèkk brèf fyrir henni, ok var hann ólærdr, sem sýslumenn margir fyrrum. Jón, sonr Eggerts á Álptanesi, Gudmundarsonar, Sigurdarsonar lögmanns frá Einarsnesi, var settr fyrir sýslu í Dölum, en Davíd Skevíng, Hansson frá Mödruvöllum, fèkk konúngsbrèf fyrir Bardastrandar sýslu; hafdi hann verit settr fyrir hana ádr um vetrinn eptir Ólaf Árnason, en fyrst var hann bókhaldari í Reykjavík vid sýslanir þær er þar voru upphafdar. Davíd var frídr madr sýnum ok látadr vel; hafdi tekit vid bókhaldara sýslu eptir hann Ólafr, son Stepháns prests frá Höskuldsstödum, ok hèldt lengi, en Skúli gekk mest fyrir yfirsýn allri ok umsýslu er þar var. Gunnari Pálssyni, skólameistara á Hólum, var veitt Hjardarholt í Dölum, en Stephán, son Bjarnar prests á Hjaltastödum, Skúlasonar á Seilu, Ólafssonar, skyldi standa þar fyrir skóla læríngu; skipti mjök um, þvíat hann var styrdlyndr ok óþydr. þá kom híngad Courantsgjald í landit, ok þótti þat mikill hègómi þeim mönnum er

peninga ræktu, ok lètust ei reikna mega. Þat vard þá tídt um Þorgeir prest Markússon á Útskálum, at hann falsadi nokkut kaupmannssedla tvo í Keblavík, ok var bodin sætt med 30 dala medallagi, en vildi eigi gánga at því, ok dæmdi sídan Þorsteinn Hákonarson lögsagnari frá hönum æru ok embætti; eptir þat orkti hann ydrunarsálma. Jón Þórdarson, er prófastr gjördist í Árness sýslu, fèkk þá Hruna; en Reynistadar klaustr var veitt Þóru, ekkju Halldórs biskups, ok þótti þat nýúng; hún hafdi þar sídan allskörugligt bú, ok nær 40 nauta. Var hèr þá biskupslaust í landi. Þeir Eggert ok Bjarni höfdu átt frjálsan flutníng um land hèr til, en nú voru þeim í þess stad lagdir til á ári 60 dalir. Þá komu þeir ok út Þorkell Jónsson ok Sveinn Jónsson Reetz, med brèf frá konúngi at mega grafa eptir málmum ok ödrum jardartegundum med lidsinni sýslumanna, en þar vard þó ekki af; ei vard heldr af akurirkju hinna útlendu manna þat sumar. Skúli landfógeti kom út; hann hafdi haft kostnad mikin, ok ordit at fara landveg gegnum Noreg ok Svíþjód; hafdi Fridrekr konúngr gefit 16 þúsundir dala til framkvæmdar ok eflíngar þeim hlutum, er fyrir voru ætladir, ok til frama landinu, en þar hafdi Skúli umrád yfir, ok var forstjóri, ásamt Magnúsi Gíslasyni lögmanni, ok þeim sýslumönnum: Þorsteini Magnússyni úr Rángárþíngi, ok Brynjúlfi Sigurdarsyni í Árnessþíngi. Brennisteinsverk var ok hafit í Krýsivík, ok fyrir því danskr tilsjármadr, ok heyrdi þat enn til því, er landinu var lagt. Finni prófasti í Reykholti var ætlad Hóla biskupsdæmi, en er Ólafr biskup Gíslason var andadr kaus hann Skálholts stipti heldr, ok var hann nú kalladr til Skálholts; fór hann sídan utan eptir vígslu, en Gísli prófastr Snorrason í Odda var settr fyrir stiptid. Skúli landfógeti hafdi mjök í ferdum sínum kært á kauphöndlun hörkramara-fèlagsins; fyrir því voru nú, at bodi greifa Rantzovs stiptamtmanns ok Kammersins, ok Magnúsar lögmanns Gíslasonar, er í amtmanns stad var, tekin þíngsvitni af öllum sýslumönnum, þar sem kaupstadir voru nærri, um kauphöndlun þess fèlags; var hún all-ill at vísu, ok gengu kaupmönnum þíngsvitnin allþúngliga, en sumt var þó ofaukit er alþýda sagdi til, sem opt kann vera þar er menn skulu bera vitni í sjálfra sinna sök, ok vænta heldr fylgis. Magnús lögmadr ritadi þat ok embættamönnum, at örfa skyldu upp alþýdu til þakklætis vid konúnginn,

fyrir gjafir hans allar ok gódvilja vid landit, ok var þat vel verdt, þó lítil yrdi notin. Var hvorutveggja, at Íslendíngar tóku ekki mjök vel nýbreytni, ok varla þó hún væri þörf eda í gódu skyni, enda seldist ekki betr út: urdu gjafirnar fáar at lidi, eda þóttu koma fram, olli því at sumu leiti fjærlægd landsins vid konúnginn, ok misjöfn millifærsla egingjarnra manna, er konúngar ok stórhöfdíngjar megu laungum trúa fyrir fè sínu ok framkvæmdum, en sumu olli óhægd atfærslu, kunnáttuleysi ok vanhirdíng þeirra er at duga skyldu, ok óvilji ok vanvizka innlendra í at nota sèr; var ok nokkut at kenna óhöppum er þar jukust á, ok svo ári þvílíku, er dróg dug úr mönnum; en útfall á öllu slíku gjördi landsmönnum tilbreytíngar at leidari, ok framkvæmdina daufari af þeirra hendi er hana skyldu sýna; hefir þat ok verit háttr Dana ok margra þjóda annara, at þá er nokkut mistekst einusinni, er mikit er tilkostad, verdr eigi framar reynt til hins sama; enda eru eigi allir konúngar jafnörvir eda jafn vel vidlátnir at hafa svo mikin kostnad, ok helzt ef þeir reyna ótrúleik af mörgum í medferdinni, ok marga torveldni.

XXVII Kap. Ár ok adrir tilburdir.

Á því sumri gaf konúngr þorgeiri Markússyni uppreisn aptr. þá var grasvöxtr í minna lagi vídast um land, ok nýtíng ill fyrir regna sakir, þó var einna bezt í Eyafirdi, þar til um haustid, þá vesnadi árferdi, ok eigi minnst þar ok nordr undan. Tödur lágu úti í Húnavatnsþíngi, sakir votvidra ok snjóa, til þess í Októbri; var þá kallat hardindis-ár á landi ok sjó, ok gjördi snjóa ok jardbönn á öndverdum vetri. þat haust deydi yfir bordum at Stadarstad, at Gísla prófasts Magnússonar, Gudmundr sýslumadr Sigurdarson at Íngjaldshóli, ok heldr snöggliga, var þar margrædt um af alþýdu, ok kallat hann mundi hafa grandat sèr sjálfr, en merkiligir menn, er ek hefi vid mælt, hafa ei viljad annat sanna enn þat, sem sæmiligt er, ok má þó þykja grunsamt; því þat er sannsagt, at þíngsvitni hafdi nýliga gengit at Sydri-Gördum, er rengdi nokkurn hans framburd þann er ádr var sendr utan, ok þat eitt vitu menn, at hann mátti sèr til áhyggju taka; en þat segir fjölmenni, at vöruhúsa-gluggar í Ólafsvík hafi verit brotnir

til stuldar, ok vissi einginn hverr gjört hafdi, en sídan, er sýslumadr skyldi midla mönnum korni til bjargar, því hann hafdi þá lykla, bryti hann ei innsigli nè lyki upp, en færi um glugga, ok þó svo at margir væri vid, ok tæki þar út kornit, ok þætti þat óhöfdíngligt, ok hann yrdi sjálfr grunadr um at vita til, ok þat yrdi hönum at brígsli, en hann tæki sèr þat nær; en þat var þá mælt um umbod ok sýslu þar vestra, at fáir mundu vel frá sleppa, ok hann þó jafnan verit uppgángsmadr. þurfu menn varla at ætla, at fáist þat um fráfall hans eda tilefni þess, er visst er med öllu; skrádi Eggert Ólafsson sídan æfi hans ok ordstír, ok hljódadi mjök á annan hátt enn ord alþýdu lèk á þar í sýslu. þá andadist ok Markús Bergsson, sýslumadr í Ísafirdi. Einar Jónsson, skólameistari í Skálholti, hafdi gefit upp at kenna sakir augnveiki; var hann þá settr fyrir Snæfells sýslu; hann var af Hofsætt úr Skaptafells þíngi, ok lágr á vöxt; er margt fólk frá hönum, ok fadir var hann Ísleifs Assessors ok Gísla prests í Selárdal, en utanlands sókti um sýsluna med umbodinu, ok fèkk hana, framadr madr ok Studíosus júris Jón, sonr Árna á Arneidarstödum í Múla sýslu, þórdarsonar, Árnasonar á Móbergi, þorleifssonar, Jónssonar lögmanns á Reynistad, Sigurdarsonar; var Árni þórdarson audugr madr, ok audsælir voru þeir frændr; ok ei veit ek hvort Jón fèkk sýsluna þessi misseri, ætla ek þat hafi ei verit fyrr enn eptir um vetrinn. Gjördist þá Rektor í Skálholti meistari Bjarni Jónsson, merkiligr kennandi. þá fèkk þórarinn sýslumadr Jónsson at Grund Sigrídar ýngri, dóttur Stephâns prests á Höskuldsstödum Ólafssonar, giptist hún frá Birni prófasti at Grenjadarstad, módurbródur sínum, en var fyrst alin upp á Eyrarlandi med Helgu; hún var væn kona ok gódr kostr, ok áttu þau 5 sonu sídan, er allir menntust vel. Sigrídar eldri fèkk Kristján prestr Jóhannsson, en Önnu Vigfús Skeving, Hansson frá Mödruvöllum, ok var þat seinna; hún var ok gódr kostr, sköruglig ok fríd sýnum. þá var á þeim vetri öndverdum, er nú var sídast getid, í Decembri, konúngsbrèf útgefit um þat, at gjalda skyldi af hverjum 8 tíundarhundrum skildíng um allt land, til byggíngar 2ra jarda, er eydzt höfdu í Nordr-Múlasýslu; en þó þat væri svo tiltekit at um tvö ár skyldi gjalda, þá var þat helzt til lítid.

XXVIII Kap. Hardindi.

Þessi vetr var hinn hardasti hvervetna í Nordrlandi; kölludu margir 1754.
Hreggvid; gengu hrídir á nordan ok vestan allt til Midgói; var 18 vikna skorpa á Skaga, en þá blotadi í Eyafirdi, ok nordr undan var betra; var þá hinn mesti fellir um allt land, ok helzt fyrir nordan, þar fellu 4 þúsundir hesta, ok 50 þúsundir fjár, at því er sagt hefir Jón Ólafsson á Grímsstödum, því hann reit annál; áttu þeir menn 30 fjár um vorit, sem 5 hundrud höfdu átt um haustid, ok má af því sjá hverr grúi hefir kominn verit fjár ok hesta, ok hve mjök menn hafi sett á útigánginn. Margir urdu þá saudlausir, en sumir mistu vitid med; kom vída ekki jörd upp fyrrenn eptir sumarmál; orkti Sveinn lögmadr Sölvason kvædi um þennan vetr, ok fleiri menn. Fiskiafli var ok mjök lítill; hæstir hundrads hlutir sydra ok vestra, en verra austr undan; lágu hafísar lengi, ok vard lítill grasvöxtr.

XXIX Kap. Útkoma Skálholts biskups, ok annat.

Konúngsbrèf kom þá út, at hefja skyldi lögþíngit hinn 3dja dag Júlí, ok annat um hverr sitja skyldi í stiptamtmanns sæti í Synodalrèttinum; einnig um þat, at madr einn skyldi takast af, er barn hafdi getid vid barnsmódur sonar síns í Bardastrandar sýslu, ok var þat gjört. Bod kom ok um þat, at Gísli prófastr Magnússon á Stadarstad skyldi utan fara, ok vígjast til biskups at Hólum. Finnr Jónsson var vígdr til Skálholts af Hersleb, ok kom hann út; hafdi hann fengit 200 dala í nádargjöf af konúngi árliga til handa prestum í Skálholts biskupsdæmi. Annarr kom út Jón Árnason, sýslumadr undir Jökli; hann var frídr madr sýnum ok lèttr í vidmóti, lítill vexti, skrautmadr hinn mesti; en Einar Jónsson gjördist þá rádsmadr í Skálholti. Hinn þridji madr kom út Magnús, son Ketils prests í Húsavík, Jónssonar, Ketilssonar frá Eydum; hann var systurson Skúla landfógeta, ok hafdi fengit Dala sýslu, ok lærdómsmadr var hann, komst hann þar brátt yfir fjárhag mikin. Þá var Birni Markússyni Vícelögmanni bodit af Magnúsi lögmanni Gíslasyni at hafa á hendi Hólastól, ok gjöra reikníng fyrir. Skúli kom út, ok hafdi konúngr gefit hönum sjálfum 2 þúsundir ok

200 dali. Bergr Gudmundarson var prófastr í Eystri Skaptafells-sýslu, en Jón Bergsson í hinni vestri; Gísli prestr Bjarnason á Melum í Borgarfirdi. Á þíngi var sá madr dæmdr í þrælkunarhús um 6 ár er Jón Hróbjartsson hèt, úr Árness-sýslu; hann hafdi yfirfallit ok sært 2 menn, er eptir þýfi leitudu hjá hönum. Jón Sigurdarson úr Múlaþíngi átti þar í málum, ok þorsteinn Bjarnason, lögsagnari í Skaptafells-sýslu, var sektadr um ránga dóma. Erlendr Ólafsson úr Ísafirdi var dæmdr frá sýslu fyrir ólögligar ok hraphalligar framfarir í þjófamálum, fór hann utan sídan, ok fèkk hæsta-rèttar stefnu. Sigurdr landþíngsskrifari Sigurdarson átti mál vid Bjarna Nikolásson sýslumann, hafdi látit virda fè hans útúr búi, eptir dómi, en Bjarni átaldi, ok var hann dæmdr til bóta fyrir ránga ok óþarfa ákæru. þorgeirr Markússon átaldi þar einnig þorstein Hákonarson um dóm yfir sèr, ígjalda ok tvígjalda bætr, sem þá voru í stuldarmálum, ok urdu þær ólögligar, er þorgeir skyldi dæmdr hafa verit um fals, nema konúngr hefdi nádat hann; appelleradi þorsteinn lögsagnari mál sín öll. þá var um haustid nýtíng verri enn heyskapr, ok tók enn at gjöra hrídir, ok hin mestu áhrun; týndust þá skip med 7 mönnum á kaupstadarför, er Bjarni sýslumadr Halldórsson á þíngeyrum átti, ok ætludu menn farizt hafa meir enn 200 dala verd af. Hans Wíum var nú dæmdr af Commissaríis at Einarsstödum í þíngeyarþíngi frá sýslu, fyrir rángt prótókollshald, ok stód þat svo um hríd; ok fèkk þorleifr prestr Bjarnason á Kálfafelli Reykholt, Jón Bergsson Kálfafell aptr, ok vard prófastr í vestri Skaptafells-sýslu, en fadir hans Bergr prestr Gudmundarson í Bjarnanesi í hinni eystri; Markús prestr frá Árnesi, son Mála-Snæbjarnar, fèkk Flatey, ok Árnes Illhugi Jónsson. Árni Sigurdarson attesteradr, son Sigurdar prests í Holti, fèkk aldrsleyfi, ok gjördist kyrkjuprestr í Skálholti. Fórust þá 7 menn á tveimr bátum vestra, ok drukknudu einstakir menn. Sótt gèkk um haustid, ok dó Ólafr Árnason, er sýslumadr hafdi verit á Bardaströnd, staddr á Vatneyri, af skyndiligum brjóstverk; hann hafdi verit all-snotr madr, en þótt jafnan hardr ok óvæginn; hafdi verit settr í Ísafjardar sýslu í stad Erlendar Ólafssonar, er þá átti í útistödum sínum, en nú var skipadr þángat þorlákr Gudmundarson frá Selárdal, er prestskapar hafdi mist, sem hann sagdi sjálfr um sik í stökunni:

Síra vard ok Seignieur, ok seinast tómr þorlákr.

Var Ólafr Árnason fadir þórunnar, er Benedikt prestr Hannesson frá Kvennabrekku átti, ok virdíngargjöf fèkk sídan af drottníngunni fyrir handvirdir, ok Teits, en þorlákr var fadir Jóns prests þjódskálds. Fyrr hafdi andazt Bödvar Jónsson, sýslumadr í Vestmannaeyum, ok var þar settr Brynjúlfr Brynjúlfsson lögsagnari; ok enn deydi Stephán prófastr Einarsson í Laufási, er opt er getid; fèkk Jón prestr Vídalín stadinn, en Erlendr Jónsson vígdist til Capelláns at Hrafnagili; þar deydi þorsteinn prófastr Ketilsson. Enn öndudust Loptr prestr Rafnkelsson, er fyrrum var at Krossi ok dæmdr frá, ok þorsteinn prestr at Hvammi í Hvammssveit, þórdarson prests, þórdarsonar, Finnssonar frá Ökrum, Sigurdarsonar prests frá Miklaholti; þar tók Einar prestr bródir hans vid eptir hann, ok var allvel at sèr, ok laginn til lækninga; þorsteinn prestr var fadir þórdar prests, er seinna var á Mýrum, ok í Hvammi í Nordrárdal, en Einar prestr var fadir þorsteins Rangels. þessir öndudust enn: þorsteinn Pálsson í Búdardal, Torfi prestr Bjarnason at Stad á Snæfjallaströnd, ok Jón prestr Jónsson í Grunnavík druknadi. þá var borinn Stephán, hinn elzti son þórarins sýslumanns á Grund ok Sigrídar Stephánsdóttur, er sídan gjördist mikilsháttar. Jóhann Gottrúp var þá í Grunnasundsnesi med Sigrídi Salómonsdóttur, vinkonu sinni fornri, ok hafdr til at berja fisk, ok lifdi vid þat um hríd.

XXX Kap. Hardindi, ok frá ýmsu ödru.

Sá er talinn hinn 5ti vetr í hardindunum er þá fór í hönd; hann var gódr til einmánadar ok jardasamr, en þá hardnadi vedrátt, ok gjördi 1755. hrídir sterkar, en hafþök af ísi; voru ok vorkuldar ok fiskleysi mikit; flosnudu þá margir upp, ok var umferd flökkumanna hin mesta, stuldir ok margt illt. Margir voru í þann tíma flökkumenn, er gjördu sèr dælt vid búendr, helzt konur, ok svo kotúnga, ok lètu allilla. þá voru skærur á Hólum: bar þeim til Jóni stiptprófasti Magnússyni ok Stepháni Bjarnarsyni útaf kennslu hans; var Stephán styrdlyndr, ok gjördi í móti vilja stiptprófasts ok því er rèttast var, en hann einlægr ok þá nokkut stór; dimitteradi Stephán skólasveina fjóra óyfirheyrda um vetrinn, ok suma óverduga, ok gaf þeim Testimonía fyrir utan

rád ok vitund stiptprófasts; var einn Christján Jóhannsson, er sídan var prestr ok prófastr at Stafholti; lèt hann þrjá af þeim prèdika í dómkyrkjunni í forbodi Jóns prófasts, ok er Officíalis vildi sídan í votta vidrvist yfirheyra einn af þeim: þórd, son þórodds heyrara þórdarsonar, setti Stephán sik þar í móti, ok bannadi þórdi at hlýdnast, ok dróg hann frá því, svo at yfirheyrslan fèkk ei framgáng at því sinni; ok eitt sinn, er þeir ræddu um þetta í kvöldrökkri á Hólum, var rádizt á stiptprófast í myrkrinu, ok ætludu menn skólasveina þessa til hafda; bad hann kveikja ljós, en þraung var mikil, ok var ljósit slökkt jafnódt er þat kom upp, en prófastr nádi handfestu í ýmsum stödum, ok komu þeir hönum eigi undir. Fyrir þessar sakir lögsókti stiptprófastr Stephán fyrir prestarètti, ok var Stephán dæmdr til at gjalda 20 dali krónugjalds til Hólaskóla, ok 15 til stiptprófasts, en hlíft vid meiri sektum sakir fátæki, skyldi hann ok bidja Officíalis fyrirgefníngar. Bæturnar komu seint framm, ok vard Stephán frá skólanum; vard ok enginn skóli haldinn eptir Jól sídan, fyrir hardinda sakir. 11 menn druknudu þá ofan um ísa í Borgarfirdi, en 6 urdu skipatjón alls; gekk sótt um vetrinn, ok var hæg; öndudust helzt gamlir menn. Bjarni Nikolásson hafdi þá sagt af sèr sýslu í vestri Skaptafells sýslu; hann átti mörg börn ok mikit afkvæmi, ok sumt göfugt; var ein hans dóttir Gudrídr, er átti þorsteinn, son Steingríms nordan frá þverá í Skagafirdi, Jónssonar, Steingrímssonar; Sigurdr var ok hans son, fadir Magnúsar á Leirum. þorsteinn lögsagnari, son hans, hafdi farit eigi vel med dómara verkum, sem fyrr er getid, ok var dæmdr óhæfr til þeirra, en eptir þat drógst hann upp í gulu ok vesöld; var Lýdr, son Gudmundar Lýdssonar, settr fyrir sýsluna, ok fèkk hann konúngsbrèf fyrir Vestmannaeyum á þessu vori, en annat konúngsbrèf var útgefit um búslódarmál þjófa. Gísli prófastr Magnússon var nú utanlands, ok skyldi vígjast til biskups; hann breytti eptir því sem gjört hafdi Finnr biskup, þá er hann fèkk til handa hinum fátækustu prestum í Skálholts umdæmi 200 krónudali hvert ár af konúngi, ok útvegadi 100 dali á ári prestum nyrdra; fèkk hann embættisbrèf sitt seint í Martío, en var vígdr til Hóla öndverdliga í Majo, ok kom sídan út til stólsins; hann var frídr madr sýnum, toginleitr nokkut ok slèttleitr í andliti, hávaxinn ok rèttvaxinn ok skörugligr at sjá. Jón prófastr Magnússon,

er stadit hafdi fyrir stipti, fèkk nú Stadarstad, ok tók vid af hönum, en Stephán Bjarnarson fór utan, ok lifdi lengi í Kaupmannahöfn vid fátæki, ok frægd af mælíngarfrædi; Illhugi Sigurdarson gjördist dómkyrkjuprestr at Hólum aptr, sá er fyrr kom í stuldarmálit, ok þótti sumum þá þegar ísjárverdt. Vigfús prestr Erlendsson at Setbergi gjördist prófastr í Snæfells sýslu, en Jón Vídalín Jónsson, Pálssonar, er þá hafdi fengit Laufás, í þíngeyarþíngi. Steindór Helgason sagdi af sèr sýslu í Hnappadal, hann var födurfadir Haflida í Grundarfirdi; var settr þar fyrir sýsluna Páll, son Axels Fridreks Jónssonar eldra frá Einarsnesi, Sigurdarsonar, ok var hann minnst virdr af sýslumönnum. Commissión var sett yfir biskupsstólana; voru í henni biskupar bádir, amtmadr, lögmenn, landfógeti ok stiptprófastar, ok enn fleiri; skyldi uppgötva ok teikna öll inngjöld stólanna, ok skilja frá biskupunum ok þeirra verkum allt þat, er dómkyrkjum ok skóla-uppheldi skyldi vidkoma; þó var eigi at því gjört at því sinni. Þá sumradi ærit seint, ok var illr heyskapr ok nýtíng, þó allgott grasár fyrir nordan, ok svo fiskiafli, en illa nýttist hann sakir votvidranna. Voru þá svo miklir hafísar, at tvö kaupskip komust ei á hafnir fyrir nordan, ok fóru ei á brott fyrrenn í öndverdum Septembri. Brynjúlfr Brynjúlfsson var lögsagnari í Vestmannaeyum; hann hafdi dulsmál fyrir á þíngi, ok hèt sú Anna Árnadóttir er at því var völd; var hún dæmd frá lífi, en þó skotid til konúngs; önnur hèt Ingibjörg Loptsdóttir úr Rángárþíngi, er eins gekk um. Þjófar nokkrir voru ok dæmdir til þrældómsvinnu, ok þar gjördist um mál Þorsteins Bjarnasonar lögsagnara. Erlendr Ólafsson hafdi unnit mál sitt um sinn ok sýsluna fyrir hæsta rètti, þó med bótum miklum, ok Þorlákr Gudmundarson stadit fyrir sýslunni sídan Ólafr Árnason dó, medan stód á útistödum Erlendar, en nú var enn Erlendr dæmdr at nýu frá sýslu. Hans Wíum hafdi farit utan hit fyrra árit, ok var nú kominn út, ok hafdi fengit hæsta-rèttar stefnu uppá mál sitt. Skúli landfógeti fór utan ok Danneberg verksmidjumeistari í Reykjavík; hann hafdi endat hèr tíd sína, ok haft 800 dala laun á ári, ok þóttist þó eiga hugnun nokkra at Skúla, er sèr hefdi heitin verit; áttu þeir útaf því mál saman, ok svo vard um fleiri, at hlutdeild þeirra vid Skúla lyktadi med málssóknum; er svo sagt, at Danneberg hafi unnit sitt mál. Þann tíma gjördist Hálfdan Einarsson

prófasts, Hálfdanarsonar, Rektor á Hólum; hann var Attestatus ok lærdr vel.

XXXI Kap. Eldsuppkoma, mannalát, hardæri.

Í September mánadi gjördust landskjálftar allmargir, ok var einn mestr, hrundu þá í grunn bæir á Tjörnesi, ok vídar urdu skadar vid sjóarsídu. Þareptir gjördi dunur ok bresti í lopti fram undir vetrnætr, fylgdi því loptrik ok móda; en hinn 17da dag Októbris mánadar hljóp fram sá hluti af Mýrdalsjökli, er Kötlugjá nefnist, med landskjálftum, dunum ok eldgusum miklum, svo logadi í himin upp; þat stód í 14 daga, ok var opt dymmt á midjum dögum, ok mínkadi þadan af, en færdist yfir nálægar sveitir, Sídu, Skaptártúngur, Medalland, Álptaver ok Landbrot; var þar þá fallinn álnar þykkr sandr á slèttlendi, en hálf alin á hæstu hólum; misstist nær öll málnyta af peníngi, en tveir menn fengu bana; þá brádnudu steinar sem feiti. Lögdust 50 býli í eydi, þó þau byggdust aptr sídan, ok sýktust margir menn af vedráttu þeirri er af stód, en peníngar stráfèllu. Er svo sagt, at landskjálftinn hafi færzt yfir sem lognalda á sjó, ok þar sjórinn tekit vid sem landit þraut, ok þóttust þeir hætt komnir sem úti lágu at fiski. Þeir Eggert ok Bjarni skrásettu þessi tídindi, en Jón Eyríksson, er ádr er getid, ok var í Kaupmannahöfn, sneri á Dönsku ok lèt prenta; hann gjördist sídan hinn mesti merkismadr. Íllt var þá haust ok hardt, ok komust skip í nordrhöfunum naudugliga út; rak Eyafjardarskip nokkrum sinnum tilbaka, allt fram í Nóvember; er þess getid, at kaupmadr nædi þá einum íslenzkum manni á skipit, ok fengi þat sídan hradbyri, eptir fornri hjátrú. Þá andadist húsfrú Margrèt Jakobsdóttir í Brædratúngu, ekkja Ólafs biskups, ok prestar nokkrir: Bárdr prestr Jónsson í Holtum, Bergsveinn prestr Haflidason frá Stad í Súgandafirdi, Íngimundr Gunnarsson í Gaulverjabæ; þann stad fèkk aptr Jón prófastr at vestan, Teitsson prests, Pálssonar; Olafr Jónsson á Snæfjöllum; Þórdr Eyríksson prests í Vogsósum í Selvogi; hann hafdi verit karlægr af líkþrár sýki; ok enn andadist Snorri Jónsson, er fyrr var prófastr á Helgafelli, en fyrst skólameistari á Hólum, son Jóns Magnússonar gamla, en fadir Gísla prófasts í Odda, ok Gunnlaugs prests ok Jóns; var hann komin

austr at Odda til Gísla prófasts, en Gunnlaugr prestr, sonr hans, hafdi tekit vid Helgafelli af hönum fyrir tveim vetrum sídan, ok hèlt þat lengi; var hann kalladr skáld gott, ok hefir orkt fædíngar-sálma ok lofkvædis-sálma, ok enn fleira, ok Hebresku kunni hann; gjördist prófastr þar vestra Vigfús prestr Erlendsson, ok er getid fyrri. Snorra Edda var þau misseri gefin út á franska túngu, ok prentad var á Hólum: Hallgríms sálmar, idrunar-sálmar Þorgeirs, dægrastyttíng Steins biskups ok Graduale. Lagdist nú vetr at snemma, þegar eptir Michaelsmessu, med snjóum ok frostum; gjördi vedr svo mikit í Decembri, at braut kyrkju á Söndum í Dýrafirdi, timbrkyrkju forna, ok vídar spillti þar húsum. Var sá vetr mjök hardr frá nýári, helzt fyrir nordan 1756. ok austan land, ok er talinn hinn 6ti í hardindunum; rak inn hafísa á einmánadi fyrir öllu Nordrlandi, ok hlánadi aldrei til Krossmessu; magnadist þá óárit fyrir nordan ok sudr um Borgarfjörd, ok vard hinn mesti fellir fjár ok hrossa, en þó mannfellir meiri vestra; lögdust í eydi 20 jardir Hólastóls í Fljóta umbodi einu saman, ok ei galdst þar nema 20 dala verd fyrir 227; voru þá miklir stuldir um land allt, ok hross etin; lágu ísar fram um hundadaga, ok var kaldt mjök vorit, ok óstödugt; nádu sum skip eigi höfnum fyrir nordan; afli lítill, ok batnadi aldrei vedrátt á þeim misserum; en í Skaptafells sýslu var allt umturnad af jökul-hlaupi ok sandfalli, ok Kyrkjubæar ok Þykkvabæar klaustr nær í eydi.

XXXII Kap. Mordverk Jóns Helgasonar, ok enn fleira.

Um vetrinn, hinn 26ta dag Janúaríí mánadar, gjördi snjóflód í Vatnshlíd á Vatnsskardi, ok kom á badstofuna í því er Björn bóndi Þorleifsson kom frá saudum ok gekk í hana, ok mælti er hann heyrdi dyninn: "hvada bölvud suda er þetta?" Oddný, systir húsfreyu, komst á bita, ok fèkk brotizt út um glugg, ok gat nád bæum; ok er menn komu til, fannst húsfreya med lífi undir stafnvegg, ok lá fram á barns ruggu; hún dó sídan, en barnit sakadi ekki; en bóndi fannst daudr í gaungum; vinnukona fannst laungu seinna med lífi; hún var dóttir Hannesar prests Þorlákssonar. Þá sókti Björn prestr Þorláksson á Hjaltabakka laxveidardóm Gríms Grímssonar á Litlu-Giljá milli sín ok

þíngeyraklaustrs, á alþíngi, ok var Arnórr sýslumadr Jónsson af hans hendi, en Bjarni Halldórsson af sinni hendi ok Gríms; ónýtti Ólafr Stephánsson Vícelögmadr dóm Gríms, en opit skyldi málit; var ok Bjarni fèsektadr nokkut, ok skaut mál til ædri rèttar; mörg voru þar stuldamál. þar dæmdi Magnús Gíslason amtmadr ok 13 meddómendr í yfirrètti mál Erlendar Ólafssonar, ok hèlt hann enn embætti, en sektadist um fè; ok var lýst Arnesi útileguþjóf. 2 þjófar voru hengdir úr Rángárþíngi, ok einn úr þíngeyarþíngi. Fèkk Hans Wíum at halda Múla sýslu eptir hæsta-rèttar dómi, en Sveinn lögmadr Sölvason hèlt aukalögþíng at Ljósavatni, ok dæmdi Sunnivu synjunareid fyrir bródur sinn í seinna sinn, þótt hann hefdi játad þat faderni. þar mælti Hans Wíum á móti, en Sunniva dó ádr hún vann eidinn, ok var mjök misrædt um. þá var sá madr úr Húnavatnsþíngi vestra, fyrir sunnan Jökul, er Jón hèt, Helgason, hafdi verit ódæll úngr ok frændlid hans, en nú optast spakr, ok heldr fègjarn. Kona hans hafdi unnit kaupavinnu í Neshrepp á þeim bæ er í Holti heitir; þar var fátt manna; þótti Jóni henni nokkut vargoldit; hann gekk inn at Holti um kveld, ok var bóndinn í gardi vid hey, hann hèt Stephán; fór Jón þángat ok lagdi hann med knífi, ok myrdi hann, en hann æpti vid hátt; þat heyrdi kerlíng módir bónda, ok kom út í dyrnar, ok vildi vita hvat um var; Jón sneri þar at henni, ok skar hana á háls. Bjarni hèt bródir bónda, sá var at saudum, en drengr í fjósi; eigi var þar fleira manna. Jón hugdi sèr þá at drepa drenginn, ok bída svo Bjarna; fór hann í fjósit, en pilturinn óttadist, ok smaug undir kýrnar; Jón stakk hann mörgum stíngjum ádr hann komst út, ok elti hann sídan, til þess er hann hljóp á veikan ís, skildi þar med þeim; sagdi sveinninn mönnum til, ok söfnudust þeir brádt nokkrir, en Jón fór til bæarins ódeigr, ok inn, ok stal því er til var af peníngum; hann hafdi ljós í bænum, ok er mennirnir komu at höfdu þeir ekki rád fyrir sèr, ok þordu aldrei inn, ok hurfu brott um sídir vid lítin ordstýr, en Jón komst undan ok til Hollenzkra, ok segja margir hann hafi verit hengdr í Hollandi seinast; en þó hafa sumir sagt hann hafi lengi hafzt vid í helli á Vestfjördum, ok ordit þar blindr.

XXXIII Kap. Frá ýmsu.

Þessar stundir deydi Jón prestr Gíslason í Villíngaholti, ok Sigvaldi prestr Halldórsson at Húsafelli, Þorlákr prestr Þórdarson í Grímsey, ok Sigrídr, dóttir Bjarnar prests Stephánssonar, ekkja Jóns prófasts Halldórssonar hins fróda í Hítardal, ok módir Finns biskups. Einar á Söndum í Midfirdi, Nikolásson, Einarssonar biskups, var kránkr af líkþrá, ok dó þá, en sídan gat Bjarni Halldórsson sýslumadr unnit af Gudrúnu, konu hans, ok Ragnheidi, dóttur þeirra, at Halldór, sonur sinn, er kalladr var Vídalín, fengi Ragnheidar, því hún var haldin skörúngr ok vel fjáreigandi, ok vannst ei medan Einar lifdi, því ei þótti allmikils verdt um Halldór, kenndi ok vinnukona hönum barn á brúdkaupsdegi, ok kalladi hann af brúdbekk til hjálpar sèr í sóttinni. Þá var borinn Vigfús, son Þórarins sýslumanns á Grund. Í þann tíma hafdi Magnús amtmadr Gíslason keypt allar jardir Fuhrmanns fyrir þrjár þúsundir specíudala, ok var afsals-brèf gefit út í Florentz prest-setri. Þá voru konúngsbrèf gefin út um presta þá, er brjóta af sèr kall sitt, at konúngr einn mætti þeim uppreisn veita; annat um leg-ordsbætur, at þar gjaldist sem hin brotliga persóna heldr sik, þegar hún verdr ber at sök. Þat sumar lágu ísar vid land fram yfir hunda-daga, ok sneru Hofsóss ok Höfdaskip til baka fyrir þeim; var þá álnar-djúpr snjór á Slèttu í Júlío, ok mátti ei til sláttar taka fyrr enn í Ágústo seint; voru laungum vætur ok illvidri.

XXXIV Kap. Gjafir, ok útkomur manna.

Konúngr hafdi þá enn gefit fèlaginu í Reykjavík til styrkíngar 10 þúsundir dala, ok tók Skúli vid þeim, ok keypti inn fyrir utan-lands naudsynjar til verksmídarinnar; hafdi þessi verksmíd fyrst hafizt fyrir 7 árum sídan, á klædaverkinu, þá er Skúli settist í Videy, ok var sú þörf landi þessu; lögdu saman í þat flestir embættismenn at hefja hana upp, ok var hlutad tillögum í actiur, en hver actia var 50 dalir; lögdu þeir í tvær eda þrjár actiur sem audgastir voru, ok vard hálf þridja þúsund dala; hafdi gengizt fyrir þessu Magnús Gíslason lögmadr, ok var sendt utan til at fá þar um konúngs-stadfestíngu, ok fèkkst hún brádt. Hafdi þá Skúli landfógeti tekit þat at sèr, ok rádizt

í meira, en þat var at reisa upp fullkomna klædaverksmidju; þótti sumum ofmikit írádizt, ádr menn vissu hversu hinni litlu reiddi. Sá Magnús lögmadr, at eigi mundi hin litla verda drifin at gagni, er hin mikla var samtídis henni, ok lèt af því verki, ok lèt færa hina litlu til Reykjavíkr, ok drífa þar allt saman; en þá gaf konúngr þetta fè, sem nú er getid, ok mátti þat verda stofn gódr. En er þeir peníngar voru fengnir, vissu menn ei hve mikit mundi at gjört ödrum ok fleiri nýum tilsetníngum, enda lagdi Skúli mikit í kostnad fyrir sjálfan sik, ok lèt reisa múrstofu mikla í Videy; stód nú í þessu um hríd, ok þótti þess eigi vant at Skúli drifi verkit. Komu hrútar 10 enskir til Sudrlands, er bæta skyldu saudakyn; þvíat enskt saudfè er betra enn annat; Vilhjálmr Hastfer, sænskr Barón, kom út med þá, ok safnadi til þeirra 100 ám; fór hann svo utan, at hann lèt þènara sinn eptir til umsjár því verki. Ítrekadr var enn Princessu-skattrinn; en konúngr gaf landinu tvær duggur, hladnar med gott mjöl, helzt Nordrlandi; þó komu þær fyrir sunnan, ok voru á þeim þrjár þúsundir tunnur; er mælt, at almúgi á Nesjunum hafi eigi vel eyrt fyrri enn því var lokit, ok fengi nordlenzkir minna, enda snèri annat skipit frá Nordrlandi fyrir hafísum. Haldinn var biskupsstóla-Commissiónin, ok stód yfir viku rúma, var þridjúngr af hinum vissu ok óvissu inntektum lagdr til undirhalds biskupanna, en hitt til at halda med skólana ok stólsbúin; var Sigurdr Sigurdarson landskrifari þá settr fyrir rádamann í Skálholti, en þeir mágar, Sveinn lögmadr Sölvason ok Þórarinn Jónsson sýslumadr, yfir Hólastól. Barón Hastfer hafdi látid byggja sèr stofu mikla, ok fjárhús var byggt hjörd hans, meira enn flestar kyrkjur hèr á landi, ok alþiljat; hann var hèr nokkra hríd sídan, en kona hans skemr, því hún undi sèr ekki; hann var ákafliga mikill vexti, ok haldinn ærit sterkr, en hægr ok einfaldligr í framgaungu; reyndust hrútarnir hinir ensku sídan kládugir, sem enn mun sagt verda, en ærnu var til kostad. Ólafr Stephánsson fèkk þá brèf af konúngi til at vera Vícelögmadr Sveins lögmanns, ok fyrr enn málit kom fyrir hann, er ádr er getid, en Páll Axelsson konúngsbrèf fyrir Hnappadals sýslu. Sá madr kom út um sumarit, er Brandt hèt, herramadr edr Hofjúngkæri; fór hann utan aptr med sunnanskipum, ok vissu menn ei hvat hann hafdist at, en var í gátum, at hann mundi vilja skodast um, ok vita hvort hönum

lititst ei at fá hèr amtmannsdæmi; virdtist mönnum at hönum mundi hentara at vera í audugra landi. Lauritz Stiestrup hèt madr í Kaupmannahöfn; hann gaf út híngat Bíblíur margar ok nýu Testament, er hann hafdi keypt, ok sá þess lengi stad. Þá gjördist Illhugi prestr Sigurdarson á Hólum prófastr í Skagafirdi, en Lýdr Gudmundarson fèkk konúngsbrèf fyrir Skaptafells sýslu. Arnór Jónsson, sýslumadr í Borgarfirdi, lèt þar af, en bjó þó lengi sídan í Belgsholti; var þar settr fyrir sýsluna Jón Eggertsson frá Álptanesi, Gudmundarsonar. Jón Benediktsson, sýslumadr nyrdra í Rauduskridu, tók Björn Thómásson at lögsagnara. Mál voru nokkur, ok var eitt er Bjarni Nikolásson sýslumadr fyrrum átti vid Jón Thorlacíus, Brynjúlfsson Thorlacíus, Þórdarsonar: ákærdi hann um ránga atför, ok dæmdi Sigurdr landþíngskrifari Sigurdarson, bródir Brynjúlfs í Hjálmholti, ok gekk á Jón. Björn prestr Halldórsson í Saudlauksdal gjördist prófastr á Bardaströnd, en Jón Jónsson, Sighvatssonar, prestr til Ríps ok Vidvíkr. Þá lèt Björn lögmadr Markússon prenta sögur at Hólum, af Gretti ok Bárdi, Bandamönnum ok Gesti, Hávardi halta, Jökli ok Aulkofra, Þórdi hrædu ok Víglundi; einnin af Kjalnesíngum ok Ref, Hördi, Gísla Súrssyni ok Víga-Glúmi; þar med Robinsona, eda sögur Gustavs Landkróns ok Bertholds; þær hafdi útlagt Þorsteinn prófastr Ketilsson. Kyrkjur Dana ok Nordmanna höfdu gefit til byggíngar Hólakyrkju, ok þarmed Íslendíngar, allir saman 3 eda 4 hundrud dali hvert ár um nokkur undanfarin, ok kom út fyrir nordan þýzkr múrmeistari til at smída hana; var tekit til at brjóta upp grjót raudt úr Hólabyrdu um haustid, ok sprengt med púdri, en ekit heim á vagni um vetrinn, var þat haft til þeirrar smídar, er þar var sídan ágætliga reist, med umsjá Gísla biskups. Konúngr hafdi bodit biskupum bádum at láta halda bænadag í landi hèr sem annarstadar í ríkjum hans, óvanaligan; var hann haldinn hinn 22ann dag Októbris mánadar, til þakklætis fyrir gudliga vernd á hans ríkjum, þar sem landskjálftar ógrligir, med vatnagángi ok sjáfar, höfdu týnt ok spillt mörgu í Nordrálfunni hit umlidna ár, ok kollvarpat Lissabon, höfudborg í Porútgal, en deydt menn mjök marga, þarmed Katla spúit á landi hèr, en í Danmarkar ríki var ei meira af ordit enn svo, at varla mátti telja skada þann, er hèr vard af í landi. Var þessi dagr föstudagrinn fyrstr í vetri, ok

haldit þakklætit bædi med hámessu ok aptansaung; en svo sem árferdi hafdi verit hit versta, ok hey mjök spillt, þá gjördi áttaskipti þann dag, ok brá til gódvidra á sunnan, ok var svo opt þann vetr; en þadan af batnadi árferdit smámsaman á sjó ok landi, ok græddist undarliga fljótt saudpeníngr fyrir nordan land; þó mátti ei þá þegar fyrir afleidínga-sakir kalla lokit hallæri.

XXXV Kap. Mannadaudi.

1757. Vetr sá var í medallagi, ok kalladr hinn 7di í hardindunum; var heldr ógæftasamt til sjóar, ok fiskiafli lítill, en menn þá svo þrotnir af því, er undan var gengit, at manndauda gjördi mikin um allt Ísland af sulti ok megurd; ollu því ok húngrsóttir adrar; telja sumir dæi fjórar þúsundir ok tvö hundrud, en 2 þúsundir ok fimm hundrud þaraf í Skálholts biskupsdæmi; 134 dóu úr vesöld í Breiduvíkrhrepp vestra, en 93 í Neshrepp, eptir því sem Jón Ólafsson á Grímstödum sagdi í annál sínum; en um þau 7 ár, sem hardindi þessi höfdu þá stadit, hafdi fækkat nær um 4 hundrud hins 5ta tugar í Skálholts biskupsdæmi, en nær 18 hundrudum ok 30 í Nordrlandi; alls hafdi fólk fækkad í landi meir enn 6 þúsundir ok 2 hundrud, ok þó sumt af landfarsóttum eda skipatjónum; er sagt ordit hafi þessi misseri 11 skiptapar. Þann vetr átti Bjarni Halldórsson á Þíngeyrum hvalmál vid Einar Magnússon, er verit hafdi sýslumadr í Stranda sýslu, ok vann þat. Dóu á þeim misserum prestar nokkrir: Jón Gissursson at Hálsi í Hamarsfirdi, Árni Franzson, er fyrri hèldt Hruna, Ásmundr Jónsson at Breidabólstad á Skógarströnd, hann var fadir Þurídar í Gördum; hún var fyrst heitinn Jóni sýslumanni Árnasyni at Íngjaldshóli, en þat drógst úr hömlu, ok átti sídan Jón Eggertsson sýslumann. Jón prófastr Sigurdarson á Skutulsfjardareyri andadist enn, ok prestar: Bjarni Jónsson í Dýrafirdi, Gottskálk Jónsson at Hvanneyri nordr, Jón Eyríksson at Gudrúnarstödum, ok Sveinn at Goddölum, Pálsson, Sveinssonar; hann var fadir Jóns prests, er sídan var í Goddölum, ok Odds, ok Páls á Steinstödum, födur Sveins læknis. Mælt er þá, at Cancellíit hafi sendt 5 þúsundir dala til Hólakyrkju byggíngar, ok má ætla verit hafi af kyrkna-tillögunum erlendis.

XXXVI Kap. Konúngsbrèf ok embætti.

Þá var sumum gefinn upp Princessu-skattrinn at hálfu eda öllu; ok gaf Vilhjálmr Hastfer út rit um ástand Íslands ok fjárafla; var hann lærdr madr, en ei þótti þat rit mjök merkiligt, nema gott lof lagdi hann á landsfólkit. Magnús Gíslason fèkk nú fullkomit brèf fyrir amtmannsdæmi, en Björn Markússon vard lögmadr sunnan ok austan í hans stad, ok lèt af Skagafjardar sýslu; hana fèkk Jón, son Snorra prófasts at Helgafelli, bródir Gísla prófasts í Odda ok Gunnlaugs prests; hann var lærdr madr, en heldr hneigdr til öls, sem þá var þó mörgum tídt. Einar Magnússon lèt af Stranda sýslu; hafdi hann verit lítt þokkadr, ok nú kominn í vandrædi. Þau voru börn Jakobs Eyríkssonar vid Búdir skilgetin: Halldór ok Jón, ok Kristín, er Árni prestr Sigurdarson átti; þeir brædur voru vænligir at sjá, ok vel um sik í mörgu, en óskaplíkir mjök; var Halldór fljótskarpr, rostumikill ok nokkut hverflyndr; hann var þá utanlands, ok hafdi komizt í áverkamál vid háskólann á Páskadegi; þó fèkk hann brèf fyrir Vestmannaeya sýslu, en var hid sama sumar settr fyrir Stranda sýslu, er Einar var frá, ok fèll lítt á med þeim; lèt Halldór prenta skrásetníngu um eldgos fjalla á landi hèr. Jón Eggertssón fèkk konúngsbrèf fyrir Borgarfjardar sýslu sunnan Hvítá, en Björn Thómasson var þá lögsagnari Pètrs Þorsteinssonar í Múlaþíngi, því hann var ei vid. Kom eitt konúngsbrèf til Skúla landfógeta, at innkalla landskrifaralaun; önnr voru ómerkiligri; ok þá var útbýtt á prestastefnu at Flugumýri 700 dölum í krónum, er Gísli biskup hafdi utvegat, en Fridrekr konúngr gaf hinum fátækustu prestum ok prestagördum, er mist höfdu í hardærinu. Var Sigurdr Sigurdarson landþíngsskrifari gjör hinn fyrsti rádamadr Hólastóls, ok hèldst þat um 7 ár. Þá kom brèf til Magnúsar amtmanns, ok baud at halda aukarètt í meinamálunum úr Múlaþíngi; ridu þeir austr Björn lögmadr Markússon, ok Þórarinn Jónsson á Grund, ok dæmdu málin, ok vann Hans Wíum eid fyrir Sunnivu; en eptir þat fannst vísa þessi á beinakellíngu, er margir eignudu Sveini lögmanni, en sumir segja hana kvedna á glugg yfir Hans Wíum:

Töpud er æra, týnd er sál; — túnglid vedr í skýum, —
Sunnivu hèr súpi skál sýslumadrinn Wíum!

Á því hausti supplicerudu embættamenn til konúngs um kauphöndlunina, en margir vissu ógjörla hvers þeir beiddust, eda hvort betra mundi vidtaka, þá nokkud þætti at hörkramara-fèlags kaupskapnum, er þó vildu fella þat fèlag; fór Skúli utan, ok hafdi vid þat kærur miklar.

XXXVII Kap. Frá Eggerti ok Bjarna.

Þetta sumar fóru þeir Eggert ok Bjarni seinast hèr um land; voru þeir bádir lærdir menn ok viljadir vel, ok gervimenn miklir um marga hluti; Eggert hinn edlisfródasti madr, ok hit bezta skáld, vel at sèr í heimspeki ok ödrum vísindum; ann hann landinu, ok vildi af því láta því nytjast allt þat er innlendt var, en þá er hann áfrídi nokkut í kvædum sínum at slíkt væri vanhirdt, eda þótti Íslendíngar daufir eda atburdalitlir, þá var þat ekki vel þegit af sumum, en sumir kölludu hann stórlátan ok sèrlundadan; vel var hann at sèr í gudfrædi ok fornfrædi, ok nokkut hefir hönum verit líst ádr at ödru; eigi voru þeir Bjarni mjök skaplíkir, en unntust þó jafnan; var Bjarni nokkut ölgjarn, en Eggert því fjærri, ok af því ætludu sumir at kvædi Eggerts, er Flöskukvedjur heita, væri stílat til Bjarna, en þat olli at fáir menn þekktu þá slíka altída greinarlausa atfinnslu med sidudum þjódum, ok var gjarnt at taka hvad eina fyrir sneidir. Þeir Eggert ok Bjarni gjördu registr yfir bækr vid háskólann, at beidni Mölmanns ok Doktors Hauberts, ok höfdu sídan verit kjörnir af þeim til at fara út híngat, sem fyrr segir, ok safna nattúrufrædi, ok fengit styrk af stiptan Arna Magnússonar; höfdu farit fyrst um Rángárvalla sýslu, skodat Geysir ok Heklu ok annat; sídan fór Eggert vestr, en Bjarni til Leirár, ok svo nordr ok um Nordrland; á því hausti hafdi hann farit utan, ok safnat bókum mörgum fornum ok ödru fágæti, læknat ok menn. Fengu þeir Eggert gott ord, ok höfdu sídan verit sendir af konúngi, sem fyrr er getid; þeir voru optast á vetrum, er þeir voru út hèr, í Videy med Skúla, ok þá kenndi Bjarni Rannveigu, dóttur hans, kristindóm, en sjúklíngum voru opt heimilar þar vistir á dögum Skúla, því hann var þrautgódr ok ósínkr. Þeir Eggert höfdu farit um land allt, ok uppá há fjöll; þeir könnudu hellirinn Surt ok Snæfellsjökul, ok marga adra stadi; en fyrir einu

ári, er hèr var komit, hafdi komit upp sýki vid verksmidjuna í Reykjavík, er þar var köllud sárasótt, ok gjördi Bjarni uppskátt at var Venussýki sú, er köllud er hin Franska edr Fransósar, ok af öndverdu köllud Púlverja-sýki; var því þá lítid sinnt at því sinni. En þetta sumar, er nú er talit, fóru þeir Eggert ok Bjarni bádir utan; settu þeir saman bók mikla um ferd sína, en Prófessórar, er sídan voru, Jón Eyríksson ok Schönníng, umbættu þat sídan. Á þeim misserum andadist Jóhann Gottrúp at Grunnasundsnesi, af gulusótt ok annarri vesöld; hafdi hann alla þessa stund verit þar vid lítin atbúnad.

XXXVIII Kap. Reynistadar brenna, mál, þíng ok umskipti.

Nú lètti af óárinu, ok gjördi hinn bezta vetr yfir allt land, var medal- 1758.
lagi afli sydra, en minni vestr um; þó var enn umferd mikil; konúngr hafdi þá gefit alls fèlaginu í Reykjavík 61 þúsundir ok 300 dala, auk þess er hann gaf Skúla, ok var þat nú í blóma sæmiligum, ok gekk verkit. Þann vetr gekk sótt mannskæd í Eyafirdi ok Skagafirdi; dóu þó engir nafnkendir menn, en prestar dóu eystra: Jens Jónsson í Mjóafirdi, Jón Oddsson á Hjaltastad, Sigurdr Sveinsson á Heydölum, fèkk Gísli, son hans, kallit; Einar Torfason, Halldórssonar á Reynivöllum sydra; hann fèll af hesti á ferd, ok dó af því; Gudmundr Ísleifsson í Nesþíngum vestr. Þá bjó at Reynistad húsfrú Þóra Bjarnardóttir, ekkja Halldórs biskups; med henni var Gudrún, dóttir Þorkels prests at Fagranesi er druknat hafdi med Gudmundi Steinssyni Bergmanni, hinn bezti kvennkostr; hafdi kynnzt vid hana á Hólum Þorvaldr Sörensson at nordan, er þar hafdi verit smásveinn, ok trúlofudust þau, en hann vígdist Capellán til Halldórs prests Hallssonar á Breidabólstad, ok kom at vestan um vetrinn nær einmánadar komu, ok at Reynistad; skyldi þá fara fram brúdkaup þeirra Gudrúnar víku seinna á þridjudaginn; þar voru þá 40 menn í heimili. Á mánadaginn var borinn eldr í smidju; hún stód sunnan kyrkjugard, ok blöstu þilin vid; var smjörvaskemma fyrir, full med tjörukagga ok annat eldfimt, ok drógu menn til sídan at fokit mundi hafa eldr í. Vöktu konur tvær at kjötsodníngu um nóttina, ok urdu varar vid reyk, fóru at vekja menn, ok tókst seint, en þá hljópu menn út í nærklædum, en

sumir tóku nokkut med sèr úr rúmum, er þolnari voru; sumir fóru at sækja vatn, en engum vard fyrir at brjóta; vard bærinn allr í loga, en skemman brann ok þat er í var. Þórdr djákn, son Þórodds Þórdarsonar, ok Páll, son Halldórs biskups, fleigdu því er þeir áttu utum glugg, ok björgudu sínu öllu, en engir adrir. En er allir voru út komnir, var eptir barn í rúmi Þóru húsfrúr, Ragnheidr Vigfúsdóttir, systir Sigurdar, er sídan var prestr á Skeggjastad, en ein heimakona, er Gudrún hèt, hljóp inn, ok sveifladi saman klædunum, ok bar allt saman sudr í kyrkjugard, ok kvadst ei vita hvat í var, rakti húsfrúin sundr ok fann barnit heilt, ok gladdist vid ok launadi henni vel; þar brunnu inni lömb nokkur ok kálfar tveir, en menn engir. Þorvaldr prestr gekk um gólf á hladi, ok kvadst skyldi gefa þeim 30 dali, er nædi kistu sinni í portslopti; þá hljóp upp Brynjólfr smidr, son Halldórs biskups, ok nádi í kistuna; en í því fèll loptid ok þilit fram, ok hljóp hann út úr loptinu ok kom standandi nidr, ok hèldt á kengnum. Þar fundust 12 silfrskeidir sídan, er Halldór prestr Jónsson, er sídan var á Hólum, hafdi lèd, en annat silfr ok tin rann flest saman. Brann allr stadrinn, þó menn kæmi at, nema ein skemma nær tóm, ok kyrkjan, ok ei komst eldr í heyin; var vedr mikit medan brann, en logn eptir ok ádr. Lá fólk sídan í kyrkjunni, ok fèkk allt af faungum til, en Þorvaldr prestr fèkk ei sídr konunnar útí Vík um daginn; lifdi eldr í moldinni fram á haust. Margir gáfu Þóru húsfrú, ok hèldt hún öllum hjúum sínum nema tveimr; Magnús amtmadr baud henni til sín vid 6ta mann, Gísli biskup vid 5ta, en Bjarni Halldórsson á Þíngeyrum vid 7da mann, en hún þág þat ei, því hjú vildu þá ei vera; reid hún sídan um sumarit austr til Hlídarenda til Brynjólfs Þórdarsonar; hann lá í kör af elli; en þadan til alþíngs, ok gafst henni mikit; Halldóra Aradóttir frá Haga hafdi ein gefit henni, þær voru í tengdum; dó Halldóra litlu sídar, ok svo Þorvaldr prestr Sörensson, ok giptist Gudrún aptr seinna Bjarna presti Jónssyni at Undirfelli, er seinast hèldt Mælifell. Týndust þann vetr 9 skip á Sudrnesjum ok 3 vestra, ok á meir enn 50 menn; var enn húngrdaudi í Vestmannaeyum. Sá madr var tekinn af í Húnavatnsþíngi um vorit, er myrdt hafdi barn sitt. Gjördi þá kulda eptir fardaga, ok hindradi grasvöxt. Átti Björn prestr á Hjaltabakka í laxveidar-máli á þíngi vid Bjarna

Halldórsson, en Einar Magnússon af Ströndum í hvalmáli, ok höfdu bádir lægri hlut; hafdi Magnús Ketilsson, sýslumadr í Dölum, dæmt í hvalmálinu, ok var þat stadfest. Þar var dæmdr til dauda Jón Magnússon, þjófr úr Árness sýslu, ok tveir menn adrir, hètu Magnúsar bádir, Þórdarsynir, ok voru brædr, um leti ok óknytti, til þrælkunar um hríd, ok Sigrídr Jónsdóttir í þrældóm fyrir stuld, ok svo einn úr Múlasýslu, er Jón hèt Jónsson, ok einn þjófr, er Íngimundr hèt, úr sýslu Davíds Skevíngs á Bardaströnd, ok enn fleiri. Sumar var gott ok heyadist allvel; voru gefin út konúngsbrèf: eitt um skírslu, er innsenda skyldi yfir daudadóma; annad um mjölpráng; þridja um fiskiveidar á Íslandi í 17 greinum. Jón, son Ólafs Jónssonar á Eyri vid Seydisfjörd, gjördist þá Vícelögmadr sunnan ok austan; hann þótti sumum nokkut grályndr, ok var eigi mjök vinsæll; átti Ólafr, fadir hans, í þann tíma mál vid Erlend Ólafsson sýslumann, ok hafdi af litla virdíngu; Halldór Jakobsson fèkk konúngsbrèf fyrir Stranda sýslu, en Sigurdr, son Sigurdar prests í Flatey, Sigurdarsonar á Brjámslæk, fèkk aptr Vestmannaeyar, er Halldór hafdi brèf fyrir ádr; hann var bródurson Gudmundar á Íngjaldshóli ok Þorgríms í Hjardarholti. Magnús amtmadr færdi í ord, at hèr væri þörf á landlæknisembætti, ok lèt Buchwald Bjarna Pálsson rita utanlands um, hversu því yrdi hagligast vidkomit, ok um skyldu ok laun landlæknis. Var þá í yfirrètti um sumarit Jón Jónsson úr Múlaþíngi, bródir Sunnivu, dæmdr til dauda, medgekk hann brot sitt, ok sókti Hans Wíum, en Jón Snorrason vardi. Sigurdr Stephánsson lèt af Austr-Skaptafells sýslu, ok var settr Sigurdr Ólafsson fyrir hana, er sídan hèldt Kyrkjubæar klaustr, ok eigi lengi, þvíat Jón, son Helga, bónda eins úr Eyafirdi, ok bóndi þar sjálfr, fèkk sýsluna ok hèldt hana sídan mjök lengi, ok átti þó allopt þar vid ramman at draga, bædi í vidskiptum ok svo at verja framferdir sínar. Á þeim misserum kaus Koefod Ancher Jón Eyríksson Íslendíng fyrir medhjálparmann vid fyrirlestra, því hann jók vísindi sín ok kunnleik vid stórhöfdíngja, ok lagdi fyrir sik lögvísi at rádum Luxdorfs; tók hann þá lagaexamen, ok ritadist á vid höfdíngja, ok hina lærdustu menn; budust hönum sýslanir, ok vildi hann eigi at snúa.

XXXIX Kap. Hólakyrkju smíd, ok mál Hólaprests.

Þess er ádr getid, at reisa skyldi Hóla-dómkyrkju; hafdi biskup ok amtmadr af öndverdu kært naud Nordrlands af hardindunum, ok at biskupsstóllinn ok fè hans væri mjök fallit, en Fridrekr konúngr þá af medaumkun sinni bodit at skjóta skyldi fè saman; þat höfdu fyrst hafit Kaupmannahafnarbúar, en konúngr ok konúngs-ættmenn gefit 10 hundrud dali til; fylgdu því dæmi margir ágætir menn, ok vildi konúngr at Nordrland ok allt Ísland hefdi not af; en styriöld gjördi þá í Þýzkalandi mikla, ok vard konúngr at kosta miklu til varnar löndum sínum; vid þat stansadi gjafirnar. Var skipt út þúsund dölum til biskupsins á Hólum ok stólsins, en þat er meira hafdi gefizt var ákvedit til kyrkjubyggíngar; vissu menn ei hve lángt þat mundi hrökkva, ok því var álitid sanngjarnligt at Hóla biskupsdæmis innbyggendr kostudu nokkru til kyrkjusmídarinnar; fyrir því var konúngsbrèf þat gefit út, er baud almenníngi skylduvinnu at kyrkjugjördinni, en þat þótti Nordlendíngum mikil óvenja, ok hèldu þat brèf uppdiktad af landshöfdíngjum hèr, ok bádu þeim ógagns; þótti sem ei mætti landit standast undir slíku, ok var kurr mikill, urdu sumir til at flymta um. En med eptirgángsmunum miklum vard mönnum komit til þess umsídir; var lagdr til madr úr hverjum hrepp, ok gjördu margir hann út, en sumstadar úr tveimr; sumir lögdu til hest. Skagfirdíngar einir fluttu kalk til kyrkjunnar, þat var mjölkalk í tunnum, ok hafdi komit út á Hofsós skipi, ok heldr lèttara enn þýngra enn mjöl; adrir færdu at steininn til veggjanna, ok möl í kalkit; var þetta eigi svo mikit álag sem menn höfdu ætlad í fyrstu, ok gjördust þá margir audsveipari, er þat var eittsinn reynt, ok stódu allir jafnrèttir. Var á þessu hausti rifinn kórinn, ok tekit til at leggja grundvöll hins nýa, en embætti var þá flutt í fram-kyrkjunni; en er hún var tekin ofan sídan, var flutt embættid í timbrstofunni fornu; var hún svo vel uppbúin, at hafa mátti fyrir góda kyrkju, en ekki vígdi Gísli biskup þar presta; þeir voru vígdir í Vidvík medan á smídinni stód. Rífkadi þetta mjök upp hýsíngu á Hólum, en miklu voru þar þá færri hús enn á öndverdum dögum Steins biskups; þá voru þau 60. Þann tíma deydi Gudmundr prófastr Ísleifsson á Bardaströnd; ok fèkk Jón prófastr Teitsson í Gaulverjabæ

Margrètar, dóttur Finns biskups. Mál var þá á Hólum: var Illhugi prófastr dæmdr frá kalli fyrir illyrdi vid Svein lögmann, en sídan gjördi hönum hætt vid meiru, þvíat menn vildu vita hvort hann hafdi fengit uppreisn á dómi þeim, er Skúli Magnússon hafdi dæmt þá hann var sýslumadr, um þá Skapta Árnason, bródurson Þorleifs prófasts Skaptasonar ok Magnúsar á Vídimýri, þvíat hann hafdi eigi getad hegnt þeim fyrir ofríki þeirra Skaptasona; var Illhugi prófastr þá tæpiliga staddr; en prófastsdæmi tók eptir hann Halldór prestr, son Jóns prests at Völlum Halldórssonar, Þorbergssonar, Hrólfssonar, var hann ok dómkyrkjuprestr sídan. Um Illhuga kvádu þeir, er þeir ætludu til Hóla í máli hans, Sveinn lögmadr ok Hallgrímr prófastr Eldjárnsson, ok med þeim Eggert djákn, son Eyríks Eggertssonar frá Ökrum, ok sá madr er Benedikt hèt, ólærdr ok fadir Helga prests, er sídan var í Stærra-Árskógi ok þadan fór nordr; þeir höfdu vind ok hregg á móti; Sveinn lögmadr kvad:

Illhuga ýrur skella einatt framan í Sveini.

Hallgrímr prófastr kvad:

Hallgrími hlutr fellr hvergi rýr af þeim ýrum.

Eggert kvad:

Eggert má einatt hryggja eitrud skeggbrodda-þeytíng.

Benedikt kvad:

Benedikt varla vonar vingustar fremr hinum;

ok lètu þeir þetta vera gaman. Jón Gunnlaugsson gjördist þá klaustrprestr at Stad. Dæmd var þá til lífláts Íngibjörg Sölvadóttir úr Eyafirdi, er fargat hafdi barni sínu. Þá var gott haust ok öndverdr vetr, 1759.
en í medallagi þegar áleid, ok allt árferdi þadan af allgott; vor var nokkut kalt, ok andadist Illhugi prestr, er strax var getid, á þeim misserum, á hinu fyrsta ári um fertugt; þótti mörgum hugsýki valda mundi.

XL Kap. Höndlunarskipti, ok margt annat.

Þann vetr ok svo um sumarit var all-fátídt í landi; var þá lokit manndauda, ok er sagt dáit hafi í öllu landi um 7 ár, med þeim er druknudu ok dóu í sóttum, hátt á 10du þúsund; tók snjóflód þrúgsá í Eyafirdi. Hlutir voru þá litlir. Tekin var af kona í Mýrasýslu, er

barn hafdi alit í dulsmáli ok fargat því, en annarstadar segir at verit hafi í Skagafirdi, ok hyggjum vèr eigi satt. Konúngsbrèf höfdu verit gefin út seint á hinum fyrrum misserum, um aldr barna, er þau væri konfirmerut, ok skilmálar fyrir nýrri kauphöndlun; en nú var eitt gefit út um tugthús eda agahús í landi hèr; lagdi konúngr þar til sakafalls afgjöld sýslumanna, ok skipadi toll á jardir ok kúgildi, tvo skildínga af ríkisdalsleigu hverri. Annat var um sakamálaskírslu til Cancellíisins; þridja um innköllun lögmannstolla; fjórda var frelsis- ok ærubrèf Jóns Jónssonar frá Kóngsbakka í Snæfells sýslu, er dæmdr var til þrælkunar fyrir stuld. Kammerbrèf komu tvö til Magnúsar amtmanns, um at sýslumenn skyldu eid vinna, at kornvara sú er konúngr hafdi þá sendt fyrir nokkrum árum til útbýtíngar landinu, væri úthlutud eptir reikníngum til amtmannsins; aflögdu þann eid á alþíngi þessir sýslumenn: þorsteinn Magnússon í Rángárþíngi, Gudmundr Rúnólfsson sydra, Jón Eggertsson í Borgarfirdi, þorgrímr Sigurdarson í Mýrasýslu, Halldór Jakobsson á Ströndum, Lýdr Gudmundarson í Skaptafells þíngi, ok Páll Axelsson í Hnappadal. þá gaf Jón þorkelsson í Kaupmannahöfn, er fyrr var skólameistari, jardir nokkrar ok adrar eignir sínar, er töldust 4ra þúsunda dala virdi, til barnaskólahalds í Gullbríngu sýslu, med því hann var þadan kynjadr; var hann lærdr madr, en þótti styrdlyndr ok óvidfeldinn, ok hefir þetta hönum til frægdar ordit; var skolinn ætladr til gódrar mentunar fátækum börnum. Kom nú at því sem lengi hafdi verit eptirsetid: hafdi hörkramara kauphöndlunar-fèlagit þótt allilla standa fyrir kaupskap medan þat var, ok lítt hafa sorgat fyrir landinu í hördum árum, enda kafit handidnir, ok verit í vegi þeim tilskipunum, er konúngr vildi láta framgánga; hafdi þetta verit mjök framborit af Skúla landfógeta ok ödrum; ok kom nú svo at þat fèlag var afskipat, en konúngr vard þó at eptirgefa því hálft afgjald um hin sídustu þrjú árin, til þess at þat sleppti kauphöndlun 5 árum fyrri, enn upp hafdi verit lagt í öndverdu; reiddi nú konúngr sjálfr landit. En svo segir einn merkiligr madr ok vitr, at eigi hafi fèlagit verit sök í því, þó þjónar þess færi stundum illa med sínu rádi, eda þó sumt væri selt dýrra enn eptir taxtanum, eda saudir ok ullarvörur felldar eda reknar, eda rekinn gjaldgengr fiskr, eda vegit illa, ok hafi allt slíkt ei fyrirbyggt ordit, þó þat væri frá

skipat. Mátti nú sídr enn fyrri ákæra þat er áfátt var fyrir kaupmönnum, þvíat nú var svarat jafnskjótt er í milli bar, at konúngr vildi svo vera láta, þótti ok sumum vörur lakari eptir enn ádr; en þat hafdi verit mjök tídt, at rígr hafdi verit í Íslendíngum vid kaupmenn Dana; höfdu þeir stundum nokkrar sakir til, en stundum litlar, ok urdu opt slög edr ryskíngar, þegar mikilhæfir menn komu saman innlendir. Nú var sagt at konúngr reiddi, en Agent Ryberg var fyrir framan um útreidínguna; þótti mönnum siglíng lítil, því 3 kaupskip komu sunnanlands, tvö á Vestrlandi, eitt fyrir nordan, ok eitt fyrir austan; voru lögmenn látnir virda af nýu kaupstadahús ok inventaría, ok gengu þau nidr frá þeirri virdíngu, er hit fyrra árit var á gjör, um 6 eda 7 þúsundir dala. Þá voru skadar af skridum, ok brunnu hey; ok var lagdr grundvöllrinn til hegníngarhússins fyrir sunnan at Arnarhóli vid Reykjavík, á kostnad konúngsins ok svo landsins, þat var múrhús mikit. Konúngr baud at senda tvo skólasveina til skóla í Sjálandi. Einar Oddsson hèt hreppstjóri einn, er hafdi bitid Magnús Philippusson ok verit kærdr; var þat mál nú dæmt, ok vard Magnús fyrir öllum sektum; hann hafdi skammyrdt Jón Ísleifsson lögrèttumann ok Einar. Gudbrands mál var í Húnavatns þíngi; hann var ordadr af konu sonar síns, ok vildi Bjarni Halldórsson láta hana víkja. Á því sumri voru taldar landskuldir af landi hèr öllu, ok voru 24 þúsundir 200 ok 73 dalir, en þat var nær þridjúngi minna enn fyrir rúmum 60 árum sídan. Þá andadist Bjarni prestr Þorleifsson, Árnasonar, er prófastr hafdi verit ok haldit Kálfafell eptir födur sinn; hann deydi at Reykjaholti í Borgarfirdi at Þorleifs prests, sonar síns, er þar var, ok seinna gjördist prófastr sunnan Hvítá; einnin Halldór prestr Sigurdarson at Stadarhrauni, ok Björn prestr Skúlason at Hjaltastödum nordr, fadir Jóns prests á Audkúlu, ok Stephåns mælíngar-frædimanns, er fyrr er getid, ok þeirra systkina; þarmed Sölvi Thómasson, klausturhaldari at Múnkaþverá, fadir Sveins lögmanns; fèkk Sveinn lögmadr hálft klaustrid eptir hann; en Þorlákr Gudmundarson, er fyrst var prestr, ok sídan settr fyrir sýslu vestra, fèkk Þykkvabæar klaustur. Vígdust þeir Gudbrandr ok Gunnlaugr Sigurdarsynir frá Brjamslæk, ok Sveinn lögmadr ok Þórarinn sýslumadr sögdu af sèr stóls-rádsmennsku. Jón Eyríksson gjördist prófessor í lögspeki vid Sóreyar háskóla, at

forlagi Juels Geheimeráds ok med áeggjan Harboes, ok fluttist þángat, ok bætti þar mikit lærdóm ok góda skipan med adstod Guldbergs; voru þeir vinir sídan. Eigi vildi hann Doctors nafnbót í lögvísi, er hönum var bodin þareptir. Var þá ekki sumar nýtíngasamt at heyum, en betra at fiski; haustadi ok vetradi vel, ok höfdu hèr þá fyrst tveir höndlunarmenn vetrarlegu í landi: Pens á Eyafirdi ok Pahl á Eyrarbakka; vard þegar lítt látid af þeim.

XLI Kap. Frá börnum Bjarna Halldórssonar.

Bjarni Halldórsson, sýslumadr at þíngeyrum, sat þá laungum heima, var hann mjök þúngfær af holdum, ok svo fyrir aldurs sakir, en kræsti sik sem ádr. Illhugi prestr, bródir hans, misti þá aptr kall ok kjól fyrir hórdóm í ödru sinni. Páll, sonr Bjarna, er kalladr var Vídalín, var í Leipsig, ok lærdómsmadr mikill ok vel at ödrum kostum; var hann svo frægr, at hann hafdi verit kosinn til at halda rædu á burdardegi Fridreks konúngs, ok var vel æfdr í þeim túngum, er þá tídkudust. þorbjörg giptist Jóni Ólafssyni Vícelögmanni, ok bjuggu þau í Vídidalstúngu; hún var væn at áliti, ok sköruglig at mörgu; Halldór fèkk Ragnheidar Einarsdóttur, sem fyrr segir, en Ástrídr var enn ógefin; hún var fastræk en undarlig í skapi, stórlynd ok þó kaldlynd, fègefin ok eigi veglát, sem systir hennar; lagdi hún hug á þann mann, ok þó attesteradan í lögum, er Erlendr hèt Sigurdarson, ok lengi bjó á Brekkum í Skagafirdi, en hann var fátækr ok þar med óvinsæll, ok fèkk hún ei at eiga hann, ok aldrei mannadist hann, en þat ríkti jafnan
1760. í skapi hennar. Var nú þessi vetr hinn bezti yfir allt land, er frá er sagt, ok afli gódr; fiskr nógr fyrir sunnan Jökul, en nær 50 manna druknudu þá af skipatjónum fyrir sunnan land, ok 5 vid Hrísey á Eyafirdi; en á þessum misserum tók Páll Bjarnason Vídalín vanstyrk mikin í skapsmunum eda skynsemd, ok er sagt hann hafi hengt sik í hálsklút sínum.

XLII Kap. Frá ýmsu.

Þann tíma var tekin af Íngibjörg Sölvadóttir í Eyafirdi, er fargat hafdi barni sínu ok dæmd var ádr. Var þá gefit út konúngsbrèf eitt

um innstefníngu sakamála; annat at íslenzkum stúdentum voru eptirlátnir vid háskólann 20 dalir í "föríng", er köllud var, í stadinn fyrir 8, er ádr voru. þridja var um Jón Ólafsson Vícelögmann; var hönum falit á hendr at semja nýa lögbók fyrir Íslendínga, eda yfirskodan laganna, ok skyldu allir dómar afhendast hönum á alþíngi medan á því stædi, en þat var 4 ár; skyldi hann hafa 200 dali fyrir hvert, ok Bjarni Halldórsson sýslumadr vera hönum til adstodar; settist þá Jón at þíngeyrum med Bjarna. Hit fjórda var Instructión hans; hit fimta var um Bjarna Pálsson, at hann skyldi vera hinn fyrsti landlæknir á Íslandi, ok setjast á leigulausa jörd, er hann vildi kjósa sèr, ok hafa 300 dali til launa, en 200 til at kaupa medöl fyrir, ok hálft annat hundrad til at kaupa fyrir læknis verkfæri ok annat þesskyns; bjó þá Bjarni sik út híngat, ok keypti medöl; beiddist hann at apóthekari væri látinn vera annarr, ok fèkk hann þat ekki; kom hann út med Stykkishólms skipi, reid á þíng ok birti þar brèf sitt; sídan fór hann til Videyar, ok var at brúdkaupi Gudrúnar eldri Skúladóttur, er Skúli gipti hana Jóni Snorrasyni, sýslumanni í Skagafirdi; kaus hann sèr bústad at Nesi vid Seltjörn, en var fyrst á Bessastödum, ok þar tók hann til læríngar Magnús, son Gudmundar Lýdssonar, bródur Lýds sýslumanns; lækna skyldi hann snauda menn ókeypis. Var þá apóthek eda læknismedala búdin skipud í Nesi; en af höndlaninni skyldu leggjast til þessa 200 dalir. Konrádr Schyndel kom á Dýrafjörd med herskip, at leita Hollendínga, ok med hönum sótt á Vestfjördu; dóu þar margir. Tók nú Skúli Magnússon landfógeti at semja jardabók, eptir því ástandi sem jardir voru þá í, ok þá komst í algjörva reglu skipun sú, er Árni Magnússon hafdi gjört til fornfræda-stundunar Íslendínga í Kaupmannahöfn; komu þó eigi bækr út frá þeirri stiptan at sinni. Hannes, son Finns biskups í Skálholti, var þá utanlands; hann var hinn snotrasti madr, ok mentadr harla vel, ok var flokksforíngi fyrir sumum stúdentum íslenzkum, en Eggert Ólafsson fyrir sumum, en ekki fóru þykkjur þeirra saman; lèt Hannes þennan tíma prenta Kristinrètt Víkverja, en sídar athugasemdir vid hann, ok annála forna med latínskri útleggíngu. Kom þá upp lærdómsfèlag, er nefndi sik hit ósýniliga; var þat fyrst í landi hèr, ok hafa vitrir menn ætlad at Hálfdan Einarsson, skólameistari á Hólum, hafi verit höfundr at því; var einn í því Bjarni

sýslumadr Halldórsson. þá ritadi Thómas Balle kaupmadr búnadar-þánka um Ísland, ok deydi Jón prestr Magnússon at Mælifelli; þar kom Jóhann prestr Christjánsson; annarr dó Björn prestr Skevíng Laursson at Eyadalsá, ok enn Katrín Bjarnardóttir at Stadarfelli, stjúpmódir Magnúsar amtmanns, Sigurdr prestr Sigurdarson at Holti í Önundarfirdi, ok Halldór prestr Högnason at Hólmaseli af falli af hesti. þorsteinn prestr Pètrsson lèt af prófastsdæmi í Húnavatnsþíngi, ok fèkk Sigfús Jónsson Höfda í Höfdahverfi. Sigurdr Sigurdarson úr Vestmannaeyum var þá settr í Ísafjardar sýslu, í útistödum Erlendar sýslumanns Ólafssonar, ok var mikil deila med þeim, en þorlákr Gudmundarson var skipadr í Vestmannaeyar. Kom út Barón Hastfer, er ádr flutti hrútana ensku, ok hafdi nú spanska; þeir höfdu sýkzt fyrir hönum á leid, ok vard af því mikil ófögnudr sídan. þá kom ok út Eggert Ólafsson, ok settist at Saudlauksdal, at Bjarnar prófasts Halldórssonar; ok gekk Vigfús Skevíng Hansson frá Mödruvöllum at eiga Önnu Stephánsdóttur, prests frá Höskuldsstödum, Ólafssonar. Skip komu á allar hafnir, ok var ár gott, ok fátídt med almenníngi, en hretasamt þegar haustadi, ok voru vedr mikil ok lángsöm; týndist á framsiglíngu Húsavíkrskip, ok spurdist aldrei til nema ómark eitt. Fór þá Björn lögmadr Markússon utan, ok Ólafr Stephánsson Vícelögmadr, Skúli landfógeti ok Barón Hastfer; urdu vída skipatjón á Nordrlöndum á því hausti. þá var haldin at konúngsbodi fagnadar-hátíd, hinn 16da dag Októbris, í minníngu þess, at erfda-einvaldsstjórn Dana-konúnga hafdi stadit hamíngjusamliga um 100 vetr, sídan Fridrekr konúngr hinn þridji kom henni á fyrst. Mál mörg höfdu verit á þíngi, ok eitt þat er Erlendi Ólafssyni höfdu verit dæmdar stórar sektir, ok appelleradi hann.

XLIII Kap. Benedikts mál.

Benedikt prestr Pálsson, bródir Gunnars ok Bjarna, hèldt þá Miklagard í Eyafirdi; hann var nokkut svo affluttr vid Hallgrím prófast Eldjárnsson at Bægisá; vard þras mikit af því fólki er bjó á þeim bæ er Árgerdi heitir, altarisgaungu þess, húsvitjan, ok prests sedli, er prestr gaf því þá er þat fór úr sókninni; því þótti hann sèrlundadr, en

hann fann því til vammir; kom ok til um medferd á umgángsbrèfi prófasts, ok annat fleira. Var Benedikt prestr glettinn, en prófastr vidkvæmr, var ok eigi vel farit at presti; voru haldnar prestastefnur í Saurbæ, ok gjördist ekki at, því prestr ónýtti sumar stefnurnar, en stundum urdu dómsmenn ekki samþykkir prófasti. Um sídir vard þat fundit presti til, at hann vildi eigi leida í kyrkju konur þær er hann kalladi of snemmbærar, ok stód vid sama þó prófastr skipadi hönum; kalladi nóg at þær slippi hjá opinberri aflausn, er þá var tíd fyrir barngetnadi óleyfda, þó þeim veittist eigi kyrkju innleidslu heidr. Fèkk þá Hallgrímr prófastr nábúa sinn Stephán prest, son Halldórs á Bakka, er þá var at Myrká, skipadan dómara í þrasi þessu, ok sídan Jón prófast Vídalín í Laufási. Var haldit prestastefnu-þíng um þetta í Saurbæ hinn 26ta dag Nóvembris á þessu hausti ok til hins 29da, ok Benedikt presti dæmd þar á hönd útlát nokkur; en hann appelleradi frá dómnum, ok fór þá þegar á Jólaföstu sudr at Leirá, ok tók út Consistóríalrèttar-stefnu yfir hönum; kom þadan af málid fyrir Synodum generalem.

XLIV Kap. Frá ýmsu.

Sá vetr var hardr ok stórvidrasamr vída, en kaldt vorit, ok gródrlítid 1761.
fram at midju sumri; var afli mikill í kríngum Jökul, en í minna lagi annarstadar; gjördi mikin snjó á uppstígníngardag, ok týndist saudfè í Austfjördum. Þá voru gói-páskar. Kom bóla á Lánganes med Hollenzkum. Var þá tekit upp brennisteinsverk í Húsavík, en fjársýkin tók at dreifast um land út. Gísli biskup Magnússon kom því á, at konúngsbrèf var gefit út um presta er ekki áttu bújörd í sókn sinni, eda embættis-atsetr, at hana skyldi kjósa fyrir þá. Med ödru brèfi gaf konúngr skatt nýbýlíngum um 3 ár. Kammer baud at taka þíngsvitni um forbrotnar búslódir ok annat, er sídan var lengi gjört, ok at flytja híngat uxahúdir ok trèskó til sölu. Jón Eyríksson kvæntist þá í Sórey, ok átti sídan 10 börn; komust 7 á legg. Kom út yfirsetukona dönsk, er Margrèt Katrín hèt, at forlagi Bjarna; hún var hèr sídan meir enn 40 vetr, ok hafdi ord gott; var tekit til at reisa múrhúsit í Nesi, þar læknisbúdin skyldi vera, en yfirsetukonunni gaf

konúngr 60 dali á ari. Mál voru ýmislig, ok ónýtti yfirrèttr ákæru Ólafs á Eyri til Erlendar sýslumanns Ólafssonar, en Bjarna Halldórssyni gjördust útlát á hönd til þorsteins Gudbrandssonar fyrir þat hann vildi víkja Margrètu, konu hans, frá hönum, sakir ords af Gudbrandi; appelleradi Bjarni þann dóm, ok vann ei á. þá andadist Sigurdr Jónsson, er fyrr var á Hvítárvöllum, ok sýslumadr, en um Jónsmessuleiti Jórunn at Hlídarenda Skúladóttir, þorlákssonar biskups, kona Brynjólfs þórdarsonar Thorlacíuss; hann var í kör af elli, en þóttist nú þó þurfa umsjá, ok reis upp ok sýsladi um sem hann mátti; enn andadist Hjalti Markússon, Bergssonar, Capellán at Holti, bródir Bjarnar lögmanns, ok Ólafr Jónsson á Eyri, fadir Jóns Vícelögmanns; ok á því sumri týndist fjöldi kaupfara, ok annara skipa útlendra.

XLV Kap. Enn frá Benediktsmálum.

Nú komu mál Benedikts prests Pálssonar fyrir Synodum ok stódu 2 daga; var Jón Ólafsson Vícelögmadr í forsæti med biskupi, ok þótti nokkut fylgja máli prests; fyrir því urdu þeir ekki vel samþykkir, ok vard enginn dómr, en sáttum var á komit med tillögum gódra manna; þó baud biskup alvarliga, at prestr skyldi leida konu þá í kyrkju, er þrætan reis af; en þá er þat skyldi verda, lètst prestr hafa sókt til konúngs um at fríast frá því verki, ok vard ei af því at sinni. Gísli biskup var ekki mjök íhlutunarsamr um mál þetta, þó hann fylgdi nokkut prófasti; visiteradi hann í Eyafirdi eptir þat er málin voru á lopt komin, ok líkadi vel vid Benedikt prest, því hann hafdi stundad vel at fræda æskumenn; fèkk hann hönum þá texta at leggja út af: hlýdni er betri enn offr; ok fèllst þá enn vel á kenníngu hans þarum, til þess er prestr fór at ræda um talhlýdni, ok tók til dæma Assverus konúng, er Haman vildi fyrirkoma Mardochæusi; þá er sagt at biskup hafi brosat ok lastad ekki, en bedit hann sídan um prèdikunina ritada. En at lyktum, er prestr vannst ekki med skikkunum eda rèttargángi, gjördist biskup hönum þýngstr í skauti, sem sídan gafst raun á. Benedikt prestr var lærdr madr, drjúglyndr, uppdráttarmadr mikill ok máladi menn svo at þeir þekktust; ok eittsinn, er hann sendi úngling einn sudr, ókunnugan vegi, máladi hann upp sveitirnar á blad, svo at

hönum var nógr leidarvísir; hann var raddmadr gódr, ok kunni vel saung; í minna lagi á vöxt, en þó all-knár.

XLVI Kap. Kvonfáng Ólafs Stephánssonar, ok frá verksmíd.

Þá var allgott ár, þó lítt heyadist, því nýtíng var gód; kom sótt í Vopnafjörd um haustid, ok átti at flytjast í vöru; urdu 18 hjónaskilnadir, ok lá enginn lengr, sem hún tók, enn 3 daga eda 4ra, sídan dó hún nidr, en bólnasóttin færdist yfir. Þá fèkk Ólafr Stephánsson Vícelögmadr Sigrídar, dóttur Magnúsar Amtmanns á Leirá; var þar veizla mikil ok bodsmenn hálft annat hundrad, ok stód í fjóra daga; töldust Sigrídi heiman 4 hundrud hundrada í föstu ok 2 hundrud hundrada í lausu, ok hófst þá uppgángr Ólafs ok fèsæld, en alla stund hèldt hann bókhaldarasýslu í Reykjavík, er hönum kom fyrst í mannvirdíngu, ok átti þá gott eitt vid Skúla, en hina mestu eflíngu hafdi hann af því, er hann nádi tengdum vid Magnús amtmann, þvíat hann var hygginn ok ráddrjúgr; áttu þau Ólafr ok Sigrídr börn saman, er sídar mun getid. Ólafr var lèttfær madr ok lítilátr í umgengni, mikilleitr nokkut í andliti ok sómdi sèr vel, medalmadr vexti ok skjótligr í bragdi, hófsmadr gódr ok fyrirhyggjumadr til allrar umsýslu; ekki var hann mjök lærdr madr, en skyngódr ok rádsèdr, ok hinn minnugasti. Þau misseri dó Vigfús prestr Jónsson á Stöd. Í þann tíma tók mjök at veiklast von manna um ábata landsins vid verksmídarnar, þvíat akrirkjumennirnir, eda þeir sem kornirkju ok trjáplöntun skyldu hafa framad, höfdu eigi gjört annat enn legit hèr á mönnum til þýngsla, ok farit á brott sídan. Fiskiduggurnar höfdu þótt ofstórar, ok fengit eigi launat útgjörd sína; vid brennisteinshreinsun vissu menn ei hvat gjört var, ok eigi kom gagn af því, ok var sem hverr vidburdrinn æti upp annann; þóttu þeir at vísu vel haldnir þar sydra, keyptu jardir ok önnur dýrindi, en flestir adrir, er hlut áttu í ásamt, höfdu lítt af slíku at segja. Eigi var heldr haldin almennilig samkoma eda reikníngr gjör, nema eittsinn í Videy, ok vissu menn eigi til hvers kom; var ætíd kveinat yfir peníngafæd, en konúngrinn rètti þó opt hjálparhönd sína, ok vissu menn ógjörla hve mikit hann gaf; en Jón

Eyríksson sagdi svo, at þat hefdi alls verit 60 ok ein þúsund ok 300 dalir, fyrir utan útvaldar jardir af konúngseignum sunnanlands, er medlimir höfdu leigulaust, ok mikil þokkabót til Skúla, er gefin var í því skyni, at ekki skyldi hann örmagnast vid kostnadinn eda verda verksmídunum at þúnga. Var mikil ull flutt til verksmidjunnar af ýmsum stödum í landinu, svo at margir af alþýdu þóttust óbirgir eptir; mundi mikit af klædum þar ofit verit hafa, er sídan voru seld á höfnum um land hèr; en ef þá var adfundit, at klædin væri mjó, oflítt stömpud, eda litud illa, svörudu kaupmenn: þetta er verknadr ydar lands, ef ydr nægir eigi þat, þá fáit þèr eigi annat. Fèkk alþýdan af öllu slíku illan gedþokka til verksmídanna, ok nú helzt, sídan fjársýkin kom, er kennd var hinum útlenzku hrútum; því þó sagt væri at konúngr hefdi viljat betra med því ullina í landinu, hugdi alþýda manna, at eigi hefdi konúngr slíkt upptekit, ok væri heldr af annara medalgaungu til at gjöra íslenzka ullarvinnu ógylda ok lítilsvirda, en eigi mundi verda litid á, hvort kostnadarmeira væri, at farmfæra slíkt veikligt saudfè, ok svo lingjört at uppklekja þyrfti vid varma í kakalofns-húsum, eda innlenzkt þat er kuldann þoldi; urdu þá sumir til at flimta um slíkt, er ei voru vel snidnir, þá er þeir litu á hina verri sidu, ok ámæltu gódu jafnt med ödru lakara, sem sá er kvad stöku þessa, ok eigi vel orkta:

Íslands gódr ábate af innrèttíngum hygg ek sè:
kominn er Fransós, kládi á fè, Courantmynt fyrir Specíe;

ok þó sá gleymdi hagnadi þeim er af sumu leiddi, ok teldi þat eitt er verst var, þá voru þó nokkrir vitrir menn, sem efudust um hvort svo kynni til lengdar framhaldast, ok þat sannar kvædi þat, er eitt hit bezta skáld á Íslandi ok vitrasta orkti, ok kalladi "landsins lukku", ok setti þar í fyrir sjónir framferdir allar. En lèti nokkurr annarr heyra sik med slíkt, var þat álitid ok hrópat sem sök á móti konúnginum ok velferd fóstrlands síns; er enginn mætti um dæma edr í móti mæla; en eigi var konúnginum ámælt at heldr, edr hans gódgirni, þó skáldit kvædi svo at í vísum sínum:

Sjóli kann um sídir slíkt at finna.

Var nú ok svo komit, at konúngsfè var eigi lengr til reidu til þessa

kostnadar, ok sáu þeir sem fyrir sýslunum höfdu stadit, at lítid mundi áorkast þadan af.

XLVII Kap. Ættir ok tilburdir.

Annarr vetr var gódr; var þá fiskigengd med Gói; drápust þá fyrst 1672.
af fjársýkinni 80 fjár at Hjálmholti í Árnessþíngi at Brynjúlfs sýslumanns Sigurdarsonar, ok gekk hún fyrir sunnan land; mistu margir alls saudfjár síns, ok voru at engu nýtir kropparnir. Bólusótt dreifdist ok um land nordr ok sudr, ok var ei mjök mannskæd; fylgdi henni landfarsótt, ok dóu börn ok midaldra menn; var vorit kaldt í fardögum ok fram á sumar. Undir fardaga andadist Jón Jónsson í Grenivík, er fyrr var sýslumadr í Eyafirdi, fadir þórarins á Grund; þótti at hönum mikill söknudr, ok var hann nær áttrædu; hann hafdi verit fullkominn madr á vöxt, ok álitligr sýnum. þá deydi einnig Brynjúlfr Thorlacíus á Hlídarenda, meir enn áttrædr, hinn audugasti madr. Helga var dóttir Brynjúlfs, er átti Sigurdr landþíngsskrifari; þau bjuggu sídan at Hlídarenda; þeirra börn voru mörg: Jórunn var einn, er átti Einar Brynjúlfsson, en sídan Gísli prófastr þórarinsson, Brynjúlfr prestr ok Árni Sekreteri, ok Sigurdr prestr á Sjálandi, Ragnheidr, er Markús prófastr átti í Gördum, Málmfrídr, kona þorleifs Nikolássonar, Íngibjörg, Halldóra, Gudrídr, kona Jóns landlæknis, þrúdr. þórdr í Teigi var son Brynjólfs, fadir Skúla Jústitsráds ok Rektors í Kaupmannahöfn, ok Gísla. Jón var annarr, sá er getid er í málum í Skaptafellsþíngi ádr; hann átti Jórunni, dóttur Halldórs biskups; eyddi hann eignum sínum ok lifdi þó lengi. þá baud konúngr Bjarna Pálssyni landlækni at menta fjóra menn íslenzka, efniliga til læknislæríngar, er vera skyldu sídan læknar í hverjum fjórdúngi, ok gaf þeim 10 dali til bóka ok klædnadar hvert ár, en landlækni sjálfum fyrir hald þeirra ölmusu eins skólasveins af hverjum biskupsstóli, ok djáknapenínga af Skriduklaustri ok Skálholts stóli; hafdi Bjarni tekid ádr Magnús Gudmundarson, en nú tók hann Ólaf Ólafsson, er sídan var Sekreteri, bródur Jóns Vícelögmanns, ok Símon; hann var seinna prestr í Selvogi, þvíat hvorgi þeirra var líkligr; ok enn hinu þridja: Jón Stephánsson, hann vard einnig prestr seinna. Bjarni gekk sídar at eiga

Rannveigu, dóttur Skúla Magnússonar landfógeta, en Jón Snorrason hafdi ádr fengit Gudrúnar, sem sagt var, ok gipti Skúli á þessum árum börn sín, en sum seinna. Jón, sonur Skúla, fèkk Ragnheidar, laundóttur þórarins sýslumanns á Grund; hún var mjök vel at sèr. Björn, sonr Skúla, vard skipabyggíngarmeistari í Kaupmannahöfn; Gudrún önnur Skúladóttir giptist seinna Jóni Arnórssyni frá Belgsholti, ok enn sídar Halldóra Hallgrími Bachmann, ok Oddný Hallgrími presti Jónssyni. Var Skúli allfrændmargr í þann tíma: Magnús, systurson hans, var sýslumadr í Dölum; hans brædr voru þeir: Jón prestr ok Jón annarr ok Gudmundr Ketilssynir, en ei voru þeir Jón prestr ok Gudmundr systursynir Skúla. Börn Jóns prófasts Vídalíns í Laufási voru ok systurbörn Skúla, en börn Jóns prófasts Magnússonar bródurbörn hans. þann tíma gipti Bjarni sýslumadr Halldórsson Ástrídi dóttur sína; hún hafdi getid barn vid Erlendi ádr, ok hafdi Bjarni ordit henni beyskr mjök ok hardtækr, en nú fèkk hennar Halldór Jakobsson sýslumadr, ok vard hún hönum ill.

XLVIII Kap. Tilburdir ok mál.

Þessi misseri vard Magnús Teitsson, Pálssonar, bródir Jóns prófasts í Gaulverjabæ, prófastr í hálfri Ísafjardarsýslu, þvíat Finnr biskup skipti henni í tvö prófastsdæmi; hann var fadir Markúsar stiptisprófasts í Gördum sudr. Deydu þá prestar nokkrir: Einar Einarsson í Holtum, Vigfús Jóhannsson í Kaldadarnesi, Bergsveinn Haflidason at Stad í Grunnavík, þorvaldr Gottskálksson á Miklabæ, son Gottskálks þorvaldssonar, lögrèttumanns; hann var födurfadir Bertels Thorvaldsens, hins frægasta bílætasmids eins í heimi; Jón Ólafsson at Dvergasteini; Katrín þórdardóttir í Hítardal, er Vigfús prófastr átti, Jónsson, Halldórssonar; var hún dóttir þórdar prófasts á Stadarstad, Jónssonar biskups, Vigfússonar; Sigurdr Högnason, er fyrr var sýslumadr í Mýrasýslu, ok átti þar margt afkvæmi; Gudrún Jónsdóttir, seinni kona Grímólfs prests í Glaumbæ, systir Erlendar prófasts at Hrafnagili; Lauritz Skevíng, Hannesson sýslumanns fèkk hálft Múnkaþverár-klaustr, Jakob Jónsson þykkvabæar klaustr. Ekki komu kaupför fyrir alþíng, því andvidri voru ok byrleysur. Á því þíngi kom fyrir mál Erlendar

Ólafssonar, sýslumanns úr Ísafirdi; hann var þá grunadr um at hafa ordit at bana smalamanni sínum, ok var hann enn dæmdr af sýslunni, ok at bæta 60 lódum silfrs, en fyrir sýslunni var Sigurdr Sigurdarson; hann hafdist þar vel vid, en þó var hann lítt virdr af sumum ok kalladr Skuggi; Erlendr skaut máli sínu til yfirrèttar at næsta sumri, ok stód í miklu þrasi med þeim Sigurdi, vardi Erlendr mál sín af kappi, svo mörgum þótti óvænliga áhorfast um sumt. Fleiri voru málaferli á þíngi: var eitt at Hans Klíngenberg, danskr madr, er bjó at Krossi á Akranesi, ok átti Steinunni Ásmundardóttur, Sigurdarsonar frá Ásgardi, Ásmundarsonar, hafdi illyrdt Magnús amtmann, ok voru dæmdar á hann stórsektir, en hann appelleradi þó. Stadfesti ok yfirrèttr dóm Sveins lögmanns í Laxveidarmáli Bjarnar prests á Hjaltabakka, ok veidina undir þíngeyrar, ok vard sá rèttr dómr Gríms Grímssonar, þó prestr bædi hann aldrei sjá betr, er hann kvad sèr sýnast þat rètt, ok þótti á hrína, þá er Grímr gjördist blindr. Talid var mannfólk í landi hèr þat sumar, ok var hálfr fimti tugr þúsunda. þá var lítill grasvöxtr, ok sumstadar bág heynýtíng, en þó gott vedrlag þadan af, ok eigi giptist þorbjörg, dóttir Bjarna Halldórssonar, Jóni Ólafssyni fyrri enn þá. þat haust kvæntist Jón prestr Ásmundarson at Breidabólstad á Skógarströnd, gekk at eiga Sigrídi, dóttur Jóns prófasts í Stafholti, Jónssonar frá Einarsnesi ok Ragnheidar Gísladóttur, systur Magnúsar amtmanns; ok sendi Gísli biskup Magnússon utan ákæru sína yfir Benedikt presti Pálssyni.

XLIX Kap. Frá ýmsu, fjársýki ok ödru.

Um vetrinn í Febrúarío kom vedr svo mikit, at löskudust kyrkjur 1763.
nordanlands, reif hey en spillti skipum; í þat mund fórust tvö skip í lendíngu undir Eyafjöllum, komust menn af nema tveir: Jakob Jónsson, gullsmidr ok klaustrhaldari at þykkvabæ, ok annarr madr; fórst ok skip frá Breidabólstad í Fljótshlíd med 12 mönnum, er sendt var til Vestmannaeya. Sá vetr var gódr ok öll þau misseri, bædi á sjó ok landi; var afli mikill, en vætusamt, ok nýttist illa fiskr. Bólnasóttin gekk vestr ok um land allt, ok þá all-mannskæd, ok meir enn sú er næst var fyrir, þó bólubörn væri nú færri; varadi hún náliga lengr

enn hver bóla önnur, þvíat alls sleit hana ekki nær því á fjórum árum. Fjársýkin gekk ok yfir mjök sunnanlands, sló út um saudkindr á herdakambi, kvidi eda nárum, ok var ei ætt þat er drapst, fyri því skáru margir fè sitt heilbrigdt fyrir ótta sakir; var hún í því verri enn önnur sóttarkyn, at þó ein saudkind sýndist heil ordin, var hún jafnskjótt yfirfallin aptr, tvisvar eda þrisvar á sama vetri eda vori, en á sumrum var heldr hlè á; kom hún þó aptr jafnskjótt sem haustadi eda vetradi, ok gekk svo hvert ár at ödru; vard eitt ár á milli á sumum bæum, svo at peníngr sýktist ei skadliga, en annat ár var hún þess þýngri; hafdi hún ýmisligt atferli á saudfè, kom út á sumum med þurrum kláda, vosum ok skurfum, þurfti þá at klippa af ullina; en á ödru kom bleitusuddi um herdakambinn, ok svo hrygg ok sídur, í gegnum ullina, til þess er ullarkápan losnadi af hörundinu í einu, ok var eptir kvikan vot, var sú miklu verri ok hættuligri enn hin; á sumum kom mest í fætrna med bjúg ok bólgu, svo klaufir leysti af, var þat verst vidreignar, ok varla ómaksverdt at draga þær kindr vid líf, er med þeim hætti sýktust, þó etid gæti. Þá voru enn nokkrar sem bólgu fengu í höfudit ok gróf úr augum, ok fèllu af horn, bólgnudu varir ok túnga, ok þurfti þeim ei líf at ætla; má af slíku sjá hver bágindi ok skort á ull ok ödru bjargrædi menn áttu þá vid at vera. Þá dó Björn prestr at Stærra-Árskógi, son Jóns Grímseyarformanns, er týndist á Skaga, en fadir Snorra prests at Hjaltastödum, ok svo Jón prestr Ásmundarson at Breidabólstad á Skógarströnd, kom þar eptir hann Árni, son Sigurdar prests at Holti undir Eyafjöllum, Jónssonar, Steingrímssonar frá Hofi í Skagafirdi; hann fèkk Kristínar, dóttur Jakobs Eyríkssonar vid Búdir, ok áttu þau börn mörg. Konúngsbrèf kom út frá hinu fyrra árinu, þat baud biskupum, med tveimr hinum vitrustu prófög tum í hverju biskupsdæmi ok svo veraldligum embættamönnum, at yfirfara á alþíngi adra bók lagaverksins, þá er lokit væri hinu fyrsta útkasti hennar; annat var gefit út um skyldu foreldra vid frillubörn; eitt var regla fyrir höndlunarfèlagit í 50 greinum, þvíat konúngr lèt af at reida landit um sinn, vildu þá verksmídafèlags medlimir koma umsjá verksmídanna í Reykjavík uppá konúngsins reikníng, ok fengu þeir eigi áheyrslu þarum; vard því at leita annars í. Eitt brèf orsakadist af Benedikt presti Pálssyni, ok átti hann

þá at láta úti 12 dali. Eitt var um Jón Skúlason, hann skyldi vera adstodarmadr Skúla landfógeta, födur síns, ok taka vid eptir hann. Fór þá fram brúdkaup Bjarna Pálssonar, ok fèkk ei at dragast svo lengi sem Skúli vildi, því Rannveig var þúngud, ok lá á sæng ok var vígd saman vid Bjarna í sænginni; var Eggerti bodit med ödrum, en hann fèkk ekki komit, ok sendi brúdkaupskvædi, er hann kalladi Sigrdrífumál hin nýu; fór þá Bjarni í Nes, ok tveir menn til hans, þeir er sídan urdu læknar: Jón Pètrsson, svarfdælskr madr af Mela ætt, hafdi verit djákn, vel skynugr til lækninga, en bækladr í höndum, ok Hallgrímr Jónsson Bachmann, systurson Jóns Benediktssonar í Raudu-skridu. Skip komu snemma á allar hafnir, ok voru þau seinast af konúngshendi um sinn. Á alþíngi fóru mál fram at venju, ok nennum vèr ei at telja. Kom í yfirrètt mál Erlendar Ólafssonar, en Erlendr veik amtmanni frá, kvad hann vidridinn er hann hefdi vikit sèr frá embætti; sat Skúli í amtmanns sæti, ok dæmdist af hönum embætti, en hann sókti málit til hæsta rèttar. Ekki sætti stórtídindum at kalla megi í lögrèttu. Þá gaf Bjarni Halldórsson, sýslumadr, Medalheim til Christsfjár med fjórum kúgildum, en Þorsteinn Sigurdarson litlu sídar Sörlastadi Annexíukyrkju at Ketilstödum. Hinn annann dag Ágústí var haldin fagnadar-hátíd at konúngsbodi, ok þakkat Gudi fyrir fenginn almennan frid í Nordrálfunni, ok vernd hans yfir ríkjum Danakonúngs í þeim ófridi er verit hafdi vid Fridrik Prussakonúng. Fór þá Magnús amtmadr Gíslason utan med Eyrarbakka skipi; hann var mjök þrotinn at heilsu, en Skúli fór med Eyafjardarskipi. Þá var steinkyrkja á Hólum algjör um haustid, ok vígd hinn 25ta sunnudag eptir Trinitatis af biskupi sjálfum; voru menn í Nordrlandi jafnvel farnir fyrir þeirri þjónustu, er þar var höfd vid, þvíat fjármagn manna hafdi vaxit, en hvergi þverrat. Hardnadi þá vedrátt med Nóvembermánudi, ok hèldst svo sídan; var hrídasamr allr sá vetr hinn næsti, en fiskiafli þá allgódr; gekk fjársýkin sydra, en bólusóttin vestr 1764.
um land.

L Kap. Tilbreytni ok mörg tídindi.

Þann vetr þóttust menn sjá sjóskrímsl vid Hrólfssker í Eyafjardarmynni, nær 12 álnum at lengd ok med hnútum, þat svam inn med

landi. Dóu þá ýmsir menn, þeir er í fremri röd voru: Oddr prestr þórdarson at Keldum á Rángárvöllum, Jón prestr Högnason í Hítarnesi af Mýra ætt, Erlendr prestr þorsteinsson í Árnesi vestr, Halldóra Stephánsdóttir, ekkja Bjarnar prests Skúlasonar á Hjaltastödum; Bjarni Nikolásson, er fyrr var sýslumadr; Magnús á Brennistödum, Jónsson frá Einarsnesi, Sigurdarsonar, bródir Sigurdar á Hvítárvöllum ok Jóns prófasts í Stafholti; hann var fadir Páls prests á Valþjófsstad, ok Gísla, er seinast var prestr í Árnarbæli, Íngibjörg í Hèradsdal, Skaptadóttir, Jósephssonar, ok Magnús, bródir hennar, á Vídimýri, er verit hafdi fjárhyggjumadr mikill, en Sæmundr, sonr hans, bjó þar eptir hann ok var svakamikill ok eydslumadr, ægiligr vid öl, ok hræddi menn med hljódum ok ödrum látum, helzt Danska í kaupstödum; þoldi hann ok meiri hnyskíngar ok áfelli enn flestir menn adrir, ok sást ei fyrir. þá dó ok Snæbjörn Hallsson á Lækjamóti, bródir Halldórs prests á Breidabólstad, ok þóra Gudmundardóttir, kona Pètrs þorsteinssonar sýslumanns. Eyríkr prestr Brynjólfsson í Middal í Árnessþíngi misti embætti fyrir hórdóm. Kom út konúngsbrèf, er átaldi Jón Vícelögmann um þat, at hönum gengi seint lagaverkit, edr um atferli hans þar vid, ok baud hönum at láta útkast sitt gánga í millum lögmanna, Sveins ok Bjarnar, ok dæma sídan um af amtmanni ok lögþíngismönnum, lagdi hönum þó til 100 dali enn um þrjú ár, en hverjum lögmanni 50 fyrir yfirskodun, ok kvad á at þá skyldi búit verda. Annat var um skilnadargjördir þær, er gjörvar voru milli biskupa ok skóla, skyldi þá aftaka hina addeildu rádsmennsku á biskupsstólunum, því biskupum þótti sèr þat óhagr, ok kvádu halda mega skólana med minna kostnadi; kljádi Biskupsstóla-Commissiónin þat til lykta, þvíat jafnan þótti áfátt vid þann atskilnad, hversu sem hann var gjör, ok var hætt at fást vid þat um sinn; tók Finnr biskup Skálholtsstól at nýu med rádsmennskunni, en Hólastóls rádsmennsku hafdi þá Vigfús Skevíng. Eitt brèf var um hjónaband skyldra ok mægdra; eitt um Jústitsfèhirzluupphaf í landi hèr, er eigi kom út á þeim misserum. Eitt var veitíngarbrèf Ólafs Stephánssonar fyrir Víceamtmannsdæmi, til adstodar vid Magnús amtmann, tengdafödur sinn, ok hafdi hann sýslat hönum þat, en eigi var Magnús amtmadr kominn út um þíng. Eitt var til þorleifs, sonar Nikolásar sýslumanns Magnússonar, fyrir Víceland-

skrifara embætti eptir Sigurd, svo at þá voru tveir hvorir: amtmenn, landfógetar ok landþíngsskrifarar; afhendi Sigurdr þorleifi landþíngsskrifaradæmit. Halldór Jakobsson var í máli útaf fángahaldi Eyvindar útileguþjófs ok Höllu, konu hans, ok Halldórs Ásgrímssonar, er strokit höfdu frá hönum, ok var settr frá sýslu, en Kammer baud at reikníngr skyldi gjörast hönum fyrir inntektir medan á því stædi, stód Jón Jónsson í Broddanesi fyrir sýslunni. Eyvindr þjófr var manna hagastr. ok reid körfur vatnsheldar, manna fóthvatastr, syndr ok kunni handahlaup vel; hann nádist þrisvar á fjöllum, en slapp aptr. þá var gjör samníngr milli höndlunar-fèlagsins, er ordit var ok kallat hid almenna, ok hafdi goldit konúngi fyrir einkaleyfi sitt til kaupfara 7 þúsundir dala, ok verksmída-medlima í Reykjavík; gekk Skúli fyrir því, at fèlagit tækist verksmídina á hendr, ok var allt fè hennar, hús ok inventaríum innilukt ok falit á hendr höndlunar-fèlaginu, ok virt allt fyrir 25 þúsundir dala; settu þeir nöfn sín undir samnínginn amtmadr ok landfógeti, ok gekk þó Skúli í þjónustu fèlagsins, ok var kalladr fríhöndlunar forstjóri, ok stód enn fyrir verkinu, ok dreif þat; var þá vinátta mikil þar í milli, ok skyldi Skúli hafa 300 dali til launa hvert ár; stód þat nú svo um hríd. En svo var þá kallat, at landit hefdi fengit skada einan af duggusmídunum um hálfa 5tu þúsund dala hins þridja tugar. Gjördi nú vedr mikit einusinni, ok kviknadi í verksmidjuhúsunum eldr; Ámundi, son Jóns klènsmids í Vatnsdal, Gunnlaugssonar, var þar einn staddr, því hann var vefari, ok vaknadi hann, ella hefdi þeir allir farizt er í húsunum voru, ok vard mannbjörg, en þrjár brunnu stofurnar í Reykjavík med vefstólum ok öllu því er til heyrdi; sá Ámundi fór sídan utan ok vard hinn mesti smidr ok snillimadr ok málari, en bjó undir Eyafjöllum ok í Hreppum; hann var fadir Halldórs prests á Melstad. Var nú skipadr rádamadr fyrir tugthúsit, Gudmundr, son Vigfúsar í Hjörtsey Sigurdarsonar, ok hafdi 60 dali. Eitt konúngsbrèf baud hinum hærri valdamönnum at gjalda rangskatt; hann er goldinn eptir mannvirdíngar-röd tignadra manna; annat lagdi til tugthússins afgjald af þíngeyra klaustri ok Arnarstödum. Lagdist þá brennisteinsverkit nidr í Krýsivík. Lögrèttumenn voru teknir af med öllu, nema í Árness, Kjósar ok Gullbríngu sýslum. þá var þíng fámennt, því Magnús amtmadr var ei út kominn, ok lögmadr

hindradr, ok var kallat litla alþíng; kom amtmadr þá út seinna; sá madr kom annarr út, er nefndr er Jóhann Gerhard König, ok grensladist eptir jurtum ok grösum hèr, reid hann nordr um þíngit, ok þadan austr, en fór sídan utan í Reidarfirdi, svo at hann var hvorki lofadr nè lastadr. Lengdi þá konúngr uppgjöf á skatti vid fátæka nýbýlínga, var ok aftekinn búreisuskattr, en hvorugt ætla menn sýslumönnum væri uppbætt. Eyrarbakka skip týndist á höfn, er þat hafdi tekit farm sinn, ok þá fór Eggert Ólafsson utan um sumarit; var þá svo illt ok vott haustid, at hey voru vída ekki inn komin fyrir Mikilsmessu, en sumstadar ekki hirdtar tödur, ok þótti hardindis-ár mikit; gekk ok fjársýkin vída ok gjördi marga saudlausa; en sídan Október kom, ok öndverdr vetr þadan af, var umhleypíngasamt med stórhrídum. Þann tíma var Jóni Eyríkssyni bodit at vera lærimeistari Fridreks arfaprints, en Luxdorf taldi hann heldr úr því, hugdi hann ei svo eptirlátan um allt í skapsmunum sem hirdmenn þurftu at vera, ok því gekk hann ei at; en rádsmennsku fèkk hann Sóreyar háskóla med ödrum prófessórum um haustid, ok var þar óhægt ok til lítils vid at fást medan þat stód, ok tókst af þremr árum seinna. Þat haust andadist Ormr prófastr Bjarnason at Melstad; hann var meir enn áttrædr, ok hafdi lengi verit aflvana í hægra armi, en þjónat alls nær 60 árum, ok þótt merkiligr madr at mörgu. Prentverk var þá upptekid at Hólum, er lengi hafdi legit nidri, ok prentadar fyrst Pontoppidans spurníngar af Eyríki Hoff Gudmundarsyni; hann var prests son austan frá Hofi. Þá var á öndverdum vetri skipud Jústitsfèhirdslan, sem fyrri getr, ok ætlud í fyrstu til at gjalda lögrèttumannalaun, ok halda
1765. vid lögrèttunni. Var sá vetr gódr fyrir sunnan ok vestan, en nokkut hrídasamr ofanverdr nyrdra ok eystra fram yfir sumarmál, ok kaldt vorit; sumradi þó vel. Voru hlutir miklir fyrir sunnan ok vestan land, en selatekja ærin í þíngeyarþíngi. Týndist skip á Dölum nordr af Fljótum, hèt Finnbogi formadr; annat á Grímseyarsundi, ok á sjö Grímseyíngar; eitt týndist á sjó med þremr mönnum, var fyrir Augústinus bóndi í Kumlavík. Bæabrennur urdu 5, ok einn af þeim á Gudnabakka í Borgarfirdi; þar hljóp bóndinn inn aptr til at bjarga nokkru, ok fèkk vid þat bana.

LI Kap. Utanfarir, mál ok mannalát.

Nú kemr fjársýkin í Húnavatnsþíng, ok gengr vestr um Dali; gekk þá ok faraldr á hundum ok kúm í Múlasýslu; þat hófst í Nordfirdi. Öndudust margir merkiligir menn: er þeirra talinn fyrst þorsteinn Sigurdarson, er verit hafdi sýslumadr í Múlaþíngi, hálfnírædr at aldri, eda þó á 7da ári hins 9da tugar, þá er Pètr, sonr hans, hafdi all-lengi haft sýsluna; hafdi þorsteinn verit merkiligr madr at vitsmunum, hugviti ok hagleik, bústjórnarmadr mikill ok audugr. Annarr deydi Sigurdr Stephánsson, er Skaptafells sýslu hafdi haldit; ok enn Halldór Eyríksson, prentari at Hólum; þóroddr þórdarson, er verit hafdi heyrari, ok Margrèt Stephánsdóttir, prests frá Höskuldsstödum, er átti Magnús prestr, son Jóns á Eyrarlandi, Bjarnarsonar frá Bustarfelli; hún dó af meini í hendi. Benedikt prestr Pálsson var þá kominn frá Miklagardi ok vestr, ok fèkk hann seinna prestsembætti í Túngu í Steingrímsfirdi, en 6 árum var þetta fyrr enn hann fengi Stad á Reykjanesi, ok hèldt nú Magnús prestr Jónsson Miklagard. Enn deydi Gudrún þórarinsdóttir, Fridrekssonar, ekkja Jóns sýslumanns í Grenivík ok módir þórarins á Grund, ok Ólafr prestr Brynjólfsson at Kyrkjubæ í Túngu. Niels, son Hans Wíums, fór til kennslu til Jóns prests Högnasonar undir Ási, ok druknadi í Lagarfljóti med fylgdarmanni sínum. Arngrímr, son Jóns lögsagnara Eyríkssonar á Núpi, gjördist þá lögsagnari Bjarna Halldórssonar sýslumanns; ok kom út konúngsbrèf um aftekníngu óþarfra kyrkna ok bænhúsa; en annat lagdi uppá aukaskatt, þá var ok leyft hjónaband allt at systkinabörnum. Hálfdan Einarsson, skólameistari á Hólum, fèkk meistara-nafnbót. þóttust menn sjá blódlit á sjó á Eyafirdi. þá var grasvöxtr lítill nordanlands ok nýtíng ill. Mörg voru mál á alþíngi, ok var Brynjúlfr Brynjúlfsson, er verit hafdi í Vestmannaeyum, dæmdr til fèbóta stórra, fyrir þat er hann hafdi skammyrdt ok misþyrmt kaupmannskonu þar í eyunum, Apolloníu Klog; var ok med drykkjuskap á lögþínginu. Sett var til konúngsnádar um mál Gudrúnar Eylífsdóttur úr Gullbríngu sýslu, er dæmd var um dulsmál í hèradi; en Jón Eggertsson á Hvítárvöllum sýslumadr var látinn sækja fángahalds-málit á hönd Halldóri Jakobssyni, mælti Halldór um hardfengiliga, en þó dæmdi Sveinn lög-

madr vanhirdíngu hans er þjófarnir sluppu, ok hönum 60 lóda bætr til konúngs, en vísat var til hèrads því, er Halldór hefdi sett sik í mót rèttarhaldi er amtmadr baud; fór hann utan sídan í þeim málum; en lýst var þar Eyvindi ok Höllu ok fleirum óskilamönnum. Ólafr Stephánsson ónýtti dóm Jóns Ólafssonar Vícelögmanns í máli milli Erlendar Ólafssonar ok Davíds kaupmanns von Einen, útaf jardasölu; þat var í yfirrètti, ok var Erlendi heimilat at mega halda máli sínu fram vid kaupmann, ok í hæsta rètti vann Erlendr mál sín, ok hèldt embætti. Allir voru landshöfdíngjar á þíngi, ok voru sumir búnir til utanfarar; segja nokkrir at König færi þat sumar utan, ok var grasarit hans prentad aptan vid ferdasögu Eggerts ok Bjarna. Eggert hafdi þá lítid í hendi, en Bjarni var landlæknir, sem fyrr segir; hann kenndi mjök yktsýki, ok fór þá utan, (er hann ætladi þá för til heilsubótar sèr, þó lítt dygdi) ok med hönum Hallgrímr Jónsson Bachmann; hann var nokkra stund vid lífher konúngs á hesti, því hann var mikill madr vexti, sem módurfrændr hans Bustarfellsmenn, nær þrem álnum dönskum, þrekligr ok all-styrkr, en undir hönd gekk hann Bernardi Gilli, hinum ítaliska manni, er þá sýndi sik í Kaupmannahöfn. Brynjúlfr Pètrsson hafdi komit í læríngu hjá Bjarna á þeim misserum. Jón Árnason, sýslumadr frá Íngjaldshóli, fór ok utan, ok prestr sá er Ólafr hèt, frá Saurbæarþíngum í Dölum, son Gísla prests er þar var, Jónssonar á Ófridarstödum, Jónssonar prests í Reykjadal, ok Önnu Sophíu, dóttur Laurusar lögmanns Gottrúps, en systur Jóhanns; vissu menn ei hvert hans eyrindi var fyrr enn hann kom til Kaupmannahafnar; þá bar hann þat fram, at hönum sýndist rád at setja biskupsstól hinn þridja á Íslandi, ok leggja þartil jardirnar í Stapa umbodi, lèzt þess búinn at taka at sèr þat embætti; ok var því eigi ansat, en þótti sýnt at madr var eigi smáhuga. Á þeim árum var allmikil óvild med Stúdentum í Kaupmannahöfn, fylgdi annar flokkr Hannesi Finnssyni ok kalladr biskupssona-flokkr, en sá bóndasona-flokkr er Eggerti fylgdi ok hans brædrum; hafdi Eggert bedit fyrrum Margrètar Finnsdóttur ok yfirgefit hana, ok fleira bar til, fóru ei þykkjur saman; vildi Eggert at stúdentar hèldi uppi glímum ok leikum, en hinum þótti þeim ei þat hæfa, ok komst í metnadr. Þetta sumar var svo vott, ok illr heyskapr, sem ádr segir, en haust var óstödugt, ok svo frá vetrnóttum til nýárs,

med hretum stórum ok fannkomum, svo at í Nóvembri fennti bædi fè ok hesta til dauds, ok mest um Vestrland, ok spillti fiskibátum, en sumt fórst í snjóflódum, leit þá út til hardinda stórra, en þó komu þau ekki fram at sinni fyrir þessa sök, þvíat vetrinn var gódr frá nýári. 1766.

LII Kap. Konúngaskipti, sandfall.

Hinn 14da dag Janúarii mánadar andadist Fridrekr konúngr, þrem vetrum betr enn fertugr at aldri; vard hann öllum mönnum harmdaudr í ríkjum hans; er svo sagt at ríki kæmist í skuldir miklar á hans dögum, sumt af umhyggju landvarna vid ófridinn þýzka, en sumt fyrir sakir framkvæmda hans tignarligra, er hann endist þó ei til at fullgjöra allar; ok svo gódleiks hans ok örleiks hins mikla, bædi vid Íslendínga ok adra þegna sína, er kænir menn ok eigingjarnir nýttu sèr til ábata; tók þá ríki Christján, sonr hans, því nær 17 vetra gamall. Þann vetr andadist frú Gudrídr Gísladóttir, kona Finns biskups í Skálholti, en systir Magnúsar amtmanns. Voru þá hlutir gódir sydra ok vestra, en hafísar komu fyrir Nordrland á útmánudum, ok tóku fyrir björg alla; en ofanverdan vetr, hinn þridja dag Aprílis um dagmál, sló nordr yfir landit myrkva miklum, sem um svartnætti væri; fylgdi þarmed sandfall ógrligt, dunur ok brestir; stód myrkrit um þrjár stundir, ok kveiktu menn ljós í húsum ok lásu gudsord; ætludu margir komin heim-slit; heyrdust hinir sömu brestir eptir þat er uppbirti, ok hèldust vid laungum um vorit. En þat var efni í, at Hekla spjó eldi ok sandi sem ákafligast, segja menn verit hafi í 18da sinn er hún brann at bygdu landi; kom hríd eptir sandfallit í Skagafirdi ok Húnavatusþíngi, svo mikil at varadi nær viku; rak þá inn ísinn svo mjök, at hafþök vard fyrir nordan land, ok bannadi fiskibjargir allar. Tók sá ís frá Látrabjargi â Vestfjördum, ok svo nordr ok austr fyrir landit, ok at sunnan allt at Reykjanesi; fèll sídan mjök peníngur hjá þeim er áttu, en sá vard gagnlaus er eptir tórdi, at mestu; hýmdu peníngar þegar upp tók snjóinn, ok fengu ekki gras fyrir sandi; urdu af því hin mestu hardindi ok fellir fyrir nordan land, ok kolfelldu sumir allt, ok lá mörgum sveitum vid eydíngu, en 10 jardir eyddust eystra af jardeldum, ok reit Hannes Finnsson á Dönsku um þau tídindi; var

þá kallat sand-vorit. Þann vetr andadist Björn prófastr Magnússon at Grenjadarstad, er opt er getid; hann hafdi átta Elínu, dóttur Benedikts lögmanns Þorsteinssonar, ok voru þeirra synir: Vigfús, prestr sídan at Skinnastödum ok Gardi, ok Magnús ok Einar prestar; gekk þá fjársýkin yfir í Skagafirdi ok vestr um land, en lítt gætti þar fellis af henni, þvíat peníngar fèllu þar unnvörpum af sulti ok megurd, ok voru þar daufligar tídir, er sandfallit ok fjársýkin sókti at senn ok bóla gekk. Var reykr svo mikill úr Heklu fram á sumar, at sól var at sjá daglángt sem járn eldraudt úr afli.

LIII Kap. Annat er tilbar ok umskipti þá.

Á því sumri komu út konúngsbrèf ok tilskipanir nokkrar; var eitt um þat, at tveir læknar voru skipadir af konúngi í tvo landsfjórdúnga, at undirlagi Bjarna: Magnús fyrir nordan, Gudmundarson, en Hallgrímr Bachmann fyrir vestan; bjó Magnús fyrst í Arnarnesi, er vard læknisjörd, en sídan í Skagafirdi; hann fèkk allgott ord, ok var fjölhæfr at mörgu, en Hallgrímr var fyrst at Reykhólum, en bjó lengst at Bjarnarhöfn, því þeir fengu frjálsa bújörd hverr ok 66 dali í árlig laun af konúngi, en 50 dali um sinn hvorr til verkfæra ok bóka; Hallgrímr var rausnarmadr ok gódr fèlagi, en skörugligr at sjá. Annat konúngsbrèf ávann Bjarni einnig; þat lagdi til árligra launa íslenzkum yfirsetukonum yfirheyrdum 100 dali til samans. Eitt var til Guttorms, sonar Hjörleifs prófasts Þórdarsonar á Valþjófsstad, at vera skyldi adstodarmadr Pètrs Þorsteinssonar sýslumanns; annat til Vigfúsar Jónssonar frá Eyrarlandi, at adstodarmadr skyldi vera Jóns Benediktssonar í Rauduskridu, frænda síns; Þorgrímr múrari Þorláksson fèkk eitt fyrir sinni sýslan, hann hafdi farit utan med Bjarna. Stúdentum vid Kaupmannahafnar háskóla voru skipud 5 verdlaun fyrir ýmislegar ritgjördir, ok vann Hannes Finnsson í sagnafrædinni. Jón hèt madr Jónsson frá Kornsá í Vatnsdal, ok nær tvítugu, var sídan kalladr Jón strákr; Gróa hèt módir hans ok heldr kyndug; átti Jón vingott vid þá konu er Helga hèt, Símonsdóttir, ok vard hún med barni hans; hún var á næsta bæ, ok kvad Jón sitja eptir lífi sínu, ok þat var vitnat; fannst hún um vorit stúngin med skónál í kvidinn,

ok med 18 stíngjum ödrum, en tradk eptir vidreign hennar vid mordíngjann; lagdist ord á Jón, ok þat med, at Gróa, módir hans, mundi hafa veitt hönum, því hann var naumast fær vid Helgu í þraut. Lèt Bjarni sýslumadr Halldórsson járna Jón, ok prófadi málit lengi, gengu hönum öll vottord illa, en þrætti fyrir mordit, kvadst þó átt hafa þúngann; var hann því hardari sem meira var á hann gengit, ok kvadst lída saklaus sem frelsarinn; var hönum dæmt húdlát ok kastala-þrælkun um æfi; en hann hètst vid sýslumann, módur sína ok bródur sinn, ef hann kæmi aptr til Íslands. Ridu menn nú til alþíngs, ok komu þó seint sakir hardinda; voru engin stórmæli, en unnir eidar Christjáni konúngi 7da fyrir Magnúsi amtmanni af klerkum í Skálholts biskupsdæmi hinn 15da dag Júlíí, ok af veraldligum embættamönnum ok bændum daginn eptir fyrir Ólafi Stephánssyni; voru svo miklar þrumur þann eidatíma, at menn hræddust, ok urdu taldar 60 hvor eptir adra, ok þvílíkast sem himin mundi bresta; en þat er til sanninda, at sýslumenn svörudu Skúla landfógeta, er hann lýsti óloknum sköttum á þínginu: at hin mesta naud væri í landi, ok hefdi þeir sókt konúng um at skattarnir tækist ei at svo búnu, ok vænti svars: töldu þeir saudfè nær gjörfallit um Húnavatnsþíng ok Skagafjörd, þar sem sandrinn hefdi mest komit, ok kvádu svo at ordi: ok fjallit nú í dag enn opit, eldrinn uppi ok svart fyrir augum móti sólunni af ryki í loptinu, ok veit Gud hvad lángt slíkt kann at gánga. Er af þessu sýnt, at þrumurnar voru Heklubrestir. En fyrir því at fáir höfdu komizt at nordan ok úr Múlaþíngi, þá var Sveini lögmanni Sölvasyni falit á hendr at taka eidana af lærdum ok leikum nordanlands, ok Pètri sýslumanni Þorsteinssyni um Múlaþíng; tók Sveinn lögmadr sídan eida at Glæsibæ vid Eyafjörd, en Pètr sýslumadr at Valþjófstad. Sigurdr prestr Jónsson í Stafholti tók banasótt sína á þessu alþíngi, ok andadist, ok stódu margir mikilsháttar menn yfir grefti hans; hann var son Jóns snikkara Þorleifssonar, Eyríkssonar prests í Vallanesi, Ketilssonar prests, Ólafssonar prests, Gudmundarsonar, en fadir Markúsar prests á Mosfelli ok hans systkina; fèkk Stafholt eptir hann Christján prestr Jóhannsson, prests frá Mælifelli, Christjánssonar, er átti Sigrídi eldri Stephánsdóttur, systur Ólafs amtmanns. Þann dag er Sigurdr prestr var úthafinn, kom Magnús amtmadr sídastan í lögrèttu. Var linud

dulsmáls refsíng þorbjörgu Jónsdóttur, ok skyldi gista tugthús um þrjú ár. þá kom út Eggert Ólafsson ok fór til Saudlauksdals. þorkell, son Ólafs biskups Gíslasonar, hafdi verit snaudr, þvíat lítid var eptir födur hans; vígdist hann þá til Hvalsness. Spratt vel sumar þetta, en nýttist illa til höfuddags; var reynt at sá mel eda sandhöfrum sunnanlands, ok lukkadist all-vel. þá kom upp fyrir sunnan sótt stríd, mikil ok mannhætt, ok vitum ver ógjörla hvort þessir menn öndudust í henni, eda sumir endrarnær á þeim misserum: Magnús prestr Gudmundarson á Hallormstad, ok Magnús Árnason á Reynivöllum í Kjós; Audbjörg Kortsdóttir, kona Gudna sýslumanns Sigurdarsonar; þorsteinn Hákonarson, er fyrr var lögsagnari í Gullbríngu sýslu, ok þorbjörn Bjarnason, lögrèttumadr í Munadarnesi. En annarstadar dóu þessir menn: Halldóra Jónsdóttir, módir Sveins lögmanns, Gróa Halldórsdóttir, biskups at Reynistad, Magnús Jónsson, Capellán at Breidabólstad í Vestrhópi, Jóseph prestr Ólafsson at Eyjadalsá, Gudrún, er átt hafdi Sveinn prestr Pálsson í Goddölum; Gísli, son Páls brita, skólasveinn í Skálholti, druknadi í Brúará. Utanlands andadist Laurits Stiestrup, er gefit hafdi med Testamenti í öndverdu 11 banko-aktíur til at kaupa med biblíur, ok útbýta gefins til fátækra manna, en sídan hafdi gefit nær 600 biblíur heilar til Íslands, ok nær 17 hundrudum Nýu-Testamenta. þá var landskjálfti í Árness sýslu, ok hrundu bæir nokkrir. Magnús amtmadr hafdi látid reisa múrhús á Bessastödum sídan hann kom út seinast, en á vori því, er nú var lidit, fluttust þeir Ólafr bádir mágar þángat, ok deydi frú þórunn Gudmundardóttir, kona Magnúsar amtmanns, þar í Ágústo, í sóttinni, ok hafdi fjóra um sjötugan, var hún mjök lofud um gódgjördir. Var hinn 24da þess mánadar haldinn bænadagr at konúngsbodi, ok bedit fyrir hamíngjusamligri stjórn Christjáns konúngs. Um sumarit kom út Jón, son Jakobs Eyríkssonar vid Búdir, sjúkr mjök, ok gjördi fadir hans mikit at um hann, svo hann vard heill; hann hafdi farit utan fyrir 6 vetrum eda 7, ok ætlad ádr at fá þeirrar konu er Rósa hèt, ok getid vid henni son, sá hèt Gísli, ok vard seinna prestr í Noregi, en hún brást hönum; hafdi Jón ordit Baccalaureus ok gengit á Kammeri einna fyrstr íslenzkra stúdenta, ok komit sèr vel; fór hann utan aptr þetta haust. þat haust var votsamt, ok kom svo mikit flód í Október mánadi af

vedri ok hafróti, at menn mundu eigi slíkt, sögdu gamlir menn at bodar hefdi risit nær 10 álnum hærra enn menn vissu til ádr; gjördi stórfenni mikit sydra, fennti naut, hesta ok saudfè. Í þeim mánadi andadist Magnús amtmadr Gíslason, er fyrstr hafdi verit hèr amtmadr íslenzkra manna, ok farit lidliga med, verit lempinn ok íhlutunarlítill til alls málafylgis, var ok kalladr gestrisinn höfdíngi, ok voru þáu öll öndud á einum misserum ok Fridrekr konúngr; systir hans í Skálholti, frú hans ok hann; tók nú Ólafr Stephánsson fullkomliga vid amtmannsdæmi. Slapp Jón strákr frá Kornsá fyrir hæsta-rètti frá þrælkunarhúsi, er sagt módir hans hafi verit kunnug kaupmanni einum, er heldr studdi mál hans, en gögn fengust ekki, ok vard hann strídsþegn, ok hafdr þó til alls þess er verst var, því hann var hvimleidr medan hann lifdi. Sumir segja Björn prestr Magnússon á Grenjadarstad, er prófastr hafdi verit, dæi á þeim vetri öndverdum, er þá fór í hönd, heldrenn sídla á hinum er leid, en þó á þessum misserum; ok þá voru prentadar á Hólum Passíu hugvekjur ok Graduale. Var gódr
vetrinn til Jóla, ok svó allt sídan, ok slíkt hid sama vorit, en mann- 1767.
tapar urdu þá miklir, ok druknudu á tveimr dögum fleiri enn 80 menn á Sudrlandi í sjó, ok 40 fyrir Jökli, ok eitt skip týndist á Skaga nordr; voru hlutir miklir fyrir vestan en minni sydra, ok gekk þá landfarsóttinn yfir, ok vard mannskæd fyrir nordan land.

LIV Kap. Frá ýmsum mönnum ok mannalátum.

Í þann tíma var Halldór Jakobsson út kominn ok hèldt sýslu sinni. Þá andadist um vorit Þórarinn Jónsson á Grund, sýslumadr í Vadlaþíngi; áttu þau Sigrídr Stephansdóttir eptir 5 sonu: Stephán, Vigfús, Gísla, Fridrík, Magnús; hann var eigi misseris gamall, en Þórarinn sýslumadr var á 8da ári um fertugt. Þá var prentud á Hólum Vidalíns postilla. Eggert Ólafsson hafdi þá lengi verit á vetrum med Birni prófasti Halldórssyni, mági sínum, at Saudlauksdal, er átti Rannveigu, systur hans; hafdi hann ort mörg kvædi ágæt ok ritad grasabók, ok sumir ætla hann hafi studt at er Björn prófastr setti sídan saman bæklíng sinn Atla, þó var Björn prófastr vel til færr; fèkk Eggert í þennan tíma Vícelögmanns embætti; hafdi Jón Ólafsson Vicelögmadr

skipti, ok tók vid því umdæmi nordan ok vestan, en Eggert sunnan ok austan. Kom út konúngsbrèf um tugthússtekjurnar; annat um aukaskattinn, er þess getid ádr at hann var bodinn fyrir hvern þann sem hefdi 100 dala inntekt, skyldi sá gjalda fyrir hvern mann heimilisfastan einn dal hvert ár, þann sem 15 vetra væri; á því bádu menn um linun, ok töldu hve bágstadt var landit, ok um fjársýkina; kom sú linun út nú, ok gaf eitt brèf eptir at gjalda fyrir hjúin, medan fjársýkin stædi, en hverr sem reyndist at hafa 100 dala inntekt, ok urdu þeir ei mjök margir, sakir fjárfellisins, vard at svara hönum fyrir sik ok konu sína ok börn. Eitt brèf var um atskilnadargjördina á biskups-stólunum; eitt var stadfestíngarbrèf embættamanna. Kom út Arv Gudmundsson strídsrád, ok var sendr af höndlunar-fèlaginu at skoda hversu á stædi í Reykjavík, ok kalla skuldir; fór hann utan aptr at því sinni. Sótt kom í land med Austrlandsskipum, ok öndudust af henni margir menn; dóu prestar þessir: Halli Ólafsson at þíngmúla, Jón Jónsson at þykkvabæ, Gudmundr Jónsson á Krossi í Landeyjum, Sniólfr Einarsson í Seltjarnarnessþíngum, Sigurdr þórdarson at Brjámslæk á Bardaströnd, þar tók vid Gunnlaugr prestr, sonr hans, ok andadist hann einnig litlu sídar, en Gudbrandr, annarr son hans, var þar sídan prestr, hvatr madr ok kappsamr. Ólafr prestr Einarsson at Stad á Snæfjallaströnd druknadi, ok þá dó þóra Bjarnardóttir at Reynistad, ekkja Halldórs biskups, ok var mikit af gengit, ok Gudrún Vigfúsdóttir, Gíslasonar frá Hofi, kona Hans Skevíngs á Mödruvöllum, merkilig kona, sem hún átti þó kyn til. þorvardr prestr Bárdarson í Felli dó enn, ok ekki meir enn medallagi tregadr, Jón prestr Gudmundarson í Fjördum, Jón prestr at Audkúlu í Svínadal, Bjarnarson, prests frá Hjaltastödum, bródir Stepháns; hann var spaklátr madr ok átti dóttur Árna þorsteinssonar í Bólstadarhlíd, Halldóru; þeirra börn voru: Björn klausturhaldari, ok Halldóra, kona Audunar prests í Blöndudalshólum, Jónssonar; var þessi Jón prestr líkþrár ok mjök sjúkr. Árni í Bólstadarhlíd dó einnig, ok enn Bergr prestr Magnússon í Nesi, þorsteinn prestr Eyríksson í Vestrhópshólum, allra manna minnstr, bródir Gunnlaugs prests Eyríkssonar, þorsteinssonar prests, Gunnlaugssonar frá Saurbæ; Björn prestr þorláksson at Hjaltabakka, þar kom Rafn Jónsson; Gunnlaugr Capellán til

Reynistadar, son Jóns prests Gunnlaugssonar, er þar var lengi ok marga læknadi á sínum dögum er til hans nádu; var sá Jón prestr Gunnlaugsson lágr madr vexti ok halltr mjök, en þó jafn þeim sem sterkastir voru þá; var annarr son hans Jón prestr, fadir Jóns prests at Grenjadarstad, en fyrr í Audbrekku ok Stærra-Árskógi. Enn deydu fleiri menn: Jón prófastr Vídalín í Laufási, gáfumadr mikill en audmadr enginn, ok Sigrídr Magnúsdóttir, kona hans, systir Skúla, viku seinna; voru þau bædi lögd í eina gröf, ok áttu börn nokkur eptir: Jóna tvo, Sigrídi ok Geir, hann var ýngstr, 5 vetra eda 6. Vigfús, son Hans Skevings, var þá settr fyrir Eyafjardar sýslu eptir þórarinn, hann var gjörfugligastr brædra sinna ok frídr madr, en þó eigi um vöxt eda orku sem Hans, fadir hans; var hann hár madr, svo eigi mundi skorta 2 þumlúnga á 70, smáfelldr ok frídr sýnum, rèttvaxinn ok eigi þrekligr at ödru enn limum; lá nokkut hátt rómr ok þó stilliliga, handfastr ok vel um sik, spaklyndr ok eigi ör, en fór vel, líkr í skapi módurfrændum sínum, gætinn ok þèttlyndr, en þó gladlátr. Enn öndudust fleiri menn svo um sè getid: Mála-Snæbjörn Pálsson; hann skorti þrjá vetr á tírædan, ok voru prestar vestra synir hans; Jakob Eyríksson vid Búdir, manndómsmadr mikill ok læknir, skorti vetr á sextugan, hafdi verit iktsjúkr sídan fertugt, ok þverrat því afl, þótti at hönum mannskadi; en Gudrún Jónsdóttir, kona hans, lifdi lengi eptir hann ok var skörúngr mikill. 10 prestar dóu alls í Hóla biskupsdæmi, ok enn eru þessir menn taldir: Skapti Sigurdarson, lögrèttumadr; þorkatla Sigurdardóttir, kona Jóns prests at Ballará; Agnes Erlendsdóttir at Mælifelli; Gottskálk þorvaldsson, lögrèttumadr, fadir þorvalds prests, er verit hafdi á Miklabæ, ok verit hafdi hann lögrèttumadr á dögum Páls Vídalíns, ok kvænzt aptr eptir dauda sonar síns, ok átt afkvæmi; Ingibjörg Einarsdóttir, kona Brynjólfs Sigurdarsonar sýslumanns; Steindór Helgason, er fyrr var sýslumadr í Hnappadal; Gudrún Magnúsdóttir, ekkja Páls prófasts at Höskuldsstödum; Eggert Gudmundarson á Álptanesi, fadir Jóns sýslumanns á Hvítárvöllum, ok mágr Magnúsar amtmanns; Magnús þorleifsson prófasts, Skaptasonar, hann bjó at Skútustödum ok átti Herdísi, dóttur Pètrs á Kálfaströnd, systur Bjarna prests á Melstad, en lítt mönnudust börn þeirra. Símon Sveinbjarnarson Capellán til Vogsósa, er Bjarni Pálsson hafdi haft í

læríngu. þá losnadi þorsteinn prófastr á Stadarbakka fyrst vid prófasts-sýslu í Húnavatns þíngi; tók vid Bjarni prestr á Breidabólstad, er þá var þíngeyra prestr, Jónsson frá Grjótnesi, Jónssonar höfudsmanns á Oddstödum á Slèttu; hann átti Elínu Stephánsdóttur, systur Ólafs amtmanns; voru þau barnlaus ok ólu því upp Fridrik þórarinsson. Jónas Benediktsson prests, Jakobssonar úr Fljótshlíd, þess er týndist í stigreipinu, fèkk Vestrhópshóla; hann var hinn rádsettasti madr.

LV Kap. Frá ýmsu.

Skip meiddist á Bátsendum um sumarit ok komst ei út, en Húsavíkr skip braut á höfn, vard fè borgit, en menn vistudust hèr, ok vid misjafnan kost, því skipsmenn á Eyafjardar skipi höfdu sik á brott ádr þeir nædi þeim, ok þótti mörgum þat amasemi. þá kom konúngsbrèf um rentur at vera skyldu 4 dalir af hundradi; var ok lengdr lagaverkstími Jóns Ólafssonar ok lögmanna um tvö ár, skyldu annars árs ómakslaun gjaldast fyrirfram, en hin ei fyrri enn verkit væri lokit. þat sumar sigldi Kerguelen, franskr madr, hèr umhverfis land. Dómr Bjarna Halldórssonar hafdi verit stadfestr á þíngi yfir Kornsár-Jóni, þó eigi hrykki, ok þorgrímr sýslumadr Sigurdarson verit hafdr fyrir óvidrkvæmiligum ordum vid þann mann er þórdr Helgason hèt, ok konu hans, en lítid vard úr því, var ok eigi mjök merkiligt. Sigurdr Sigurdarson fèkk nú ei vel atstadit málssóknir í móti Erlendi Ólafssyni, er hann vard at gegna sýslu sinni í Vestmannaeyjum, ok var Jón á Gróustödum skipadr dómari; hann var son prests í Tröllatúngu, ok kalladr af því Trölli; dæmdi hann Erlend ok Ólaf, son hans, af embætti ok æru, en flest sókti Sigurdr málin; Erlendr ok Einar Magnússon, er fyrr var sýslumadr á Ströndum, sóktu ok Sigurd, ok höfdu eigi virdíngu af sókn, en skotid var máli Erlendar ok Jóns til hins næsta alþíngis. þá gjördist Halldór prestr, son Finns biskups, prófastr í Arness þíngi, ok reid Ólafr Stephánsson amtmadr nordr um haustid, at gjöra at búi þórarins sýslumanns á Grund, mágs síns, ok þótti þá nýjúng at amtmadr kom í Eyafjörd. Kammer kalladi skatta, gjaftolla ok tíundir af embættamönnum, en þeir mæltust undan, ok leitudu at sýna af lögum, at þeim bæri eigi slíkt at gjalda, ok var deilt

um þat mikit. Þau misseri var borinn Stephán, son Ólafs amtmanns, en Magnús ok Þórunn voru eldri, Björn ok Ragnheidr ýngri.

LVI Kap. Kvonfáng Eggerts ok frá ýmsum mönnum.

Þá gjördist Þorleifr prestr Bjarnason í Reykholti prófastr í Borgarfirdi, en Eggert Vícelögmadr Ólafsson gekk þá at eiga Ingibjörgu, dóttur Gudmundar sýslumanns á Íngjaldshóli, er fyrr var, var brúdkaup þat haldit at Reykjaholti um haustid at Þorleifs prófasts, því hann var módurbródir Ingibjargar; fór veizla fram at fornum sid í gardinum, ok drukkinn mjödr grasadr; var brúdgumareid, þvíat Eggert vildi at Íslendíngar notudu sèr forna sidu í öllu, ok lèt hann einn bónda, er Þorvaldr hèt, födur Jóns í Deildartúngu, vera forseta at bodi, ok bar öll klædi hinn sídasta veizludag af íslenzkum tilbúnadi. Sumir kölludu hann stórlátan ok sèrlyndan af slíkum hlutum, ok svo fleiru er þeir drógu til, en adrir hugdu gott til lögsagnar hans, kvádu hann verda mundi rèttdæman ok gódgjarnan; en lítinn krapt hafdi hann haft hèr til, at sína vilja sinn vid landit. Hann tók sèr bústad at Hofstödum í Hnappadals sýslu, ok húsadi þar mikit, ok skipadi þar búendum at hausti, en ætladi at verda í Saudlauksdal um vetrinn, sem hann gjördi, ok fara til Hofstada er húsasmídinni væri lokit. Var þá rosasamt haustid ok vedrátt styrd til Jóla, en eptir Jól gjördi vetr hinn 1768. bezta; svo var ok vorit, ok sumradi vel, ok vard hin mesta árgæzka ok afli mikill um allt land; þó segir sumstadar at hardt væri um bjargrædi, ok var þó mannfátt, má því ok vel valdit hafa saudfjársýkin ok undanfarin tíd; en 20 vætta hlutir urdu í Grímsey, ok þar rak 4a reidarhvali, en 16 alls nordanlands. Týndist Ásmundr frá Krossanesi vid Eyafjörd vid 5ta mann á sjó. Þann vetr fèkk Jón Jakobsson Vadlasýslu, en Jón, sonr Jóns prófasts í Stafholti Jónssonar frá Einarsnesi, Sigurdarsonar lögmanns, veitíngu fyrir adstod vid Þorstein Magnússon á Móeidarhvoli, ok Rángár sýslu eptir hann nær sem hann fèlli frá; gekk Jón sídan at eiga Sigrídi, einka dóttur hans, en Þorsteinn var audugr at fè ok mest virdr sýslumanna. Jón var medalmadr vexti, stinnligr ok skörugligr at sjá, dökkhærdr ok eigi dáfrídr. Kom út konúngsbrèf, at erfdir allar skyldu gánga á Íslandi eptir norskum

lögum; annat um arf þeirra er til þrælkunar voru dæmdir; eitt um tillög þeirra, er lögdu sig eptir handlæknis vísindum; eitt um aukagjald eda procento skatt, er gjalda skyldi af hverri hundrad dala inntekt er var af konúngslèni. Kammerbod kom til Ólafs amtmanns Stephánssonar, at kalla skyldi af verksmída medlimum í Reykjavík þá í stad 6 þúsundir 6 hundrud 68 dali, er þeir væri konúnginum skyldugir um, nema þeir vilji svara fullri rentu til þess lokit er; ei er hèr sagt hverr því olli. Var ok mikit talat um bóndaskattinn, er allir embættamenn áttu at gjalda; þótti prestunum þat mest fyrn, ok stód í því um hríd at þeir skattar voru ei loknir. Jón Eyríksson gaf út bækling Páls Vídalíns, eignadan Gudi, konúnginum ok födurlandinu, á dönsku, ok hafdi þó aukit hann ok umbætt. Skip týndist vid Hrísey med 5 mönnum; ok þá deydi Sigurdr prestr Eyríksson á Skeggjastödum austr, Hallgrímr prestr Jónsson á Rafnseyri, ok enn at nokkurra sögn Árni í Bólstadahlíd, er vèr töldum fyrri dáinn. Dó ok Bjarni Pètrsson hinn ríki at Skardi, er fyrir laungu var sýslumadr nokkra stund, ok var hann gamall mjök; hans synir voru: Eggert á Skardi ok Brynjúlfr í Fagradal, ok Torfi prestr, en dætur: Karítas í Búdardal, er arfleiddi Magnús Ketilsson sýslumann, Þorbjörg, kona Eggerts prests, Ormssonar sýslumanns, Dadasonar, ok Þrúdr, er Bogi Benediktsson átti í Hrappsey, módir Benedikts á Stadarfelli ok systkina hans, ok var þat audmanna kyn.

LVII Kap. Druknun Eggerts.

Eggert Ólafsson Vícelögmadr snerist mjök í hugarfari þann vetr, til andligra hugsana, ok lýsir því sálmr einn eptir hann; en um vorit bjóst hann at flytja sik frá Saudlauksdal til Hofstada í Miklaholtshrepp, med konu sinni ok öllum varnadi, ok setjast þar í bú; hafdi hann útvegat timbr tilhöggvit til stofu, er hann ætladi at reisa þar, ok er mælt, at hann hafi ætlad at fara landveg, en þat vard skyndiliga at skiptist fyrirætlan hans um ferdina, ok rèdi hann af at fara sjóleid yfir Breidafjörd med öllu sínu; þau höfdu 6 menn adra á skipi enn sik, ok rèdi Eggert því, at bord voru lögd yfir skipit til at sitja hátt á. Gissur Pálsson hèt formadr, ok mælti hann at traudt mundi því skipi

ófærr sjór hèr vid land á sumardegi, en þat átti Jón Árnason sýslumadr. Voru helztir á med Eggerti Íngibjörg, kona hans, ok traudt einsaman, ok Ófeigr Vernhardsson, námsmadr. Var ísjáligt vedr nokkut, er þau lögdu frá Skor, ok töldu sumir úr ferdina, þó rèdi Eggert lögmadr þat af at fara, en myrkva dró upp úr Gilsfjardarbotni. Hann settist undir stýri, ok var byr gódr til þess er komit var nær viku undan landi, þá hvessti ok dymmdi í fjördinn; sá hèt Jón Arason, er á ödru skipi var þeim samfara, ok sneri hann þá at landi ok upp undir Skor; en þat sást seinast til Eggerts, at hann sat vid stjórn, en seinast til skipsins, at seglit bar í fjardardymmuna, ok gjördi þá sem mest vedrit, ok æ hvessti til midsaptans, svo at hollenzka fiskiduggn; er lagzt hafdi vid akkeri innfjardar, neyddi til at höggva tog ok hleypa til hafs; rak þau Eggert svo í haf eda steypti, sem minnistædt er ordit, ok hefir aldrei spurzt til þeirra; var Eggert vetri eldri enn fertugr er hann týndist, ok med hönum fjárhlutr hans, virdr til 600 dala, ok mörg vísindi, ok skjaldfengar fornbækr; vard hann mjök harmdaudr vinum sínum ok merkiligum mönnum, ok kvádu þeir eptir hann Sveinn lögmadr ok Gunnar prófastr Pálsson ok margir adrir. Bjarni Pálsson tregadi hann mjök, þó ei felldi þeir at öllu ged saman; var þá Bjarni mjök þrotinn at heilsu. Skúla þótti ok sneidir at hönum; hann hafdi kvedit þetta eittsinn er Eggert fór utan:

Fardu vel af fósturjördu, fardu vel med frægdarordi,
fardu vel þó audt sè skardit, fardu vel í hilmis garda!

Á hinum sömu misserum druknadi einnig Hjálmar Erlendsson lögrèttumadr at Gufunesi, mágr þeirra Pálssona, vid þridja mann, hans synir voru þeir Halldór, Páll ok Erlendr.

LVIII Kap. Mál ok annat.

Í þann tíma hefir Halldór, son Bjarna Halldórssonar, fengit Reynistadar klaustr, því hann baudst til at bæta þar upp aptr fallin kúgildi öll í hallærinu, ok gengu þau Ragnheidr, kona hans, ríkt eptir vid erfíngja frúr þóru. Þá hefir Skúli átt um hríd miklar málasóknir vid höndlunar-fèlagit, ok tapadi nú sókn fyrir sig ok samfèlaga sína, ok

skyldi gjalda 5 þúsundir dala; en höndlunar-fèlagit þat er þá var sendi nú út híngat Arv Gudmundsson strídsrád; hafdi hann ádr verit kaupmadr á Finnmörk, en nú skyldi hann vera kaupmadr í Hólminum, ok taka vid öllum verksmída forrádum af Skúla; gjördist brátt med þeim óvild mikil, sú er sídan varadi lengi; en ekki er gjörla kunnugt hversu Skúli komst í öndverdu í málssókn vid fulltrúa sína, ádr enn þetta fór fram, því málit var rekit fyrir hæsta rètti, ok vissu menn ei heldr gjörla hversu þat gekk; en sídan, er þeir Arv Gudmundsson sátu bádir samtídis hèr, hófust af nýu málssóknir miklar. Kom híngat út spillt mjöl ok óheilnæmt frá höndlunar-fèlaginu, svo at 10 tunnur voru ónyttar, en annat sett nidr at kammers bodi, ok nýtti Skúli þat. þó var önnur sök fyrri: kærdu bændr þat til Arvs, at þeir lidi tafir af hönum ok misreiknínga, því kaupskapr á Finnmörk var allr ödruvís enn hèr, ok kunni hann ei þá medferd er hagkvæmust var; voru þarum haldin mörg þíng; en er dómr skyldi framfara bad Arv um frest til at koma gögnum fyrir sik, ok fèkk hann þat um nokkra daga; sídan bad hann um lengra frest, ok var því neitad, ok hönum dæmt skyldt at mæta þegar ok svara fyrir sik; frá því appelleradi hann, ok stefndi málinu til auka-lögþíngs; þat fór fram ok var þá sýslumanni dæmt skyldt at heyra afbatanir hans, ok gjalda málskostnad nokkurn. þeim dómi skaut sýslumadr til yfirrèttar, ok var þar vefengdr lögmannsdómrinn, en höfudmálit fèll nidr, ok var ei framar at gjört. Mjölit þat hit skemmda var sumt selt med afföllum; sumu kastad í sjó, sumt gefit snaudum mönnum; en því lèt Skúli eigi stínga undir stól er svo vondt mjöl var híngat sendt, ok ákærdi fyrir kammerrètti í Kaupmannahöfn, sem enn mun getid verda. þau misseri andadist greifinn Otto Manderup Rantzow, er verit hafdi Stiptamtmadr Íslands, ok afrekat því margt gott; hafdi hann verit Geheimerád ok riddari, ok jafnan gódr Íslendíngum, ok skipat svo fyrir at stúdentar íslenzkir skyldu bera lík sitt; bar þá svo vid, at Skúli fór utan med mál sín, ok Pètr þorsteinsson ok Brynjúlfr Sigurdarson sýslumenn, fór Brynjúlfr at útvega brèf fyrir Árness sýslu til handa Gudna syni sínum; voru þeir í Kaupmannahöfn er greifinn andadist, ok báru stúdentar líkit, sem hann hafdi fyrirsagt, ok fengu fyrir þat allmikla penínga; en Brynjúlfr sýndi þá þann höfdíngskap, at hann baud öllum þeim er

líkit höfdu borit til kvöldverdar, ok hèldt þeim veizlu virdugliga. Lèt konúngr ok gjöra Rantzow stóran veg, ok slá gullpeníng mikinn til heidrs hönum, med þesshàttar titlum sem gefnir eru þeim einum er sigr mikinn vinna konúngi sínum.

LIX Kap. Smátilburdir.

Nú verdr ei alls getit jafnsnemma, ok verdr því sumt at telja sem fyrri var. Kom út um vorit Jón Jakobsson til Vadlasýslu; hann þótti þar mikill madr ok skörugligr at sjá, sem hann reyndist sídan í framkvæmdum. Hann var nær 9 þumlúngum hins 7da tugar á hæd, breidvaxinn ok limagildr, nokkut hár í sessi, en ekki lángt lærit eda fótrinn, kálfar ok vödvar mjök miklir, rèttvaxinn var hann, ekki fyrirtaks frídr, en sómdi sèr harla vel, nefstór nokkut, gladsvipa en þó svipmikill, augnabragdit skarpt, ef hönum mislíkadi, en tillit mjök hýrt í mjúku skapi, var hann ok optast blídr, hárit dökkt, en sjón skörp til elli-ára; enginn var hann raddmadr, en rædu-rómr mikill ok lidugr; telja mátti hann med gyldum orkumönnum, ok bægdi hönum þó iktsýki í lidum at sýna þat, enda gjördi hann þat ei nema vid störf sín. Þá gjördist Ásgeir, Jónsson prófasts, Pálssonar, prófastr í Stranda sýslu, en Erlendr prestr Jónsson at Hrafnagili í Eyjafirdi, þvíat Hallgrímr prófastr Eldjárnsson fèkk Laufás ok fluttist þángat. Erlendr prófastr var vid lægri kost medalmadr á vöxt, en þó fyrirmannligr at sjá, ok í tali ok róm, manna rádsettastr; enginn var hann afbragdsmadr at gáfum eda mælsku, en rækti vel sýslu sína, ok var sidlátr. Stephán prestr Þorleifsson, Skaptasonar, vard prófastr í Þíngeyarþíngi, lærdr ok allvel at sèr; en þótti nokkud risjóttr vid öl. Sigfús Jónsson í Höfda var þar ásamt í vestri hlutanum, hann var skáldmæltr. Sigurdr Ólafsson var settr fyrir Skaptafells sýslu; hefir hans getid verit, ok var launsonr Ólafs Árnasonar, sýslumanns á Bardaströnd, en Sigurdr Sigurdarson kom til sýslu sinnar í Vestmannaeyum, því at dómr Jóns á Gróustödum um Erlend Ólafsson ok Ólaf, son hans, var ónýttr í lögrèttu, ok skaut hann hönum þá til yfirrèttar á næsta sumri. Voru á þíngi Sigurdr Valdason ok Geirlaug Þorsteinsdóttir úr Skaptafells sýslu dæmd til lífláts um dulsmál, ok skotid þó til konúngs; en Jón

Helgason sýslumadr hafdi dæmt þeim fjögra ára tugthús, en Sigurdi at vinna önnur 4 hjá sèr fyrir sekt, því hann var kvongadr, ok lèt ei verda af tugthúss-vistinni, ok hratt því er Amtmadr baud hönum at halda Geirlaugu, ok prófa málit, ok vildi at engu hlýda hönum. Jón Halldórsson, er ófyrirsynju hafdi stúngit dreng til bana vestr í Rifi, var ok dæmdr daudamadr. Ólafr Gíslason prestr, er fyrr er getid at utan fór, ok var Capellán födur síns sídan, var staddr á þínginu, ok líkadi lítt til Ólafs amtmanns Stephánssonar, annattveggja um medhald vid Magnús Ketilsson sýslumann, er Ólafr átti lítid gott vid, eda adra hluti; veitti hann hönum þar ill ord í fjölmenni hinn 14da dag Júlíí mánadar, ok fèll yfir hann, at því er vottad var, med stórillindum ok heitíngum, kvadst hafa skyldi líf hans á þessu sumri, eda liggja daudr, ok lètst hafa ætlat sèr þat lengi, en nú skyldi fram koma; var vottad at þá hefdi hann flett kápu frá sèr, ok gripit til buxnavasa, sem leitandi verkfæris; var hann tekinn, ok fundust á hönum tveir knífar; urdu lögmenn í vanda hversu med skyldi fara; ætludu sumir hann ódan, en ályktad var at setja hann í vardhald sterkt, ok senda utan med fyrstu skipum er út legdi; ætludu sumir hann mundi þetta gjört hafa til at komast því greidligar af landi, en madrinn ákafliga skapstór sem Jóhann Gottrúp módurbródir hans. Átti sýslumadr í Árness þíngi at láta vaka yfir hönum 2 menn dag ok nótt, þartil hann kæmist utan. Jón skáld, son Þorláks Gudmundarsonar, var þá sveinn Ólafs amtmanns, ok vígdist til Stadarhóls; hann var lítill vexti, sem frændr hans fleiri eda framar, med södulnefi; segir hann svo sjálfur í lýsíngu sinni at hann var 58 þumlúngar at hæd ok 12 fjórdúnga þúngr; hann gjördist hid mesta skáld, ok fèkk Margretar sídan, dóttur Boga Benediktssonar í Hrappsey, ok urdu ei samfarir þeirra lángar, en hann jafnan snaudr. Kerguelen sigldi hèr enn um land, ok var eptir hans lýsíngu sídan afmálun gjör af Frönskum yfir landit. Þá var híngat skipadr stiptamtmadr, Baron Christián Lebrekt von Prökk, er sagt er ádr hafi verit stjórnarmadr yfir löndum konúngs í Vestr-Indíum; ok þá kom út konúngs skuggsjá á íslenzka, danska ok latínska túngu, útgefin undir umsjá Jóns Eyríkssonar, á kostnad Sörens Pen kaupmanns, en at forlagi meistara Hálfdanar Einarssonar ok tilbuin af hönum.

1769. Voru þá hin beztu vedr um haustid til Jóla, ok svo allan vetr þadan

af, ok fiskiár hid bezta sunnan ok vestan land, en kólnadi um vorit fyrir nordan, ok spratt eigi vel.

LX Kap. Frá ýmsu.

Um vorit ok sídan öndudust þessir menn: Halldór prófastr Jónsson á Hólum, er átti Salvöru þórdardóttur fra Stadarstad, med þeim hafdi verit ást mikil fyrst, en kólnat mjök, ok var þeirra dóttir Helga, er Magnús átti, son Gísla biskups; Hálfdan prestr Nikolásson á Hesti sudr, Ketill prestr Einarsson at Lundi. Ari prestr at Tjörn, son þorleifs prófasts Skaptasonar, andadist hinn 25ta dag Maji mánadar af átumeini í vör; hafdi hann verit all-hardgjör madr, borizt ok af karlmannliga; hann var tvíkvæntr, ok átti börn eptir bádar konur; var hin seinni þorkatla, dóttir Sigurdar prests á Bardi, Einarssonar; Ari hèt einn son þeirra, hann ólst upp med Jóni presti í Múla, födurbródur sínum. þessir deydu enn: Gísli prestr Sigurdarson at Lambastödum; Magnús Vídalín í Ögri, son Páls lögmanns; Margrèt Eyríksdóttir í Vigr, kona þórdar Ólafssonar, bródur Jóns Vícelögmanns. Bæabrennur urdu sumstadar; brann bær at Bustarfelli í Vopnafirdi at Marteins bónda Bjarnarsonar; hafdi þó ádr brunnit hjá hönum, ok farizt mest lausafè, en nú brann bærinn allr med öllu fèmætu ok kýr nokkrar, en nokkrum vard bjargat, en menn allir komust af. Brann ok bær at Leirá, med fè öllu, en kyrkjan stód ok tvær skemmur; þar bjó Björn Markússon lögmadr, en Ólafr amtmadr átti jördina, ok tók lögmann í hús; hinn þridji gódr bær brann at Öskholti; fjórdi at Klúku í Bjarnarfirdi ok 5 menn inni, ok vídar urdu smábrennur. Konúngsbrèf nokkur komu út, þau er út voru gefin hid fyrra árit, en nú var eitt gefit út um peníngarentu, ok veitt nokkur lèni: Magnúsi Ólafssyni, bródur Eggerts, Vícelögmannsdæmi eptir hann; Gudna Brynjúlfssyni at vera adstodarmadr födur síns í Árnessþíngi med sýsluvon, ok Jóni, eldra syni Árnórs Jónssonar í Belgsholti, er verit hafdi sýslumadr í Borgarfirdi, at vera adstodarmadr Hans Wíums í Múlaþíngi. þá gjördist prófastr í Nordr-Múla-sýslu Páll prestr Gudmundarson, Pálssonar, Ámundasonar; en Magnús, son Gísla biskups, var settr dómari í Skagafirdi, því Jón Snorrason sýslumadr átti þá í máli; þat var arfsmál,

hafdi sýslumadr tekid arfafè. þess manns er Björn hèt, ok vard ekki greidt um útsvarit, því fè hans sóadist mjök; bjó hann at Hofi á Höfdaströnd, ok var drykkhallr ok hèldt bústýru, en var ei mjök ástúdligt til Gudrúnar Skúladóttur, konu sinnar. Þorkell, son Þorgríms Sigurdarsonar í Mýrasýslu, var settr hönum til adstodar med sýsluvon, en andadist utanlands. Þorsteinn prestr Sveinbjarnarson fèkk Hestsþíng; hafdi verit ádr í Reykjavík, ok var skáld ok vel laginn at fleiru, hann var bródir Egils í Njardvík. Í þann tíma er sagt at þúsund tunnum væri fleigt í sjó af skemmdu korni, ok lèt Skúli landfógeti af at taka saman jardabók sína, ok þá var tekit manntal í landi hèr, ok voru 6 þúsundir hins 5ta tugar ok tvö hundrud. Hallgrímr prófastr Eldjárnsson fèkk þá Grenjadarstad. Mál voru á alþíngi med mörgum mönnum; var dulsmál Páls Bjarnasonar ok Gudrídar Vilhjálmsdóttur úr Ísafirdi, ok þeim dæmt líflát. Dæmt var ok um atgjördir Magnúsar Gíslasonar vid Jón Snorrason í Bjarnarmáli; var þeim hnekkt, því Björn þótti ei hafa gott málefni, en Magnús skaut til yfirrèttar. Ónýttr var enn í yfirrètti dómr Jóns á Gróustödum um Erlend Ólafsson, ok Jón dæmdr óhæfr til dómaraverka; Jón Helgason úr Skaptafells sýslu í 110 dala bætr ok 60 lód silfrs at auki, ok Jústitsfèhirzlu dal, fyrir illa ok þverbrotna medferd vid dulsmálit úr sýslu hans, en hann skaut til yfirrèttar. Þar lýsti Skúli ósanni á skuldalýsíngu Arvs Gudmundssonar til sín frá höndlunarfèlagi; kvadst eiga hjá því lítid. 12 menn týndust ok kona af tveimr skipum á Grímseyjarsundi; hètu formenn Sigurdr, er kalladr var Grímseyjar-formadr, en annarr Jón Bjarnarson. Jón prestr Jónsson var á Mýrum í Álptaveri; födurfadir hans var Jón á Núpstad, módurfadir Einars skólameistara, en módir hans Ragnhildr Sigurdardóttir, Jónssonar prests gamla í þykkvabæ, er málit átti vid Jón biskup Vídalín, Sigmundarsonar. Kona Jóns prests var Helga Steingrímsdóttir nordan frá þverá í Skagafirdi, Jónssonar, Steingrímssonar; þau gátu son á þessu sumri, er sídan vard mikilsháttar, ok Steingrímr hèt. En öndverdliga á ári hafdi Jón Jakobsson, sýslumadr í Eyjafirdi, fengit Sigrídar Stephánsdóttur, ekkju Þórarins, ok keypti sídan Espihól hinn nyrdra af Jórunni Steinsdóttur biskups, ekkju Hannesar Skevíngs ok Stepháns prófasts Einarssonar, en Hannes hafdi fyrri keypt af Magnúsi Bjarnarsyni, fóru þau Sigrídr

at búa þar um vorit, ok var þar þá þríbýli, ok jörd lítt byggilig, en brátt vard hún upphýst vel; áttu þau börn saman, ok var Jón ellztr, ok borinn um haustid.

LXI Kap. Atfarir Skúla.

Í þann tíma voru mál Benedikts prests, sonar Árna í Krókum, er ól upp Geir Vídalín Jónsson; hann hafdi fengit Fells-braud eptir þorvard prest Bárdarson, ok gengit at eiga Vilborgu, dóttur Högna Eyríkssonar ins stóra frá Búlandi, ok dótturdóttur Bjarnar at Bustarfelli; óttadist hann, at hann hefdi ofsnemma gengit í sæng med henni, ok lèt af prestsskap, ok fór at búa í Gröf á Höfdaströnd; fór hann ok utan á þessu sumri, at rádleggíngu eins manns, ok tók med sèr vættisburdi um, at barn sitt hid fyrsta hefdi ei verit fullaldra, er þat var borit; álitu þá læknar at þat mætti í hjónabandi getid vera, ok þó sem tæpast, þvíat fóstrid átti at vera getid 185 daga frá brúdkaupinu, ok þrem dögum eldra, enn líf mætti vera tilkomit; en sídan greiddist mál hans, ok fèkk hann prestskap seinna. En jafnframmi er þat nú at segja frá Skúla landfógeta, at hann kom út um sumarit, ok tók þat fyrir, med því at svo stód í höndlunarfèlags-lögunum, at engar óvirdtar vörur mætti flytjast híngat nema upptækar skyldi, at hann ritadi sýslumönnum öllum, at hvar sem þeir fyndi óvirdtar vörur á höndlunarstödum, skyldu þeir þær upptækar gjöra; gekk hann sjálfr eptir því á hverri höfn í Gullbríngu sýslu, ok í Hólminum var hann fyrirlidi at því, enn lèt Jón Eggertsson sýslumann skrifa sik fyrir atförinni, en á ödrum höfnum Jón landfógeta son sinn eda Gudmund Runólfsson sýslumann. Adrir sýslumenn gjördu ekkert at því, nema Magnús Ketilsson í Stykkishólmi, ok hljópu hinar uppteknu vörur þó at samtöldu ærit mikit. En svo bar til í Hólminum, er atförin var þar gjör, at þar fundust nokkur kvartil af brennivíni frönsku, ok tveir eda þrír hörlèreftspakkar, afsídis lagdir í sæng Arvs Gudmundssonar; lèt Skúli taka þat, en Arv gjördist vid þat óþolinn ok mælti: þèr farit fram eins ok ræníngi; kvadst eiga sjálfr pakkana; þeir væri sendir sèr frá vinum sínum, ok kæmi ei vid höndlun, en brennivínit væri virdt vara, ok mætti því ei upptækt gjörast. Skúli vitnadi ordin, ok sókti sök ok

lèt stefna hönum fyrir yfirrèttinn; var þar álitid, at mikit íllt mætti af standa, ef ekki væri til sveigt, ok dæmt at ordin skyldi hverugum at gjaldi koma, en um upptektar-málit var ei atgjört at sinni. Á þessu hausti fèllu skridur miklar í Hörgárdal, þvíat regn voru mikil, ok hrundu fram fjallahlídar heilar; tók nær af fjóra bæi: Hallfrídarstadi med koti, Uppdali ok Yxnahól; lètst þar kona bóndans er Ásdís hèt, ok tökubörn tvö ok kýr nokkrar ok saudkindr; var þá ok vetr hrídasamr til Jóla.

LX Kap. Frá ýmsu er til bar.

1770. Sá vetr var allr hardr frá nýári, ýmist blotar eda hrídir ok hörkur, gjördi þá jardleysur ok hardindi mikil ok hrundu peníngar manna, ok helzt á Austrlandi; fèllu 600 hross ok 12 hundrud saudfjár í Skaptafells sýslu sydri, ok þykir oss sannligra enn verit hafi þúsundir svo margar, en mikill var fellirinn; gekk þá ok fjársýkin, var hún komin at vestan allt til Vadlasýslu, en ei austr lengra; var hafís fyrir nordan ok lángt nordaustr fram á sumar. Þá brann bær at Ökrum á Mýrum; þar bjó Árni skáld Bödvarsson; Bödvar, fadir hans, var son Páls prests á Stadarstad, Ketilssonar, prófasts í Hvammi, er getid er á dögum sona Odds biskups, Jörundarsonar. Sjúkleikr var í Húsavík, er alþýda kenndi þar draugi þeim er Húsavíkr-Lalli var kalladr, af illum atkvædum Pètrs nokkurs, er verit hafdi hit mesta illmenni. Þessi misseri sleppti Barón Prökk stiptamtmannsdæmi hèr, ok var ordinn amtmadr í Sælandi, en í hans stad var skipadr Lauritz Andreas Thodal, norrænn at ætterni, var hann ádr Jústitsrád ok stiptamtsskrifari, ok skyldi vera hèr 6 eda 7 ár, en ekki kom hann út fyrir þíng; var þá skipt ömtunum, ok fèkk Ólafr Stephánsson nordr- ok austr-amtid, en stiptamtmadr skyldi hafa sunnan ok vestan. Þá var hinn bezti fiskiafli um land allt. Var gefit út í Kaupmannahöfn ágrip af Pontoppidans spurníngum, er Vigfús prestr Jónsson í Miklaholti hafdi samit, en þó var bannat at brúka þat sídar. Einnig komu út 7 orda prèdikanir Herslebs Sjálands biskups, hafdi þær útlagt Pètr Þorsteinsson, sýslumadr. 10 eda 12 hundrada hlutir voru þá í Njardvíkum ok vídar sydra. Jón prestr, son Þorláks Gudmundarsonar frá Selárdal, skáldit,

gat barn vid Jórunni, dóttur Brynjúlfs í Fagradal, Bjarnasonar hins ríka á Skardi; hafdi Brynjúlfr ei viljad gipta hönum hana; misti hann þá prestsskapinn, ok var sídan um hríd med þorgrími sýslumanni Sigurdarsyni í Hjardarholti, ok Bjarna landlækni Pálssyni; lèt þá þorgrímr af sýslu, en Halldór, sonr hans, var settr í hana. Útgefin voru konúngsbrèf, ok komu ei út fyrr enn önnur misseri, en eitt kom út, at afbidja skyldi fjársýkina af prèdikunarstólum.

LXIII Kap. Frá Commissariis.

Á þessu vori var sett Commissión, ok voru nefndarmenn í henni: fyrst yfir-Commissaríus Etatsrád Andreas Holt, hann hafdi verit rádmadr í Christianíu; þarnæst þorkell Fjeldsted Jónsson, prests frá Kvíabekk nordr, þess er fyrr var at Felli, Sigurdarsonar, hafdi hann gengit í skóla í Danmörku, ok verit talsmadr í hæsta-rètti, en nú ordinn lögmadr í Færeyjum; hinn þridji var Thómas Windekilde, af gódum borgaraættum í Kaupmannahöfn, hafdi lengi verit Íslandsfari ok yfirkaupmadr, ok var Cancellíerád at nafnbót. Skrifari þeirra var Eyólfr Jónsoníus, stúdent íslenzkr, bródir Vigfúsar prests í Miklaholti, ok Arngríms prests, er var at Melum í Borgarfirdi; hann var vel at sèr ok æfdr mjök í mælíngarfrædi ok byggíngarkunst; átti hann at gjöra hèr stjörnumeistara athugasemdir. þessir menn skyldu skoda hèr búnad ok landstjórn, ok ráda landinu til heilla, höfdu þeir til útgjördar hverr 4 hundrud dali, en 3 dali á dag til uppheldis; skrifarinn hafdi 300 dali til útgjördar, en 2 til uppheldis um daginn, ok allan fararkostnad höfdu þeir ókeypis. þeir komu út ok rídu á þíng, ok sídan nordr í land allt til Eyjafjardar, ok skodudu allt ástand med hinum helztu yfirmönnum landsins; þeir lögdu undir um fjárskurdinn, lausn kauphöndlunar, jardarrækt ok kálgarda, nýbýla-byggíngar, adskilnad Apótheks frá landlæknis-embætti (en þó at Bjarna þætti þat þá óþarfi, en hönum þótti sem var, at hann hafdi komit Apóthekinu á fót) innfærslu korns ómalads er ei var ádr, ok mölun þess, póstferdir ok vegabætr, er allt kom seinna fram, ok margt þykir af því þarft verit hafa. Hèlt Skúli þeim mjök til fylgis vid sik í því er hann mátti, þvíat þeim Thódal

stiptamtmanni samdi ekki um allt, sídan hann kom út, ok höfdu þeir atsetu í steinhúsinu at Arnarhóli vid Reykjavík. Ekki voru stórmæli á alþíngi, en af var tekinn Jón Halldórsson, er pilltinum vard at bana í Snæfells sýslu, ok fèkkst ei annat; en þat hugdu flestir at óvilji hefdi verit vígit, ok þó af illum vana Jóns at ota knífum; hafdi piltrinn horft í brèf er hann ritadi, en þá stakk hann hann, ok fèllst þegar mikit um, ok var hann ójárnadr med sýslumanni ok gjördi aldrei til brotthlaups. Lágu þá ísar lángt fram á sumar, ok var votsamt, en spratt þó vel gras.

LXIV Kap. Mannalát.

Þá andadist frú Thódals stiptamtmanns, en hann var hèr lengi sídan, ok enginn útlendr jafnstadfastr; var hann rádsettr mjök ok vandvirkr, en þótti seinn til úrlausna; hann var medalmadr vexti ok þrekvaxinn, starfsmadr mikill ok umhyggjumadr um búmannsháttu, ok átti vingott vid Ólaf amtmann Stephánsson. Þessir menn öndudust adrir enn frú hans, þeir er nafngreindir eru: Gudni Brynjúlfsson, sýslumadr med födur sínum í Árness þíngi ok prestar nokkrir. Halldór prestr Hallsson at Breidabólstad í Vestrhópi, var þá nær áttrædu, ok var hann af mótkasti ýmsu ordinn fálátr ok stirdlyndr seinast, en þó málrædinn vid vini sína í kyrd; var hann ok rómlítill, ok gat ei embættad, ok var skipt þángad prestum, en nú andadist hann; hafdi hann alit upp Pètr prest af Tjörn á Vatnsnesi, er kalladr er Bjarnarson, en þat var mál manna, at Halldór prestr væri fadir at hönum, var hann ok gáfumadr gódr ok skáld; annarr prestr deydi: Jón Gudmundarson í Reykjadal; þridji Jón prestr Sigurdarson á Kvíabekk, fadir Þorkels Fjeldsteds, ok Jóns prests, er stad hèldt eptir hann; fjórdi Árni prestr at Saudanesi Skaptason, Jósephssonar; fimti Högni prestr Sigurdarson at Breidabólstad í Fljótshlíd, fadir þeirra Högnasona, merkismadr mikill; sjötti Vigfús prestr Sigfússon at Dvergasteini, sonarson Vigfúsar prests Árnasonar at Hofi; ok enn Sigrídr Sigurdardóttir, Einarssonar biskups, er átt hafdi fyrr Oddr Magnússon, en sídan Stephán prestr á Höskuldsstödum; var hún þá at Hólum med frú Íngibjörgu, systur sinni; ok Elín Hjaltadóttir, módir Bjarnar lögmanns, ok svo nokkrir íslenzkir

menn utanlands; segia ok sumir Illhugi prestr, er verit hafdi, bródir Bjarna Halldórssonar á Þíngeyrum, dæi. Jón prestr Jónsson, Sighvatssonar, gjördist prófastr í Skagafirdi, en Þorkell prestr Ólafsson biskups, Gíslasonar, er framadr var utanlands, ok haldit hafdi Hvalsnes, fèkk Hóla dómkirkju kall, ok hafdi lengi sídan. Jón Eyríksson lá vid at yrdi stiptamtmadr yfir Íslandi, ok hafdi verit bodit at fara í land-commissión þá er skipud var, en fann ei heilsu til eda húshag; þó lagdi hann þat sem hönum þótti vænligt til frumvarps þess er Commissióninni var lagt fyrir, var hann þá medlimr ordinn vísindafèlaga konúngligra, hins norræna ok danska.

Drög til Árbóka,

til undirbúníngs seinni mönnum,

yfir sídasta hlut 18du aldar.

I Kap. Konúngsbrèf ok mannalát.

1771. Vetrinn eptir komu Thódals stiptamtmanns var í medallagi, eda þó hardari, helzt sydra; voru öll vedrlög óstödug, ok hretasamt mjök; fiskiafli var hvervetna gódr. Þá var prentad á Hólum: fædíngar ok upprisu hugvekjur, píslarprèdikanir Vídalíns, stafrofskver, fædíngarsálmar Gunnlaugs prests Snorrasonar, píslar-sálmar Hallgríms prests, ok upprisu-sálmar Steins biskups. Komu þá út konúngsbrèfin, er út voru gefin á hinu fyrra árinu, at taka skyldi af helgra manna messur ok lægri hátídardaga, sem þridja í stórhátídum, þrettánda í Jólum, Jónsmessu, Maríumessu, Mikjalsmessu ok allraheilagra-messu; þat þótti mörgum almúga ok prestum sumum eigi all-lítid kristnispell; en hvort þat var edr eigi, þá olli því þó trúarbrestr þess manns er miklu rèdi, ok var rádizt fyrst í at taka þat af sem eigi mátti berliga grunda á kristinni trú, ok missast mátti; annat leyfdi at giptast í alla lidu er eigi voru bannadir í Mósis lögum; aftekin voru ok opinber skriptamál. Í þann tíma tók konúngr af leyndarrád sitt, eda hid forna rádaneyti, olli því annat er þá var eigi bert ordit. Eitt brèf var gefit út um rentur, at vera skyldu þá 5 dalir af hundradi; annat um Súpplicatíur; þridja um skuldamál; fjórda um frændaríki at eigi mætti setja börn sín eda náúnga í tugthús án dóms, en þat þurfti þó ekki hèr til lands at leida; fimta um stórþjófa, er til lífláts hafa verit dæmdir ádr, at stríkjast skuli ok markast, ok vinna í þrælahúsi sídan, en hengjast ekki; eitt var um barnaskírn; sagt er þá hafi verit tekit fyrst til at skera fyrir fjársýkina. Þá gekk andarteppa á börnum, ok taksótt á þeim er eldri voru fyrir nordan land, ok dó margt, öndudust ok margir hinir heldri menn á þeim misserum. Ólafr amtmadr var á Vatni, ok

flutti þat vor at Svidholti. Björn sá, er átt hafdi í máli vid Jón sýslumann Snorrason, hafdi farit utan ok dáit á leidinni, ok misræddu sumir um, en á þessu vori var Jón sýslumadr á för til vorþínga vestan vatna med veikum burdum, ok vard stórliga meint fyrir nedan Glaumbæ, barst þó all-hardmannliga af, fór hann heim á stadinn, ok dó mjök skjótt eptir; var hann naumstaddr um fjárhag ok annat; Gudrún Skúladóttir, kona hans, var lítt sæl med hönum, hún var handvirdakona mikil, ok var þó lengi sídan í Skagafirdi, ádr hún fór sudr til födur síns; áttu þau Jón Snorrason eigi börn. Annarr andadist Brynjúlfr Sigurdarson at Hjálmholti, sýslumadr í Árness sýslu; var hann audugr madr at jördum ok lausafè, ok hafdi þótt mikils verdt um hann; hafdi Einar, hinn eldri sonr hans, verit lögsagnari, er sídan bjó at Barkarstödum ok átti Jórunni, dóttur Sigurdar landskrifara, bródur Brynjúlfs, er bjó at Hlídarenda eptir Brynjúlf þórdarson; var nú þar settr fyrir sýsluna þorlákr Gudmundarson, er opt er getid, fadir Jóns prests skálds, er prestskapar hafdi mist hid fyrra árit. Guttormr Hjörleifsson, lögsagnari Pèturs þorsteinssonar sýslumanns, var á för, ok hafdi ridit af sèr fylgdarmann sinn, fèll af hestbaki, ok drógst í stigreipi, ok fèkk af því bana; ætludu menn hann mundi hafa hálsbrotnat. þessir dóu adrir: Sigurdr prestr at Bardi í Fljótum, Einarsson; Salvör þórdardóttir, er átt hafdi Halldór prófastr at Hólum; Laurits Barmer, kaupmadr á Akreyri; Einar prestr Jónsson í Kaldadarnesi; hann hafdi fyrri haldit Ás í Fellum, ok verit prófastr í nyrdri Múlasýslu; Jón prestr Pálsson at Stad í Steingrímsfirdi, er verit hafdi prófastr; Jón prestr Jónsson á Gilsbakka, hinn eldri; Gísli prófastr at Melum í Borgarfirdi, Bjarnason, Sigurdarsonar, Árnasonar lögmanns, Oddssonar; þórarinn prestr Jónsson á Skorrastad; Jóhann prestr þórólfsson í Garpsdal; Gudrún Árnadóttir, kona Hans Wíums sýslumanns, Gudrún Gísladóttir, kona Ólafs prests í Gördum á Akranesi, Brynjúlfssonar; Kristín Sigurdardóttir, er Pètr prestr á Raudamel átti, Einarsson, Halldórssonar í Ólafsvík, af Halls ætt; hún var módir Pèturs í Gördum í Stadarsveit.

II Kap. Mál ok annat er til bar.

Þat sumar komu út 13 hreindýr í Vestmannaeyjum at undirlagi Ólafs

amtmanns Stephánssonar, dóu 10 í vesöld um vetrinn eptir, en þrjú lifdu; var ok freistad at leida inn skipalag Sunnmæra, ok reyndist ei mjök haganligt landi hèr. Þá voru andligir gefnir frjálsir frá skatti ok gjaftolli, fyrir því at Finnr biskup sýndi med rökum at lög skyldudu þá eigi þar undir. Jón Eyríksson var þá kalladr frá Sóreyjar háskóla, ok settr í hid norska Kammer, ok fór til Kaupmannahafnar; rèdi því nokkud Greifi J. G. Moltke, ok fylgdi hönum sídan til frama, ok med hönum fluttist hann inní Tollkammerid. Fóru enn franskir menn umhverfis ok mældu hèr landstærd; þóttust finna landit minna enn þartil var haldit, helzt Verdun de la Crenne; Thómas Balle kaupmadr gaf ok út ritlíng um von Íslendínga til konúngs, at bæta þeim harda kosti; en Ólafr Stephánsson amtmadr gaf snaudum mönnum í Skagastrandarhrepp þúsund dala virdi í fasteign af búi sínu eptir sinn dag; því þar var upprunasveit hans; fóru mál fram á þíngi at venju, ok gegndi eigi stórtídindum, en kúgilda-mál var úr Húnavatnsþíngi, er sýslumenn fylgdu; Davíd Skevíng sókti, en Jón Jakobsson vardi, ok var sókn ok vörn mikil, ok fleiri mál voru. Á því þíngi lýsti Ólafr amtmadr ok Sigrídr Magnúsdóttir, frú hans, gjöfinni. Höndlunarfèlagit hafdi ákært atför Skúla landfógeta, ok upptekt vörunnar, ok bedit um Commissaríos til at dæma málit; hafdi þat farit fram ok voru Commissarii sýslumenn í Rángárþíngi: Þorsteinn Magnússon ok Jón Jónsson, mágr hans, en Oddr Stephánsson prests frá Höskuldsstödum, yfirrèttar-nótaríus, sækjandi sakar vegna fèlagsins. Skúli hafdi ok bedit um adra tvo Commissaríos sinnar handar, en þeir áttu leid svo lánga at eigi fengu komit; dæmdu svo hinir tveir, ok dæmdu þat at öllu skyldi aptr skilast því er upp var tekid, eda fullu verdi þess, ok málskostnadur gjaldast. Þeim dómi stefndi Skúli landfógeti til hæsta rèttar, en hann var þar stadfestr ok því vidaukit, at þeir sem upptektina gjördu skyldu gjalda einn fyrir alla ok allir fyrir einn. Var þar Jón Eggertsson sýslumadr verst farinn, því hann var dreginn í þat, ok hugdi at vinna konúnginum hollustu, en hafdi ei sjálfr hit minnsta gagn af haft, en vard þó at svara 300 dölum, þvíat Skúli leyfdi ei at nokkur atför væri gjör á sínu fè, þar sem hann stód í ábyrgd fyrir konúngsins penínga; Jón Eggertson var skyldr frú Sigrídi, er Ólafr amtmadr Stephánsson átti, ok var þetta enn nokkurt efni til at

heldr kólnadi med amtmanni ok Skúla, en svo var amtmadr varfærinn, at eigi lèt hann mjök taka til sín mál Skúla medan hann þóttist mega hjá sitja, ok Skúli var í förum; hafdi svo margt verit med þeim fyrri. Fór nú Skúli utan í málum sínum ok eyrindagjördum, sem hann var vanr. Commissarii fóru ok utan, nema Eyólfr Jónsoníus, hann vard eptir sakir heilsubrests, en sídan fèkk hann árliga uppheldis peninga 80 dali, ok von fyrir Stadarstad eptir Jón prófast Magnússon; svo var mikils metin þjónusta hans um eitt ár; hafa margir embættamenn í naudsynja embættum þókzt fá minni styrk fyrir 20 ár èda 30, ok þótti þat mislagit; enda hefir þat opt verit háttr, at virda meira lítil nýnæmi er hugud eru til bóta, en mikit ok lángsamt gagn unnit, ok hefir þó eigi stjórn í Danmörku ætlad sèr til hag vid slíkt; meira hefir hún gefit af sínu til gagns mönnum enn svo megi vera. Er þat mælt, at Commissarii þessir hafi uppkast gjört politílaga eda hèrads- ok húss-stjórnar, en ekki kom þat fyrir mikit. Þat sumar var verra eptir því sem á leid, ok ill nýtíng, jókust frost ok hrídir því meir sem leid at skamdegi; var ok vetrinn mjök óstödugr, med frostum 1772.
svo miklum er á leid, at menn þóttust ei muna slík um 30 ár undanfarin; urdu úti í frostum ok hardvidrum at samantöldu 23 menn fyrir sunnan land; en fyrir nordan voru hafísar miklir, ok kalt vorit, ok sídan grasmadkr ærinn. Peníngafellir vard ok mikill á Vestrlandi, en fiski-ár var allgott sydra ok vestra.

III Kap. Tídindi frá Danmörku.

Þau tídindi höfdu ordit í Danmörku, ok sannspurdust út híngat, er einna mest hafa ordit á stjórnardögum Christjáns konúngs hins 7da ok fleiri konúnga af Aldinborgar-ætt: hafdi hann hafit þann mann til greifadóms ok rádaneytis med sèr er Jóhann Fridrik Strúensee hèt, en annarr hèt Brandt, er ok vard greifi, en þetta olli því at konúngr afsetti radaneyti sitt hid forna, ok vard þat eigi vinsælt; en nú var Carolína Matthildur drottníng ok dóttir Engla-konúngs, ok greifar þessir bádir, Strúensee ok Envoldt Brandt, tekinn um nótt nær midjum vetri, ok drottníngu fylgt til Krónuborgar kastala í gæzlu, en greifar settir í kastalann Fridrikshöfn ok járnadir, ok nokkrir vinir þeirra, er

grunadir voru um rádagjördir med þeim, ok skildu þau konúngr ok drottníng, en þeir tveir voru teknir af, ok eru um þetta ljósari sagnir í Danmörku, ok þarf hèr ei gjör at telja. Jón Eyríksson kom þá í fornfrædanefnd Árna Magnússonar.

IV Kap. Tilskipanir ýmsar.

Nú var gefit út konúngsbrèf um Jústits-fèhirdslu-reiknínga; annat um legordsbrot; þridja um saudfèd hid sjúka, at skera skyldi á þeim stödum er fjársýkin var lengst komin; var skorit í Rángárþíngi, en óvíst hve til hlýtar var gjört; Erlendr hèt bóndi Sigurdarson, er þar skar allt fè sitt fyrstr af hlýdni vid konúnginn, en margir adrir tregdudust; skorit var ok í Svarfadardal í fjórum kirkjusóknum, en þó gekk sýkin um dalina ok Eyafjörd; var þá eptir Þíngeyar sýsla einsaman, ok Austrland, er hún hafdi ei á komit. Eitt brèf skipadi at peníngarenta skyldi vera sem fyrri var. Þá var ok Vigfúsi Hannessyni Skevíng veitt Skagafjardar sýsla; bjó hann sídan at Vídivöllum, ok var gódlátr höfdíngi, gegn ok stilltr vel ok hamíngjusamr; hann átti Önnu Stephánsdóttur, systur Ólafs amtmanns, var hún væn kona; þeirra börn voru: Lauritz, Gudrún, Ragnheidr, Stephán, Jónas; hann var nú tvævetr. Birni, syni Jóns frá Eyrarlandi, Bjarnarsonar at Bustarfelli, var veitt brèf fyrir apóthekaradæmi ok Instruction, þvíat medalabúdin var tekin frá landlæknis umsjá. Steindóri, syni Finns biskups, var veitt Árness sýsla, ok var hann vel at sèr; hann bjó lengi í Oddgeirshólum ok átti Kristínu Halldórsdóttur prests frá Breidabólstad, Pálssonar, Marteinssonar sýslumanns, Rögnvaldssonar, ok eigi börn; var hann haldinn med hinum vitrustu mönnum, en heyrnarsljór var hann mjök, eigi mikill vexti, líkari módurfrændum. Eitt brèf konúngs var útgefit Ólafi Ólavíusi, bródur Jóns Vícelögmanns, er sídan vard Kammer-Secreteri, at hann mætti reisa prentverk annat í landi hèr, ok hafa til prentunar annara bóka enn andligra; konúngsbrèf kom ok um Rangskattinn. Brynjúlfr Pètrsson gjördist handlæknir fyrir austan, ok var hinn þridji í landi hèr í þann tíma; en konúngr skipadi Eyólf Jónsoníus til himintúngla skodunar eda stjörnufrædi. Deilur voru med Skúla ok Árv Gudmundssyni. Þá gaf Landbústjórnarfèlagit út

ritgjörd Trojels, ok býtti þeim opt sídan launum er stundudu jardeplairkju. En þótt at nokkrum notadist þvílíkt allvel, vard þat allt skammvinnt í landi hèr; kunnu fáir til, en árin misjöfn mjök. Tóbak spratt hèr ok einnig þá reynt var, en var þó ei framfylgt. Þat var enn at konúngr nefndi til Commissión af lærdum mönnum í Kaupmannahöfn, er fram skyldi fylgja eptir mætti útgáfu fornfræda, eptir því sem Árni Magnússon hafdi grundvöll tillagt; þá voru ok med öllu afteknar leysíngar í legords-málum. Verdun de la Crenne var hèr enn vid land, ok kannadi hvervetna nes ok fjördu.

V Kap. Tilburdir.

Þennan tíma deydi Þorlákr Gudmundarson, er fyrst var prestr, en þrisvar í sýslumanns sæti, ok eittsinn settr fyrir Árness sýslu, ok eittsinn hèlt klaustr, en Jón skáld, sonr hans, fèkk prestskap aptr ok Stad í Grunnavík, ok jafnskjótt ól Jórunn Brynjúlfsdóttir barn, ok kenndi hönum af nýu, ok var lokit hans prestskap um sinn, ok var hann sídan ridinn vid prentverkit í Hrappsey, ok fèkk Margrètar, dóttur Boga; bjuggu þau nokkra stund í Galltardal vid þraung mikla. Þá dó Erlendr Ólafsson, sýslumadr í Ísafirdi, eptir svo mikla baráttu, at menn vita varla dæmi til, at einn madr hèr á landi hafi svo opt felldr verit, ok reistr þó aptr vid; var Ólafr, sonr hans, settr þar fyrir sýsluna. Prestar dóu þessir: Nikolás Magnússon í Berufirdi, Árni Högnason at Núpi eystra, Gudmundr Jónsson vestr í Bitru; einnig Hannes Vigfússon at Hofi, Vigfús í Hjörtsey Sigurdarson, Einarssonar, Þorsteinssonar í Þykkvabæ, fadir Gudmundar rádamanns vid tugthúsit, ok Erlendar prests í Neshrepp, ok enn Jón í Ædey, Einarsson, Gunnlaugssonar prests, er verit hafdi lögsagnari Odds Sigurdarsonar, ok kalladr Hrekstada-Jón eda Jón Hrekkr; hafdi hann 2 vetr um nírædan, ok er margt manna frá hönum komit á Vestfjördum; ok enn fleiri menn heldri háttar dóu, þó vèr nefnum þá ei. Oddr Stephánsson vard Nótaríus vid yfirrèttinn, ok var þat ný sýsla; hófst þá yfirrèttrinn algjörliga ok skyldi stiptamtmadr hafa forsetu, ok amtmadr, ef hans væri eigi kostr, en sýslumenn vera meddómsmenn,

ok Nótaríus skrifari; skyldi þessi rèttr dæma yfir lögmannadómum, ok frá hönum skjóta sèr undir hæsta rètt einan; var mjök vid þetta ok margt annat tekinn til at mínka vegr lögmanna frá því sem fyrri hafdi verit, eptir því sem jókst ríki amtmanna; vard þat sídan altídt, um hvern dóm, sem sýslumönnum líkadi ekki, at þeir skutu frá lögmanns dómi til yfirrèttar, ok þó lítils væri verdt. Taksótt gekk ok andarteppa á börnum þau misseri, ok dóu mörg. Þat sumar var grasmadkr mjök mikill ok nýtíng ill. Haust var stórvidrasamt, ok gjördi mikit vestanvedr í Septembri ok aptr í Oktobri nordanvedr med svo miklu brimi, at sagt er bodarnir hafi gengit uppá Drángey á Skagafirdi ok yfir midt Siglunes, en bændr mistu fjölda skipa; voru talin 80 skip, smá ok stór, sem brotnudu frá Hrauni á Skaga ok nordr á Tjörnnes, en fiskihjallar ok veidarfæri var þá ótalit. Þar eptir bar þat til í Nóvembri, at brann barnabadstofan á Hólum, ok einn madr inni, einnig svo kallat klausturhús at Múnkaþverá, þar kom eldr upp í smidju, var húsit alþiljat, 5 stafgólf med lopti á bitum, ok brann þar inni margt fèmætt, er Sveinn lögmadr átti, ok 4 hús brunnu þar önnur. Í hinum sama mánudi gjördi nordanhríd mikla um 6 dægur, svo aldrei stytti upp, fórst bædi fè ok hestar, skip ok veidarfæri, þá enn af nýu; í því vedri tók snjóflód tvo bæi á Látraströnd, heita Midhús ok Steindýr, komst fólk af í Midhúsum, en at Steindyrum voru 9 manns, ok allt háttad ok sofnad í rúmum sínum, ok er 4 dagar voru lidnir kom fólk af næsta bæ til at vitja þángat, ok mátti traudliga fyrir fönn þeirri er nidr var komin, ok bærinn allr grafinn undir snjó; fundust þar 5 manneskjur fullordnar daudar, en tvennt lifdi allsnakit undir snjónum, ok 2 smábörn, annat fjögra vetra, en annat fimm, ok þótti furduverk Guds. Þá tók ok snjóflód Midgerdi í Laufáss-sókn, ok týndist fernt, en tvennt komst af. Fjársýkin nádi eigi lengra austur enn þá var komit, þvíat bodit var at skera hvervetna, ok vard eptir þíngeyarþíng ok Múlaþíng, er Jón Jakobsson, sýslumadr í Eyafirdi, fylgdi fast fram skurdinum, einnig Skaptafellsþíng, þvíat þar stemmdu ár fyrir, enda var skurdinum fylgt fram af sýslumönnum í Rángárþíngi Þorsteini ok Jóni jafnframt. Keyptu menn sèr fènad aptr sídan úr þeim sveitum er fríar urdu.

VI Kap. Frá mörgu, helzt mannalátum.

Eptir nýárit hinn 13da í Jólum andadist Bjarni Halldórsson at þíng- 1773.
eyrum, ok er sagt hann hafi fengit fall af sænginni ádr; hafdi hann verit ellstr ok mikilhæfastr sýslumanna hèr á landi um hríd, ok audugr; hann var yfir sjötugt, ok hafdi legit í kör fyrir þýngsla sakir med elliburdum seinast; líkmenn steyptu kistu hans, er hann var grafinn, svo, at nidr sneri höfdahlutin, ok fengu ei lagat því at hríd var mikil, en legsteinn, er ætladr var ok útfluttr, var aldrei nýttr; gáfu erfíngjar sik meira vid at deila um fèd. Var þar settr fyrir sýsluna Magnús Gíslason biskups, er fyrr var settr fyrir Skagafjörd ok fór vestr, ok þótti Húnvetníngum skipti á ordit, þvíat þeir virdu hann miklu minna, var hann ok óríkari, ok skorti margt annat vid Bjarna. Sá vetr var óstödugr ok frostamikill er á leid, en kalladr medalvetr, ok hardari í Nordrsýslu ok Múlasýslum; var þar ok illa undirbúit at grasvexti, fyrir því gjördi þar fellir mikinn, ok lá vid mannfalli. Lögdust hafísar fyrir Nordrland, ok var kalt fyrst, þó lágu þeir eigi lángt á sumar fram; var fiskafli mjök mikill á Vestfjördum, gódr sydra ok í kríngum Jökul; gjördi grasvedr þegar voradi, ok spratt vel þurrlendi.

REGISTR.

A.

C.

D.

E.

F.

G.

I.

K.

N.

O.

P.

R.

T.

V.

Þ.

Registur tilburda og hluta.

I.

K.

L.

M.

S.

V.

Æ.